


skoðun 18

## SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu

Allt








Jólabæklingurinn fylgir með Fréttablaðinu í dag

TIGER

Villidýr á verði · www.tiger.is

Kringlan / Laugavegur / Smáralind / Akureyri



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

7. desember 2010

287. tölublað 10. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




### Fastagestur í IKEA

*Popparinn Ingó fluttur í sína fyrstu íbúð.*

**fólk** 38

### Óeigingjarnt starf

*Harpa Dís Harðardóttir hlaut hvatningarverðlaun ÖBÍ 2010.*

**tímamót** 22



### Fyrsti leikurinn í kvöld

*Stelpurnar okkar ætla að koma Króötum á óvart á EM í kvöld.*

**sport** 34

### veðrið í dag




**FROST Á FRÓNI** Í dag verður yfirleitt hæglætis veður og bjart en skýjað og stöku él norðan og norðaustan til. Frost 0-12 stig.

VEÐUR 4

# Bandaríkin börðust gegn lokun Varnarmálastofnunar

**Sendiherra Bandaríkjanna þrýsti mjög á utanríkisráðherra um að koma í veg fyrir að Varnarmálastofnun yrði lögð niður. Sagði aðra ráðherra beita utanríkisráðherra þrýstingi og óttaðist „hviklyndan“ Össur.**

**WIKILEAKS** Bandarísk stjórnvöld beittu Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra miklum þrýstingi til að reyna að koma í veg fyrir að Varnarmálastofnun yrði lögð niður. Þetta kemur fram í leyniskjölum sem lekið var til Wikileaks.

„Sú freisting að geta skorið nærri tíu prósent af framlagi á fjárlögum til utanríkisráðuneytisins gæti einfaldlega reynst of mikil til þess að hinn hviklyndi Össur Skarphéðinsson geti staðist hana,“ skrifar Carol van Voorst, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna, í bréfi til stjórnvalda í Washington í febrúar árið 2009.

Hún sagði Össur greinilega finna fyrir þrýstingi frá öðrum ráðherrum í minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna um aðhald í rekstri á vegum utanríkisráðuneytisins. Þar hafi verið vænlegur sá kostur að leggja einfaldlega niður Varnarmálastofnun.

Sendiherrann sagði Bandaríkjamenn ekki sátta við þá hugmynd, þegar Össur spurði hvort það skipti einhverju máli hvort Varnarmálastofnun eða einhver önnur stofnun færi með verkefni hennar.

Hún segist hafa hvatt Össur til að standa í vegi fyrir að dregið yrði úr útgjöldum til varnarmála.

Hún segist jafnframt ætla að fá sendiherra annarra NATO-ríkja með sér í lið án þess að mikið beri á til að beita Össur þrýstingi.

„Hver króna sem Varnarmálastofnun fær til lofthelgiseftirlits fer í kaup á vörum eða þjónustu frá íslenskum seljendum,“ segist hún hafa sagt við Össur.

- gb, bj / sjá síður 4, 6, 12 og 16

### Vildu sópa Kjúklingastræti undir teppið

Fjallað er um harmleikinn í Kjúklingastræti í Kabúl árið 2004 í leyniskjölum bandaríska sendiráðsins. Þar urðu íslenskir friðargæsluliðar fyrir árás sem kostaði tvo vegfarendur lífið.

„Háttsettur embættismaður í utanríkisráðuneytinu sagðist ósáttur við það hvernig tekið hefur verið á atvikinu í Kjúklingastræti, og trúði sendiherranum fyrir því að þeir sem fóru með málið hafi reynt að sópa vandamálinu undir teppið,“ skrifar bandaríski sendiherrann.



**ÆFA FYRIR AÐVENTUNA** Drengjakór Reykjavíkur heldur sína árlegu aðventutónleika í Hallgrímskirkju næstkomandi sunnudag. Á tónleikunum syngja drengirnir sígild aðventu- og jólalög undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar, en æfingar voru í fullum gangi þegar ljósmyndara bar að í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Inspired By Iceland-herferðin:

## Tilnefnd til virtra verðlauna

**FÓLK** Auglýsingaherferðin Inspired By Iceland er tilnefnd til tvennra verðlauna á European Exellence Awards en verðlaunaafhendingin fer fram í Prag á fimmtudaginn. Herferðin þykir meðal fimm bestu á Norðurlöndunum og meðal fimm bestu í krísustjórnun.



ATLI FREYR SVEINSSON

Atli Freyr Sveinsson, framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar, sem var einn af skipuleggjendum herferðarinnar, segir þetta fyrst og fremst vera mikinn heiður, enda er att kappi við stórfyrirtæki. „Í ljósi alls þess sem á undan er gengið þá erum við mjög ánægð og þetta er mikill heiður fyrir okkur,“ segir Atli Freyr Steinsson.

- fgg / sjá síðu 38

Upplýsingafulltrúi ráðuneytis segir strangar heilbrigðiskröfur vera vandamál:

## 200 tonn af kjúklingakjöti flutt inn

**LANDBÚNAÐUR** Bjóða á út 200 tonna innflutningskvóta á kjúklingakjöti.

Birgðir af innlendum kjúklingi hafa minnkað um rúm 85 prósent á árinu. Í lok janúar voru til 370 tonn en um síðustu mánaðamót rúm 50 tonn. Tugir salmonellutilfella hafa komið upp hjá íslenskum kjúklingaframleiðendum á árinu.

Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, segir síendurtekin salmonellusmit alvarleg en telur að staðan væri önnur ef heilbrigðiskröfur hér væru þær sömu og á meginlandi Evrópu. „Mesta vandamálið varðandi birgðir og salmonellu er hversu strangar heilbrigðiskröfur eru. Mér er bent á að ef hér væru gerðar sambærilegar kröfur og erlendis þá væri ekkert vandamál til staðar.“

Hildur Traustadóttir, formaður Félags kjúklingabænda, segir að þrátt fyrir að birgðir hafi minnkað til muna sé ekki skortur á markaðnum. Hugsanlegt sé að óeðlilega mikið hafi verið til í byrjun árs. „Þetta er spurning um hvað sé passlegt og hvort menn vilji eiga kjötfjall eða ekki. En hvað sem því líður þá er það fjall allavega farið.“

Hildur segir eftirlit með salmonellusýkingum ekki jafn strangt erlendis og hér og því líklegra að erlent kjöt sé sýkt en íslenskt. - sv


Egill Árnason™

ÞÝSKAR LOFTAÞILJUR

Verð frá kr. 1.990 m²

VIÐ ERUM FLUTT!

Við tökum vel á móti þér í nýju versluninni okkar að Suðurlandsbraut 20.

Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500

Fáðu vatn í munninn!



Ný smáréttabók eftir Nönnu Rögnvaldardóttur

Ótal hugmyndir fyrir matarboðin, saumaklúbbana og partíin

IÐUNN

22.00

Opið til 10 öll kvöld frá 1. des. til jóla.

byggtogbúið

TIGER

KRINGLUNNI

## SPURNING DAGSINS



*„Óskar, er þetta útrás?“*

„Þetta losar allavega um spennu.“

Óskar Hrafn Þorvaldsson er höfundur spennusögunnar Martröð millanna, sem kom út nú fyrir jólin og fjallar um íslenska útrásarvíkinga. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að þrjátíu erlendir bókaútgefendur bítist um bókina eftir kynningu hennar á bókamessunni í Frankfurt í Þýskalandi á dögunum.

Tvö til þrjú atriði standa enn út af borði í viðræðum við Breta og Hollendinga:

# Vonast eftir tíðindum í þessari viku

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra býst við að það dragi til tíðinda í samningaviðræðum við Breta og Hollendinga vegna Icesave fljótlega og vonandi í þessari viku. Tvö til þrjú atriði standi enn út af í viðræðunum.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, óskaði formlega eftir fundi í utanríkismálanefnd til þess að ræða um þau drög að samkomulagi sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum undanfarna daga.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu harðlega á Alþingi í gær að verið væri að kynna þau drög samtökum í atvinnulífinu og ýmsum hagsmunaaðilum þótt þau hefðu hvorki verið kynnt í utanríkismálanefnd né fjárlaganefnd þingsins.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að formenn stjórnarandstöðuflokkanna hefðu fylgst með gangi viðræðnanna og gætu ef þeir kysu upplýst þingflokka sína í trúnaði. Þegar niðurstaða liggi fyrir verði hún kynnt utanríkismálanefnd og fjárlaganefnd Alþingis. - pg



**ÓLJÓS STAÐA** Stjórnarandstaðan gagnrýnir að drög að samkomulagi um Icesave séu kynnt fjölmörgum hagsmunaaðilum en ekki þingmönnum.

Harmleikur í Árósum:

# Feðgar fundust látnir í íbúð

**ÁRÓSAR** Feðgar fundust látnir í íbúð í fjölbýlishúsi í Sködstrup, úthverfi Árósa í gær.

Lögreglan rannsakar málið og segir það bera þess merki að um fjölskylduharmleik sé að ræða Fréttir herma að faðirinn, sem var 47 ára gamall sé grunaður um að hafa deytt 8 ára son sinn og svipt sig lífi eftir það.

Húsvörður í blokkinni kom að feðgunum en lögregla sagðist í gær ekki geta gefið frekari upplýsingar um málsatvik. - þj

Leituðu skýringar á misræmi:

# Níu mínútur, ekki sjómílur

**VARNARMÁL** „ Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum frá Varnarmálastofnun þá voru þetta ekki níu sjómílur heldur níu mínútur, en það eru 40 sjómílur,“ segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, um misræmi á fullyrðingum um flug rússneskra sprengjuflugvéla við Ísland árið 2007, annars vegar í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu og hins vegar í skýrslu frá sendiráði Bandaríkjanna.

Utanríkisráðuneytið fullyrti að flugvélarnar hefðu ekki farið inn í lofthelgi Íslands, sem er 12 sjómílur, en sendiráðið fullyrti að flugvélarnar hefðu flogið næst í níu sjómílna fjarlægð frá Keflavík, sem er innan lofthelginnar.

Eftir að frá þessu misræmi var skýrt í Fréttablaðinu í gær hóf utanríkisráðuneytið að kanna hvernig á því stæði, og svo virðist sem skýringin sé sú að starfsmanni sendiráðsins hafi þarna orðið á mistök. - gb

# Tollstjóri í stríði við fljúgandi furðuhlut

**Götusalerni á Tryggvagötu mætir mótspyrnu innan úr Tollhúsinu. Það er sagt eins og furðuhlutur af himnum sem sendi óþef inn í mötuneyti starfsmanna. Það sé risavaxinn auglýsingastandur sem skyggi á mósaíklistaverk Tollhússins.**

**SKIPULAGSMÁL** Nýtt götusalerni fyrir almenning sem framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar leigir af AFA JCDecaux og stendur í Tryggvagötu fellur í grýttan jarðveg innandyra í Tollhúsinu.

Snævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fasteigna ríkissjóðs, segir að þegar fréttist af því að koma ætti götusalerninu fyrir hafi hann eftirlátið Snorra Olsen tollstjóra, sem notanda hússins, að gera þær athugasemdir sem hann vildi. Snorri benti meðal annars á að salernið yrði við aðalinngang Tollhússins og ætti að standa á bílastæði fyrir fatlaða. Það myndi skerða útsýni ökumanna og valda slysahættu. Embætti skipulagsstjóra sagði að stæði fyrir fatlaða á þessum stað hefði jafnvel meiri áhrif á útsýni ökumanna en „salernissílóið“ eins og það var kallað.



SNORRI OLSEN

„Síðan hefur ekkert frést af þessari fyrirætlan fyrr en í síðasta mánuði að „stóreflis ÚFÓ af himnum ofan datt,“ svo vísað sé í frægan texta Stuðmanna,“ skrifar Snævar Guðmundsson, sem blandaði sér formlega í málið og sendi skipulagssviði borgarinnar athugasemdir. Snævar segir engan hafa óráð fyrir að salernið yrði á fimmta metra að hæð.

„Í raun er um risavaxinn og upplýstan auglýsingastand að ræða með innbyggðri salernisaðstöðu,“ segir Snævar sem kveður salernið því ekki aðeins vera þjónustu við borgarana heldur einnig mannvirki fyrir atvinnustarfsemi sem þarfnist staðfestingar byggingarfulltrúa.



**GÖTUSALERNIÐ** Fasteignir ríkissjóðs vilja ekki sjá þetta götusalerni við Tryggvagötu. „Stóreflis ÚFÓ af himnum ofan datt,“ segir framkvæmdastjórinn um tilkomu mannvirkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Í raun er um risavaxinn og upplýstan auglýsingastand að ræða með innbyggðri salernisaðstöðu.
>
> SNÆVAR GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FASTEIGNA RÍKISSJÓÐS.

Þá segir Snævar salernið inni á leigulóð Tollhússins og spilli ásýnd þess. „Hætt er við að mósaíklistaverk Gerðar Helgadóttur, á suðurhlið hússins, hverfi í skuggann af neonljósunum,“ segir í athugasemdum Snævars, sem einnig bendir á að starfsmenn Tollhússins geti orðið fyrir óþægindum af staðsetningunni steinsnar frá mötuneyti þeirra.

„Starfsmenn hafa af því miklar áhyggjur að útöndun úr lofttúðum mannvirkisins leggi inn um glugga mötuneytisins og spilli vistinni þar,“ skrifar Snævar sem kveðst eiga von á því að málið fari nú í eðlilegan farveg innan borgarkerfisins. Hann bendir til dæmis á að betra pláss sé fyrir salernisturninn austan Tollhússins.

Erindi Snævars var tekið fyrir hjá skipulagsstjóra fyrir ellefu dögum og sent þaðan til umsagnar hjá framkvæmda- og eignasviði borgarinnar. „Við vonum að þetta muni reynist borgarbúum vel,“ segir Jóhann Christiansen verkefnastjóri þar sem kveður salernið verða tekið í notkun fljótlega. gar@frettabladid.is



**Á LOÐNUSLÓÐ** Loðnuskipin hafa orðið vör við myndarlegar torfur norður af landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Loðnuveiðar komnar í gang:

# Skipin hafa fundið loðnu

**SJÁVARÚTVEGUR Loðnuvertíðin er hafin og eru skip úr íslenska flotanum þegar farin að fiska. Tvö skipa HB Granda, Ingunn AK og Faxi RE, fóru út á miðin í síðustu viku en auk þeirra hefur Börkur NK verið að veiðum.**

**Guðlaugur Jónsson, skipstjóri á Ingunni, sagði í frétt á vef HB Granda í gær að skipin væru stödd á austanverðum Kolbeinseyjarhryggnum, um 70 sjómílur norðvestur af Melrakkasléttu. Áður voru þau í loðnuleit norður af Vestfjörðum. Þokkalegar torfur fundust norður af Kögri en áður en hægt var að kasta á þær lagðist rekís yfir svæðið. - jhh**

Útvarpsmenn í Danmörku:

# Bannað að nefna iPod

**DANMÖRK Stjórnendur þátta í Danska ríkisútvarpinu (DR) mega ekki minnast á iPod-tæki á útsendingartíma.**

**Frá þessu er greint á vef Berlingske Tidende og er vísað í úrskurð útvarpsréttarnefndar þar í landi. Þar var ályktað að stjórnandi útvarpsþáttar á DR hafi gert iPod of hátt undir höfði er hann beindi því til hlustenda að þeir gætu sótt þáttinn á netið og hlustað eftir hentugleik „ef þeir eiga iPod“.**

**Vörn DR fólst í því að iPod væri eins konar samnefnari fyrir Mp3-spilara, en eftir samráð við málfarsnefnd var þeim rökum vísað frá og við það sat. - þj**

12.000 meðlagsgreiðendur:

# Milljarðameðlög í vanskilum

**ALÞINGI** Meðlög í vanskilum nema tæplega 21 milljarði króna.

Ellefu þúsund karlar greiða meðlög og nemur skuld þeirra 20 milljörðum. Rúmlega 500 konur greiða meðlag og skulda tæpar 600 milljónir.

Þetta kemur fram í svari sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar Framsóknarflokki.

Vanskil hafa aukist ár frá ári. Á síðasta ári var meðaltalsskuld hvers karlkyns meðlagsgreiðenda 1,6 milljónir en meðaltalsskuld kvenkyns meðlagsgreiðanda rúmar 900 þúsund krónur. - þþs




Fulltrúar Íran ræddu kjarnorkuáætlun landsins á fundi með fulltrúum sex ríkja:

# Ekki til viðræðu um að hætta

**SVISS, AP** Fulltrúar íranskra stjórnvalda ræddu í gær við fulltrúa sex ríkja um kjarnorkuáætlun landsins. Þetta eru fyrstu viðræðurnar í meira en ár sem írönsk stjórnvöld samþykkja að taka þátt í. Þær halda áfram á næstu dögum.

Fulltrúar Íran hittu samningamenn frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Kína, Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi í Genf í Sviss í gær, ásamt yfirmanni utanríkismála hjá Evrópusambandinu.

Þar ítrekuðu fulltrúar ríkjanna sex þá kröfu að stjórnvöld í Teheran í Íran hættu alfarið við kjarnorkuáætlun sína. Því höfnuðu fulltrúar Íran strax, og sögðust ekki til viðræðu um slíkt.

Stjórnvöld í Teheran fullyrða að þau ætli ekki að koma sér upp kjarnorkuvopnum, heldur ætli þau aðeins að framleiða raforku í kjarnorkuverum sínum.

Fulltrúar íranskra stjórnvalda fullyrtu raunar að tilgangur fundarins væri allt annar en að ræða um kjarnorkumál, en hátt settir embættismenn hafa staðfest að rætt hafi verið fátt annað en kjarnorkumálin á fundinum.

Yfirmaður kjarnorkuáætlunar Írans sagði á sunnudag að vísindamenn í landinu hafi flutt úraníum í kjarnorkuver í fyrsta skipti. Bannað er að flytja úran til landsins, og mikilvægt fyrir stjórnvöld þar að komast hjá þeim viðskiptahindrunum. - bj



**FUNDAÐ** Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans (til vinstri), heimsótti Grikkland sama dag og fulltrúar Írans funduðu um kjarnorkumál í Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vr. 6020 L42M1

## HAIER 42" FULL HD LCD SJÓNVARP

Full HD 1080p

Upplausn 1920x1080, birta 450c d/m2, dynamic skerpa 4000:1. **Tilboð fyrir N1 korthafa: 109.900 kr. á n1.is**

**129.900 KR.**

Vr. 6020 L32M1

## HAIER 32" HD READY LCD SJÓNVARP

HD ready

Upplausn 1366x768, birta 500cd/m2, dynamic skerpa 1200:1.

**79.900 KR.**



N1

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9

# HUGMYNDIR AÐ JÓLAGJÖFUM

ÞÚ FINNUR FJÖLBREYTTAR JÓLAGJAFIR Í VERSLUNUM N1 – OG EKKI BARA HANDA BÍLAÁHUGAMANNINUM. VIÐ BJÓÐUM LÍKA ÝMISS KONAR ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISARVÖRUR, HÁGÆÐA RAFTÆKI OG MARGT MARGT FLEIRA.



Vr. 525 FG5718

## BÓNPAKKI

Í Turtlewax bónpakkanum er Nano sápa, svampur, bón og glerhreinsir.

**3.590 KR.**



Vr. 898 MT800-2VP

## TALSTÖÐVAR

Colbra talstöðvar 2 stk. í pakka með allt að 5 km drægni. rásir og 121 undirrás. Hleðslutæki og hleðslurafhlöður fylgja.

**12.998 KR.**

JÓLA TILBOÐ



Vr. A891 85060677

## DVD SPILARI

DVD spilari: SEG DPP 905-070 með 7" skjá. SD minnis-kortarauf, USB tengi, 12v hleðsla.

**19.900 KR.**



Vr. 1244 201354

## FJARLÆGÐARKÍKIR

Bushnell YP Medalist fjarlægðamælir. Með innbyggðum skjá. Fjarlægð 5 - 731 m.

**49.950 KR.**



Vr. 906 01.32.152

## STRAUMBREYTIR

Carstec spennubreytir með USB tengi. Spenna inn 12V DC eða 24V DC. Spenna út 220V/50Hz.

**7.990 KR.**



Vr. 906 0180120

## HLEÐSLUTÆKI

Carstec 12V hleðslutæki, 2 amp / 6 amp / 12 amp hleðsla, DC 12V 12 amp úttak. 5 mín snögg hleðsla fyrir ræsingu. 3ja þrepa hleðsla.

**10.990 KR.**



Vr. 831 KPS-694-N

## BÍLAHÁTALARAR

Öflugir 6x9" 380w hátalarar

**9.950 KR.**



Vr. 1244 201930

## FJARLÆGÐARKÍKIR

Bushnell YP Tour V2 fjarlægðamælir. Með innbyggðum skjá. Fjarlægð 5 -1100 m.

**58.950 KR.**



Vr. 1224 910095

## PÚLSMÆLIR

Þráðlaust úr sem mælir púls með brjóstbelti

**7.990 KR.**



Vr. 1244 CSO4B

## GOLFSETT KARLA

Golfsett fyirr herra með burðarpoka og 13 kylfum. Driver, 3 tré, 3,4,5,6,7,8,9 járn, wedge, hybrid, sandkylfa og putter.

**39.990 KR.**



Vr. 906 2604

## HÁÞRÝSTIDÆLA

Þrýstingur 100 - 180 bör, 6 lítrar á mínútu, slanga á hjóli, stærð 67 x 35 x 35 cm.

**29.998 KR.**



Vr. 1244 201105

## FJARLÆGÐARKÍKIR

Bushnell PRO 1600 Tournament fjarlægðamælir. Með innbyggðum skjá. Fjarlægð: 5 - 1465 m.

**78.950 KR.**



Vr. 1123 ZF6508

## ENNISLJÓS

LED ennisljós með 8 díóðum 3xAAA

**1.490 KR.**



Vr. 1244 CSO4BLE

## GOLFSETT KVENNA

Golfsett fyrir dömur með burðarpoka og 12 kylfum. Driver, 3 tré, 3,4,5,6,7,8,9 járn, wedge, sandkylfa og putter.

**38.800 KR.**



Vr. 1243 MI16

## REIÐHJÓL 12"-20"

Fótbremsa, handbremsa á framhjóli, bögglaberi, fram- og afturbretti, bjalla. Til í bleiku og bláu.

**FRÁ 13.990 KR.**



Vr. 076 986553IS

## BROIL KING GRILL

Úrval grilla er að finna á n1.is

**FRÁ 39.998 KR.**



NITRO

Vr. 595 PZ3450

## GLERAUGU

ProGrip gleraugu með ljósnæmu gleri sem dökknar í birtu. Eigum einnig fjölbreytt úrval af auka glerjum.

**7.900 KR.**



Vr. 595 F347

## HJÁLMUR

Nítró F347 opnanlegur kjálkahjálmur, með innbyggðum sólgleraugum. Svartur, grár og silfur, bæði mattur og glansandi.

**32.900 KR.**



Vr. 595 36027

## HETTUPEYSA

Monster hettupeysa. Eigum mikið úrval af One fatnaði fyrir bæði kynin, fullt af Monster og Rockstar bolum og peysum.

**14.900 KR.**



Vr. 595 O-X7860

## LAMBHÚSHETTA

3X Windstopper hetta úr efni sem andar og tekur mjög skamman tíma að þorna.

**4.898 KR.**

## GENGIÐ 06.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,32 | 114,86 |
| Sterlingspund | 179,22 | 180,10 |
| Evra | 151,63 | 152,47 |
| Dönsk króna | 20,344 | 20,464 |
| Norsk króna | 18,956 | 19,068 |
| Sænsk króna | 16,618 | 16,716 |
| Japanskt jen | 1,381 | 1,389 |
| SDR | 175,95 | 176,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,1709

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kristinn Hrafnsson segir merkilegt að sjá Bandaríkjastjórn skipa sér við hlið Kína:

# Árásirnar orðnar grímulausar

**WIKILEAKS** Eftir að Wikileaks hóf að birta bandarísku sendiráðsskjölin hafa verið gerðar allmargar árásir á starfsemina, nú síðast var netþjónum í Svíþjóð lokað og bankareikningi í Sviss sömuleiðis.

„Það er merkilegt að sjá þarna framan í grímulaust andlit Bandaríkjastjórnar, að hún skuli skipa sér þarna við hlið ríkja á borð við Kína með þessari massívu árás á fyrirtæki sem er að berjast fyrir opnara samfélagi,“ segir Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks.

„En þetta eru sögulegir tímar og við erum núna að fá mikinn stuðning þegar ljóst er að þetta er orðin grímulaus árás á tjáningarfrelsið.“



**KRISTINN HRAFNSSON** Þrátt fyrir truflanir halda Wikileaks-menn ótrauðir áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristinn segir að þótt þessar árásir trufli óneitanlega starfið, þá hafi tekist að verjast. Nú þegar hafa nærri þúsund skjöl verið birt af alls 250 þúsund, en þau sem eftir eru munu smám saman líta dagsljósið á næstu vikum og mánuðum.

Kristinn segir að hjá Wikileaks setji menn ekkert fyrir sig þótt Fréttablaðið hafi komist í íslensku sendiráðsskjölin áður en til var ætlast.

„Það var alltaf ætlunin að þetta kæmi fyrir almenningssjónir.“ - gb

Kennarar ekki í heildarsamflot:

# Vilja að samið verði til eins árs

**KJARAMÁL Ekki eru forsendur til að gera kjarasamninga til lengri tíma en eins árs, að mati Kennarasambands Íslands.**

**Rætt var um kjaraviðræður á fundi stjórna og samninganefnda kennara á föstudag.**

**Á honum var ákveðið að taka ekki þátt í heildarsamfloti um gerð kjarasamninga. Kennarar eru hins vegar tilbúnir til samvinnu um greiningu forsendna sem kjarasamningar gætu byggst á, að því gefnu að sú vinna verði á ábyrgð og undir verkstjórn ríkissáttasemjara.** - bþs

Margrét Tryggvadóttir á þingi:

# Þakklát fyrir afsökunarbeiðni

**ALÞINGI** Margrét Tryggvadóttir, Hreyfingunni, kvaddi sér hljóðs á Alþingi í gær til að þakka Jóhönnu Sigurðardóttur, formanni Samfylkingarinnar, fyrir afsökunarbeiðni til íslensku þjóðarinnar, sem flokksráð Samfylkingarinnar samþykkti um síðustu helgi.



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**

Margrét sagði að afsökunarbeiðnin markaði tímamót og væri þakkarverð. Hingað til hefði enginn beðið íslensku þjóðina afsökunar á hruninu. Ýmsir hefðu látið nægja að biðja kjósendur sína, hluthafa og aðra aðila afsökunar. „Mér þótti vænt um og ég vil bara koma þessu þakklæti á framfæri,“ sagði Margrét. - pg

Lög um rannsóknarnefndir:

# Rammi um þingrannsóknir

**ALÞINGI Í nýju frumvarpi forseta Alþingis er settur rammi utan um rannsóknarnefndir á vegum þingsins og málsmeðferð fyrir þeim.**

**Gert er ráð fyrir að slíka nefnd skuli skipa ef þingið samþykkir ályktun þar um.**

**Verður skylt að afhenda rannsóknarnefndum þau gögn sem þær kalla eftir en skýrslugjöf fyrir nefndunum er frjáls.**

**Ekki hafa verið til almenn lög um rannsóknarnefndir á vegum Alþingis. Þegar þingið hefur séð ástæðu til að setja slíka nefnd á fót hefur þurft að setja um það sérstök lög.** - bþs

# Óljóst hvaða heimildir ríkið hafði til að leggja Sjóvá til fé

**Ríkisendurskoðun gerir fjölmargar athugasemdir við fjármálastjórn ríkisins í nýrri skýrslu. Landbúnaðarráðuneytið tapaði vel á annað hundrað milljóna króna vegna kaupa á bankabréfum í Kaupþingi árið 2005.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun telur óljóst hvaða lagaheimildir ríkið hafði til að leggja Sjóvá til 11,6 milljarða króna vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins í fyrra. Þetta kemur fram í skýrslu stofnunarinnar um ríkisreikninginn á árinu 2009.

Í skýrslunni er rakinn aðdragandi þess að ríkið kom að endurskipulagningu tryggingafélagsins, og bent á að ríkinu hafi ekki borið nein skylda til að bjarga félaginu frá falli.

Ríkisendurskoðun telur ámælisvert að þessi viðskipti upp á 11,6 milljarða króna hafi ekki verið færð í bókhaldi ríkisins. Vitnað er til þeirrar skýringar Fjársýslu ríkisins að ekki hafi verið talin þörf á því þar sem viðskiptin hafi flust frá ríkinu til Eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands í árslok 2009.

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra til að fá sjónarmið ráðuneytisins vegna þessa máls við vinnslu fréttarinnar í gær.

Ríkisendurskoðun gerir fjölmargar athugasemdir við fjármálastjórn hjá ríkinu á síðasta ári í skýrslu sinni. Þar er til að mynda gerð alvarleg athugasemd við að Landbúnaðarráðuneytið hafi keypt bankabréf hjá Kaupþingi árið 2005 fyrir fé sem með réttu hefði átt að skila til ríkisféhirðis.

Um var að ræða lausafé sem Lánasjóður landbúnaðarins hafði yfir að ráða, samtals 214,2 milljónir króna. Lánasjóðurinn var seldur Landsbankanum árið 2005, en lausaféð var undanskilið og varð því eftir hjá ráðuneytinu.

Í stað þess að skila fénu til ríkisféhirðis keypti ráðuneytið bankabréf hjá Kaupþingi fyrir milljónirnar 214. Við hrun Kaupþings árið 2008 voru bréfin skilgreind sem almennar kröfur. Í dag er talið að 20 til 30 prósent fáist til baka af fénu. Tapið gæti miðað við það verið á bilinu 150 til 172 milljónir króna. Guðni Ágústsson var landbúnaðarráðherra þegar bréfin voru keypt.

Að mati Ríkisendurskoðunar er ástæða til að setja skýrar og samræmdar reglur um eignaumsýslu ríkissjóðs og heimildir einstakra ráðuneyta til að ráðstafa eignum hans, eins og segir í skýrslu stofnunarinnar.

brjann@frettabladid.is

## Sementsverksmiðjan ógreidd í sjö ár



Ríkið hefur ekki enn fengið greitt fyrir Sementsverksmiðjuna hf., sem seld var Íslensku sementi ehf. í október 2003. Söluverðið var 68 milljónir króna, en skuld við ríkissjóð stendur nú í 118 milljónum króna með vöxtum og dráttarvöxtum, að því er fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Stofnunin gagnrýnir hvernig fjármálaráðuneytið hefur haldið á málinu.

Fyrirvarar voru í kaupsamningnum um samþykki ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, og Samkeppniseftirlitsins. Rannsókn ESA tók fimm ár, og átelur Ríkisendurskoðun eftirlitsstofnunina fyrir hversu langan tíma rannsóknin tók.

Eftir að ESA og Samkeppniseftirlitið höfðu samþykkt söluna var reynt að innheimta söluverðið frá kaupanda. Lögmaður Íslensks sements lýsti því hins vegar yfir að þar sem ákvörðun ESA hafi ekki verið birt hefði fyrirvörum sölusamningsins ekki verið aflétt.

Í samningnum var kveðið á um að kaupandinn skyldi leggja fram bankaábyrgð fyrir kaupverðinu sem gilda ætti til greiðsludags. Við undirritun lagði kaupandinn hins vegar fram bankaábyrgð sem gilti einungis í tæpa sex mánuði, án þess að ríkið sem seljandi gerði athugasemd við það.

Fjársýsla ríkisins sendi innheimtubréf til Íslensks sements í maí síðastliðnum. Í skýrslu ríkisendurskoðunar segir að bréfinu hafi ekki verið svarað.

## Fjölmargar athugasemdir í skýrslu Ríkisendurskoðunar

- Margar stofnanir ríkisins urðu ekki við tilmælum ríkisstjórnarinnar um að laun starfsmanna ríkisins yfir 400 þúsundum króna yrðu lækkuð.
- Í fyrra sömdu 43 stofnanir ríkisins af 198 um kaupleigu eða fjármögnunarleigu, til dæmis á bílum, án þess að fá heimild síns ráðuneytis og fjármálaráðuneytisins, sem þeim er skylt að gera.
- Setja þarf samræmdar reglur um hvernig innheimta á skammtímakröfur ríkisins. Í dag er ekki alltaf ljóst hver ber ábyrgð á eftirfylgni og innheimtu ekki alltaf sinnt með eðlilegum hætti.
- Huga þarf að öðrum úrræðum en að áætla virðisaukaskattgreiðslur á einstaklinga og fyrirtæki sem ekki skila skýrslu þar sem það úrræði virkar ekki. Yfir 500 einstaklingar og fyrirtæki hafa ekki skilað skýrslu um virðisaukaskatt í fimm ár í röð eða lengur.


Ókeypis heyrnarmæling
úrvals heyrnartæki
og afbragðs þjónusta!
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR VESTRA**
Það þykknar smám saman upp og hlýnar hægt vestan til á morgun. Á fimmtudag má búast við slyddu eða rigninu á vesturhelmingi landsins en norðan og austan til verður áfram þurrt og fremur kalt í veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 7° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 2° |
| Frankfurt | 0° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 2° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 3° |
| Orlando | 12° |
| Ósló | -9° |
| París | 0° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

SkjárEinn er með allt fyrir fjölskylduna um jólin. Frábær dagskrá, nýjustu myndirnar í SkjáBíó og eitthvað fyrir alla í SkjáHeimi.

Fáðu þér áskrift á skjarinn.is, í síma 800 7000 eða 1414 : **SkjárEinn** 2.890 kr.

# EKKERT VENJULEGT JÓLASJÓNVARP



ENNEMM / SÍA / NM44617

## KJÖRKASSINN



*Á að heimila aukinn innflutning á kjúklingi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 51,4% |
| NEI | 48,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga íslensk stjórnvöld að rannsaka meintar njósnir Kínverja hér á landi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Gunnar Þorsteinsson leitaði til Brynjars Níelssonar vegna ásakana um áreitni:

# Enginn tilgangur með kæru

**SAMFÉLAGSMÁL** „Hann getur auðvitað kært konurnar fyrir rangar sakagiftir, en það hefur engan tilgang,“ segir Brynjar Níelsson lögfræðingur. Gunnar Þorsteinsson leitaði til Brynjars um ráð vegna ásakana um kynferðislega áreitni. „Konurnar eru að lýsa upplifun sinni á löngu liðnum atburðum, sem verða ekki upplýstir með góðu móti í dag.“

Brynjar segir engin góð úrræði séu fyrir Gunnar og hver sem er geti lent í að vera borinn sökum og málið eigi rætur að rekja til deilna innan Krossins.



BRYNJAR NÍELSSON

„Þetta eru líka óljósar ásakanir,“ segir Brynjar. „Sumar, þó sannar gætu verið, eru ekki endilega refsiverðar. Mér finnst ógeðfellt að ásaka mann, sem getur ekki varið sig, 25 árum síðar.“

Brynjar segir framsetningu ásakananna gera frásagnir kvennanna tortryggilegar.

„Ef það er brotið gegn þér þá tekurðu annaðhvort ákvörðun um að láta kyrrt liggja eða kæra. Þær voru nú engin smábörn þegar þetta átti að hafa átt sér stað,“ segir Brynjar. Hann bendir á að þær ásakanir sem Gunnar hefur orðið fyrir, svo sem þukl, káf, faðmlög og kossar teljist vart til alvarlegra kynferðisbrota. „Lýsingar benda ekki til þess að þetta séu mjög alvarleg brot. Það fer vissulega eftir aðstæðum, en almennt séð teljast þetta til vægustu gerðar kynferðisbrota ef þau teljast það á annað borð.“ - sv

Leggur til breytingu á tillögu:

# Kosið verði um ESB viðræður fyrir lok maí

**ALÞINGI Vigdís Hauksdóttir Framsóknarflokki hefur lagt fram breytingatillögu við eigin tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður Íslands og ESB.**

**Vigdís lagði fyrst til að atkvæðagreiðslan færi fram samhliða kosningunni til stjórnlagaþings. Það stangaðist á við lög um þjóðaratkvæðagreiðslur. Að teknu tilliti til þeirra vill Vigdís nú að atkvæðagreiðslan fari fram eigi síðar en 28. maí.** - bþs



**FRÁ FUNDI KRÖFUHAFA** Skilanefnd Glitnis á 250 milljarða króna af handbæru fé. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gamli Glitnir á 250 milljarða:

# Stefna á fyrstu greiðslu eftir ár

**VIÐSKIPTI** Við stefnum að því að geta byrjað að greiða hluta kröfuhafa fyrir lok árs 2011,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

Á kröfuhafafundi skilanefndar og slitastjórnar bankans á fimmtudag kom fram að búið er að taka afstöðu til 95 prósent krafna í bankann.

Glitnir á 250 milljarða króna af handbæru fé. Árni telur að í kringum 200 milljarðar verði greiddir út í fyrsta áfanga til hluta þeirra sem eiga forgangskröfur og almennar kröfur. Þetta jafngildir í kringum átta prósentum af heildarkröfum. - jab

Riffilmanninum sleppt:

# Grunaður um sölu fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í fyrrinótt eftir að hann hafði verið á veitingahúsi vopnaður riffli var látinn laus að loknum yfirheyrslum í fyrrakvöld.**

**Þegar maðurinn var handtekinn reyndist riffillinn hlaðinn auk þess sem hann var með skotfæri á sér. Maðurinn ógnaði þó engum. Hann er einnig grunaður um að hafa ætlað að selja fíkniefni, sem fundust í fórum hans.**

# Segir óábyrgt af Wikileaks að birta gögn um sæstrengi

**Sæstrengir eru á lista bandarískra stjórnvalda yfir þjóðhagslega mikilvægan rekstur utan Bandaríkjanna. Birting listans er varhugaverð að mati Bjarna K. Þorvarðarsonar, forstjóra Hibernia Atlantic. Hann kveðst ekki sjá að það sé til hagsbóta að upplýsingar um legu sæstrengja séu teknar saman og birtar opinberlega.**

**WIKILEAKS** Fjarskiptafélagið Hibernia Atlantic er ekki með sérstakan viðbúnað þrátt fyrir að lendingarstaðir þess fyrir ljósleiðara séu á lista bandarískra stjórnvalda yfir þjóðhagslega mikilvæga staði. Hibernia Atlantic er í eigu íslenska félagsins Hibernia Group, sem aftur er í meirihlutaeigu Columbia Ventures, félags Kenneths Peterson.

Vefsíðan Wikileaks birti listann á sunnudag, en á honum er að finna fjölda fyrirtækja og starfsemi um heim allan sem bandarísk stjórnvöld telja mikilvæg eigin þjóðarhag, en eru staðsett fyrir utan Bandaríkin. Má þar nefna lyfjaverksmiðjur í Evrópu og námur í Afríku þar sem unnin eru efni í rafhlöður. Þá er að finna á listanum yfirlit yfir alla helstu lendingarstaði ljósleiðara sem tengja Bandaríkin við umheiminn.

Birtingin hefur verið gagnrýnd þar sem með henni sé búið að búa til lista yfir möguleg skotmörk fyrir hryðjuverkasamtök sem skaða vilja Bandaríkin.

Bjarni K. Þorvarðarson, forstjóri Hibernia Atlantic, tekur undir með þeim sem gagnrýnt hafa birtinguna. Í gögnum þeim sem birt voru á Wikileaks eru nefndir landtökustaðir sæstrengja Hibernia í Halifax í Kanada og í Southport í Bretlandi. „En þetta breytir svo sem engu fyrir okkur. Allt eru þetta opinberar upplýsingar sem koma fram í þessu skjali og engin leyndarmál,“ segir hann, en kveður þó um leið spurningu vakna um hversu mikið vit sé í að birta á einum stað hvaða sæstrengir það séu sem halda uppi alþjóðaviðskiptum og internetinu.

> Sá sem hefur áhuga getur vissulega fundið þetta allt út en það tæki heillangan tíma. En þarna er það tekið saman sem iðnaðurinn hefur af öryggisástæðum reynt að gera ekki.
>
> BJARNI K. ÞORVARÐARSON FORSTJÓRI HIBERNIA ATLANTIC

„Sá sem hefur áhuga getur vissulega fundið þetta allt út, en það tæki heillangan tíma. En þarna er það tekið saman sem iðnaðurinn hefur af öryggisástæðum reynt að gera ekki,“ segir hann og bætir við að sæstrengir verði illa girtir af. „Þeir liggja þarna og eru öllum aðgengilegir. Það vill enginn að herþotur fljúgi yfir þeim í sífellu til að passa upp á þá og þess vegna er dálítið óábyrgt, verður maður að ætla, að birta allar þessar upplýsingar á einum stað.“

Þó svo að birting þessara upplýsinga breyti engu hvað starfsemi Hibernia varðar þá segir Bjarni að hún veki athygli á því að huga þurfi að því hvernig öryggismálum þessara strengja sem eru hagkerfum heimsins mikilvægir er háttað.

„Fyrir mitt leyti sé ég ekki að neinum sé í hag að svona skjal sé birt opinberlega,“ segir Bjarni, en kveðst um leið hafa fullan skilning á því að bandarísk stjórnvöld taki svona skjal saman. „Þeim er mikið í mun að þessir sæstrengir séu uppi og óhultir.“ olikr@frettabladid.is

## Hibernia Atlantic sæstrengurinn




### Fara ef fjármagnshöft verða viðvarandi

Árið 2007 var Hibernia Atlantic langt komið með undirbúning þess að tengja Ísland með ljósleiðara við ljósleiðara félagsins sem liggur milli Kanada og Bretlands. Þær ráðagerðir voru hins vegar aflagðar þegar íslensk stjórnvöld ákváðu að ráðast í lagningu sæstrengs til Danmerkur.



BJARNI K. ÞORVARÐARSON

Hibernia Atlantic er dótturfélag Hibernia Group sem skráð er á Íslandi. Það félag er að 85 prósentum í eigu Columbia Ventures. Bjarni K. Þorvarðarson, forstjóri Hibernia Atlantic, segir félagið ganga vel, en árlegur vöxtur hafi numið 40 til 50 prósentum síðustu ár. Hann segir að þótt rekstrarumhverfið hér á landi hafi ekki verið til trafala til þessa vakni æ oftar spurningar um staðsetningu móðurfélagsins á Íslandi. „Fjármagnsflutningar eru orðnir miklu erfiðari,“ segir hann og telur óvíst að félaginu yrði valinn staður á Íslandi ef verið væri að stofna það í dag. Þá áréttar hann að ekki standi fyrir dyrum flutningur af landi brott, í það minnsta ekki strax. „En ef það rætist ekki úr með fjármagnsflutninga og erlendum aðilum gert kleift að eiga svona fyrirtæki á Íslandi, þá verður þetta fyrirkomulag ekki til langframa.“




Kári Stefánsson segir Kínverjum að hann ætli að láta kanna grun um njósnir:

# Ekkert bendir til gagnastulds

**WIKILEAKS** „Ég hef bæði haft samband við ríkislögreglustjóra og embætti saksóknara, rætt við menn og leitað ráða. Svo ætla ég að hafa samband við kínverska sendiráðið og láta þá vita að ég hafi ekki ásakað þá um neinar njósnir,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri og stofnandi Íslenskrar erfðagreiningar, ÍE.

Fram kom í gögnum frá bandaríska sendiráðinu hér til bandaríska utanríkisráðuneytisins í Washington sem Wikileaks komst yfir og Fréttablaðið birti um síðustu helgi að Kínverjar séu taldir stunda hér iðnnjósnir, einkum á sviði erfðavísinda og líftækni.

Kári sagði í samtali við Fréttablaðið í gær starfsfólk ÍE hafa leitað að grunsamlegu útflæði á gögnum úr tölvukerfi fyrirtækisins en ekkert fundið. Engin merki um innbrot fundust í gær.

Kári segir að sökum þeirra viðkvæmu upplýsinga sem ÍE búi yfir verði engu að síður að fara fram rannsókn á meintum njósnum. „Ég þarf að láta [kínverska sendiráðið] vita að ég hafi ekkert í höndunum annað en skjöl sem segi að þeir hafi verið að njósna,“ segir hann og áréttar að þótt engin merki um grunsamlegt athæfi hafi fundist þýði það ekki að ekkert hafi átt sér stað. - jab



**ÚR RANNSÓKNARSTOFU ÍE** Þótt engar vísbendingar finnist um meintar njósnir Kínverja er ekki þar með sagt að þær hafi ekki átt sér stað, segir forstjórinn Kári Stefánsson. Fyrirtækið býr yfir mjög viðkvæmum upplýsingum í erfðafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

68 milljónir dregnar út í desember!

www.das.is

Audi




## Stórvinningur 23. desember

# Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

eða

# 14,6 milljónir
á tvöfaldan miða!




## Vinningaveisla í desember

# 3 aðalvinningar á 4 milljónir hver

Þrír aðalvinningar á 4 milljónir króna hver.
Alls dregið um 4.276 vinninga í desember.
Allir vinningar eru skattfrjálsir.

Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Kauptu miða á www.das.is

dregið
9. 16.
23. 30.
desember

HAPPDRÆTTI das

Vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA/SIA.IS/DAS 52512 12/10

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða bók er sagt að þrjátíu erlend forlög bítist nú um að gefa út í Evrópu?*
2. *Frá hvaða landi er suðurameríski pilturinn sem gert er að yfirgefa föður sinn og fara frá Íslandi?*
3. *Hver var bassaleikari hljómsveitarinnar Rifsberja?*

**SVÖR**

*1. Martröð millanna eftir Óskar Hrafn Þorvaldsson. 2. Úrúgvæ. 3. Tómas M. Tómasson.*

Sjómenn segja afnám sjómannaafsláttar aðför að sér og vilja aðgerðir stjórnvalda:

# Sjái til þess að kjörin skerðist ekki

**KJARAMÁL** Það er á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að kjör sjómanna skerðist ekki þó að sjómannaafslátturinn verði afnuminn.Þetta kemur fram í ályktun nýafstaðins þings Sjómannasambands Íslands.

Afnámi afsláttarins er harðlega mótmælt og ákvörðunin sögð aðför að sjómönnum. Er þess krafist að stjórnvöld ræði við útgerðarmenn um fyrirkomulag sjómannaafsláttarins og kostnaðarskiptingu milli ríkis og útgerða. Því er hafnað að sjómönnum sé ætlað að sækja á útgerðina um bætur.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fær að finna til tevatnsins hjá sjómönnum. Er hann sagður lítilsvirða sjómenn ítrekað með því að leita ekki eftir áliti samtaka þeirra þegar fjallað er um málefni sjávarútvegsins, hugmyndum hans um að svipta sjómenn aflaheimildum er alfarið hafnað, skorað er á hann að hætta við að banna dragnótaveiðar og ákvörðun hans um frjálsar rækjuveiðar er mótmælt.



SÆVAR GUNNARSSON

Sjómenn minna stjórnvöld á skýrslu nefndar til að ná meiri sátt um stjórnkerfi fiskveiða. „Ekki verður séð á athöfnum stjórnvalda að mark eigi að taka á ábendingum nefndarinnar. Þvert á móti virðist sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggja sig fram um að hunsa meirihlutaálit nefndarinnar,“ segir í ályktun.

Þá leggur Sjómannasambandið áherslu á að afdráttarlaust ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum verði fært í stjórnarskrá. **- bþs**

Lög um bílakaup verði rýmri:

# Vilja bæta líf hreyfihamlaðra

**ALÞINGI Sex þingmenn Framsóknarflokksins vilja að lögum verði breytt svo fleiri hreyfihamlaðir fái notið styrkja til bílakaupa og -reksturs. Hreyfihamlaðir geta fengið styrk vegna bíls ef þeir eða annar heimilismaður hefur bílpróf.**

**Vilja flutningsmenn að lögin verði rýmkuð svo foreldrar eða ættingjar geti fengið bílastyrk vegna hreyfihamlaðs.**

**Heimilislæknir og félagsmálastjóri veiti staðfestingu á réttmæti styrksins. - bþs**

Flugslys Concorde árið 2000:

# Continental ber ábyrgð á slysinu

**PARÍS** Dómstóll í París hefur úrskurðað að bandaríska flugfélagið Continental Airways beri ábyrgð á því að hin hljóðfráa Concorde-farþegaþota sem fórst í flugtaki frá París árið 2000. Aðskotahlutur á flugbrautinni gerði gat á eldsneytisgeyma Concorde.

Sjóðheitur útblástur úr mótorum þotunnar kveikti í eldsneytinu og hún var með langan eldhala á eftir sér þegar hún fór í loftið.

Vélin hrapaði skömmu síðar þegar hún reyndi að nauðlenda á öðrum flugvelli. Aðskotahluturinn á flugbrautinni reyndist vera úr flugvél frá Continental.

Með Concorde fórust 100 farþegar, níu manna áhöfn og fjórir á jörðu niðri. **- ót**

Vill meiri tíma í samningsumleitanir vegna Icesave:

# Formlegt svar verður ekki sent til ESA í dag

**ALÞINGI** Vegna þess hve samningsumleitanir í Icesave-málinu eru langt á veg komnar munu íslensk stjórnvöld ekki senda Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) formleg andmæli vegna álits stofnunarinnar á Icesave-málinu áður en frestur til þess rennur út á miðnætti í kvöld.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

„Ég held að það sé mikilvægt að gefa samningsumleitunum tækifæri,“ sgði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, á Alþingi í gær.

Hann sagðist hafa verið í sambandi við Per Sanderud, forseta ESA, til þess að greina honum frá því að formlegt svar verði ekki sent til stofnunarinnar í dag. Hins vegar sagðist Árni Páll ætla að setja sig í samband við ESA á morgun til þess að fara yfir stöðu málsins.

Ráðherrann sagði að engin svör yrðu send til ESA nema þau hefðu áður verið kynnt utanríkismálanefnd Alþingis. ESA úrskurðaði að íslensk stjórnvöld hefðu gerst brotleg við EES-samninginn í Icesave-málinu. Í dag rennur út fresturinn til þess að andmæla þeirri niðurstöðu með lögfræðilegum rökstuðningi. **- pg**



**FRÁ ÁRÓSUM** Fjölmargir háskólanemar frá Norðurlöndum sækja sér menntun í Árósum. Kostnaður danska ríkisins vegna norrænna nema vex mörgum í augum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

# Danir hafa áhyggjur af námskostnaði

**Danir eyða tæpum sjö milljörðum íslenskra króna í norræna háskólanema. Um 1.100 íslenskir nemendur eru í Danmörku á móti 36 dönskum á Íslandi.**

**MENNTUN** Danir bera verulega skarðan hlut frá borði í samstarfi Norðurlanda í háskólanámi. Samkvæmt frétt á danska vefnum A4 nemur vergur kostnaður dönsku ríkisins við nám norrænna háskólanema um 6.800 milljónum íslenskra króna.

Menntamálaráðherra Íslands segir sátt ríkja um málefnið á vettvangi Norðurlandaráðs.

Þessi upphæð á við skólaárið 2008 til 2009, en þá voru 5.146 nemendur frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi við nám í Danmörku. Á meðan voru einungis 538 Danir við nám annars staðar á Norðurlöndum.

Kostnaður Dana við þetta samvinnuverkefni nemur alls rúmum átta milljörðum íslenskra króna en 1,2 milljarðar koma til mótvægis frá Norrænu ráðherranefndinni.

Í frétt A4 er rætt við Danann Mogens Jensen sem er formaður menningar- og menntamálanefndar Norðurlandaráðs og segir hann að þótt samnorrænt samstarf í háskólamálum sé mikilvægt verði að skoða málið betur í ljósi þessa.

„Danmörk ver miklum fjármunum til þessa og það er ekki verjandi til langs tíma.“

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og samvinnuráðherra Norðurlanda, segir í samtali við Fréttablaðið að almennt hafi verið mikil ánægja með samstarf norrænna þjóða í háskólamálum og vísindamálum.

„Öll Norðurlöndin hafa undirritað samkomulag um að við séum saman eitt háskólasvæði og norrænt samstarf hefur að undanförnu snúist að mestu um að tryggja það að borgararnir geti farið á milli hindranalaust.“

Katrín segir að þessi mál hafi ekki komið inn á sitt borð og ekkert þessu tengt hafi verið rætt meðal menntamálaráðherranna á nýliðnu Norðurlandaráðsþingi.

Hún segir þó að engum þurfi að dyljast sú staðreynd að Ísland hafi fengið mun meira út úr þessu samstarfi en lagt hafi verið til.

„Þetta mál hefur hvorki verið tekið upp í milliríkjasamskiptum okkar við Dani né á formlegum vettvangi menntamálaráðherra Norðurlandanna. Hins vegar veit ég að menntamálanefnd Norðurlandaráðs hefur verið að fara yfir þessar tölur og skoða málið heildstætt.“

Katrín segir að ekki sé útilokað að málið verði tekið upp næst þegar ráðherrar hittast, en ekkert hafi verið ákveðið eins og er.

**thorgils@frettabladid.is**

**Kostnaður Dana við norrænt háskólasamstarf**

**Danir vekja athygli á misræmi í útgjöldum Dana og hinna Norðurlandaþjóðanna. Upplýsingar hér að neðan gilda um námsárið 2008-2009 og upphæðir eru í íslenskum krónum.**

| | |
|---|---|
| Norrænir háskólanemar í Danmörku | 5.176 |
| **Þar af Íslendingar** | **1.120** |
| Danskir háskólanemar á Norðurlöndum | 538 |
| **Þar af á Íslandi** | **36** |
| Útgjöld danskra stjórnvalda vegna norrænna nema | 8.043 milljónir |
| Mótframlag frá Norrænu ráðherranefndinni | 1.200 milljónir |
| **Mismunur** | **6.843 milljónir** |

Heimild: Ugebrevet A4






Til hamingju UNICEF
173 milljónir kr. söfnuðust á Degi rauða nefsins.
Starfsfólk Vodafone auk fjölmargra sjálfboðaliða sat fyrir svörum í þjónustuveri Vodafone. Við þökkum öllum þeim sem lögðu málefninu lið og UNICEF innilega fyrir samstarfið.
Takk, takk og miklu meira takk.
power to you
vodafone.is



**SVALANDI SUNDSPRETTUR** Menn hafast misjafnt að í kuldanum í Hvíta-Rússlandi. Á meðan sumir dorguðu í makindum á ísilögðu Chizhovskoe-vatni í Minsk brugðu aðrir á það ráð að fá sér stutta dýfu í vökinni. Ekki fylgir sögunni hvort aflabrögð hafi glæðst við uppátækið. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalskir sjómenn fundu lík tveggja loftbelgsflugmanna sem fórust í september:

# Óvíst um áhrif á loftbelgsflug

**ÍTALÍA, AP** Leifarnar af loftbelg sem hrapaði í Adríahafið í september komu upp með veiðarfærum ítalskra sjómanna út af ströndum Ítalíu í gær. Í körfunni voru lík manns og konu sem flugu loftbelgnum.

Fólkið tók þátt í langflugskeppni loftbelgjaáhugafólks sem lagði af stað frá Bretlandi 25. september. Loftbelgur þeirra hvarf af ratsjá fjórum dögum seinna. Að sögn Dons Cameron, eins af skipuleggjendum keppninnar, er alls óvíst hvaða áhrif banaslysið mun hafa á keppni í loftbelgsflugi. Hann sagðist reikna með að málið verði tekið upp á næstunni. „Það er gott að það er loksins búið að finna þau. Það hjálpar fjölskyldum þeirra að komast yfir þetta áfall,“ sagði David Melton, áhugamaður um loftbelgi og vinur fólksins.



**FUNDUST LÁTIN** Carol Rymer Davis og Richard Abruzzo lögðu af stað frá Bretlandi en fórust fjórum dögum síðar þegar loftbelgur þeirra hrapaði í Adríahaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Loftbelgurinn verður rannsakaður og lík fólksins krufin til að freista þess að komast að því hvað olli því að loftbelgurinn hrapaði í sjóinn. Talið er víst að fólkið hafi verið með flotgalla og annan útbúnað til að lifa af nauðlendingu á vatni, en því virðist ekki hafa gefist ráðrúm til að nota búnaðinn. **- bj**

Vilja vara við búfénaði:

# 32 sinnum keyrt á búfénað

**SÚÐAVÍK Landbúnaðarnefnd Súðavíkurhrepps hefur lagt til að athugað verði hjá Vegagerðinni hvort ekki sé mögulegt að koma fyrir viðeigandi merkingum þar sem varað er við búfé á vegum. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.**

**Greint var frá því á síðasta fundi nefndarinnar að samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni eru 32 skráð atvik þar sem ekið hefur verið á búfé í Súðavíkurhreppi á árinu 2010. Í nóvember eru skráð þrjú tilvik.**






**NÝJA GÖTUMYNDIN** Svona mun húsaröðin í Kirkjustræti líta út á endanum samkvæmt hönnun Batterísins. TÖLVUMYND/BATTERÍIÐ ARKITEKTAR



**FYRIR NÝJUSTU BREYTINGAR** Áður en Skúlahús var flutt frá Vonarstræti leit horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu svona út. MYND/BATTERÍIÐ ARKITEKTAR

# Ný götumynd birtist senn í Kirkjustræti

**Svokallað Skúlahús sem áður stóð við Vonarstræti 12 er nú komið á nýjan stað í Kirkjustræti og verður hluti heillegrar götumyndar. Næstar á dagskrá eru endurbætur á Skjaldbreið. Tengibygging milli húsanna tveggja bíður um sinn.**

**SKIPULAGSMÁL** Nú þegar Skúlahús er farið úr Vonarstræti og komið á nýjan grunn á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu er fátt sem bendir til að götumyndin þar verði fyllt út frekar á næstunni.

Batteríið arkitektar hefur hannað nýju götumyndina eins og henni er ætlað að líta út frá Kirkjustræti. Sigurbjartur Loftsson hjá Batteríinu segir að miklu af hönnuninni hafi verið lokið fyrir hrun. Síðan þá hefðu forsendur breyst og gera þurfti ýmsar breytingar. Áætlanir hefðu sömuleiðis breyst vegna þess hversu mikið af fornleifum hefði komið á ljós á reitnum.

Sigurbjartur segir að Skúlahús verði tekið aftur í notkun af Alþingi eftir flutninginn en að endurbætur þess bíði. Þá sé alveg óljóst hvenær hægt verði að reisa millibygginguna frá Skúlahúsi að Skjaldbreið sem stendur þar austan við.

„Næsti áfangi verður sennilega Skjaldbreið. Það hús liggur undir mjög miklum skemmdum. Það þarf nánast að skræla húsið niður og byggja það upp aftur. Það er skakkt og það þarf að rétta það við. Þetta hefur staðið til frá 1996,“ útskýrir Sigurbjartur Loftsson. **gar@frettabladid.is**



**ÞRIGGJA KRANA TAK** Aðalbyggingin á Vonarstræti 12 reyndist 50 prósentum þyngri en reiknað var með og því þurfti að bæta við þriðja krananum til að ráða við viðbótartonnin fjórutíu. MYND/BATTERÍIÐ ARKITEKTAR



**ALÞINGISREITURINN** Hérna sést hvernig ætlunin er að skipa málum á Alþingisreitnum í framtíðinni. MYND/BATTERÍIÐ ARKITEKTAR







Alþjóðasamningur gegn þvinguðum mannshvörfum tekur gildi á Þorláksmessu:

# Margir eru enn látnir hverfa

**MANNRÉTTINDI** „Þvinguð mannshvörf eru eitt það skelfilegasta sem getur komið fyrir fjölskyldur,“ segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International.

Tuttugu ríki hafa fullgilt samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna gegn þvinguðum mannshvörfum og öðlast hann formlegt lagagildi á Þorláksmessu. Allsherjarþingið samþykkti samninginn 20. desember fyrir fjórum árum. Stjórnvöld hér undirrituðu samninginn 1. október fyrir tveimur árum en hafa ekki fullgilt hann.

Markmið samningsins er að koma í veg fyrir þvinguð mannshvörf, svipta hulunni af mannshvörfum og refsa þeim sem bera ábyrgð á þeim. Þá gerir samþykktin fórnarlömbum og fjölskyldum þeirra kleift að sækja skaðabætur.



**JÓHANNA** Amnesty International tók að berjast gegn þvinguðum mannshvörfum á tímum herforingjastjórna í Mið- og Suður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhanna segir samtökin hafa barist fyrir þessu allt frá því að herforingjastjórnir í Mið- og Suður-Ameríku námu fólk af götum úti fyrir meira en aldarfjórðungi. „Þetta sýnir að starf okkar er langhlaup,“ segir hún og rifjar upp að mannshvörf séu enn þvinguð, margir hverfi í stríðinu svokallaða gegn hryðjuverkum. **- jab**


Svefn & heilsa
Sofðu vel um jólin
IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Sæng
Sængurvera-
sett
Heilsukoddi
Allt fyrir
góðan svefn
og
betri heilsu
Gerið gæða- og
verðsamanburð
20% afsláttur
Vinsælasta jólagjöfin,
IQ-Care heilsukoddar.
3 stærðir.
IQ-Care heilsudýnur. Gerð úr svæðisskiptu þrýstijöfnunar-efni frá Belgíu. Fæst í öllum stærðum og tveim stífleikum.
Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.
Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)
BOAS leður hægindastóll.
Nokkrir litir
79.900 kr.
BOAS rafmagns lyftu stólar.
129.900 kr.
S-cape Wallhugger stillanlegt rúm. Eitt vinsælasta stillanlega rúmið. Fæst í nokkrum stærðum
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu
649.000 kr.
Saga heilsudýna. Gerð úr svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr.
Þór heilsudýna. Gerð úr tvöföldu svæðisskiptu pokagorma-kerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr.
Proflex stillanlegt rúm. Gott stillanlegt rúm á frábæru verði. Fæst í nokkrum stærðum.
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 349.900 kr.
20% afsláttur
Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali.
Frá 8.900 kr.
Nokkrar stærðir
BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta
Frá 169.900 kr.
Svefnsófi frá 169.900 kr.
Íslenskir svefnsófar. Heilsudýna með þrýstijöfnunarefni. Fæst í mörgum litum. Framleitt eftir pöntunum.
Svefnflötur 140x200 cm. 264.900 kr.
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is



**MÆÐGIN** Móðirin „Bety“ sinnir afkvæmi sínu í dýragarðinum í Bueonos Aires í Argentínu. Bengal-tígurinn er í mikilli útrýmingarhættu en aðeins munu um 210 dýr vera lífs. MYND / AFP

Fulltrúar Mæðrastyrksnefndar og Jólaaðstoðar 2010 tóku á móti góðri gjöf frá föngum á Litla-Hrauni:

# Fangar bökuðu 36 þúsund smákökur

**SAMFÉLAGSMÁL** Fangar á Litla-Hrauni afhentu fulltrúum Mæðrastyrksnefndar og Jólaaðstoðar 36 þúsund smákökur í gær. Nokkrir fangar tóku sig saman og ákváðu á dögunum að baka smákökur og gefa þær til góðgerðarmála fyrir jólin. Nokkur fyrirtæki gáfu allt hráefni til bakstursins og segir Eyrún Guðmundsdóttir, umsjónarmaður eldhússins á Litla-Hrauni, eldamennskuna hafa gengið vonum framar.

„Þetta eru snillingar. Þeir voru bara eins og maskínur þegar verkefnið var farið af stað,“ segir Eyrún. „Það var unnið stanslaust í um það bil viku og eftir það var varla hægt að þverfóta yfir kökum.“

Jónas Árni Lúðvíksson er í forsvari fyrir bakarana og átti upprunalegu hugmyndina að framtakinu. Jónas segir ástandið í samfélaginu hafa ýtt undir framtakið og það sé kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða.

David Crunkleton frá Florida vann sem bakari á unglingsárunum og var því kærkomin viðbót í hópinn.

„Ég held að fangelsiskerfið hér á Íslandi sé einstakt,“ segir Crunkleton. „Það gerir föngum kleift að taka þátt í verkefnum sem þessum og þau veita okkur tækifæri til að nýta tímann á uppbyggilegan hátt með því að gefa til samfé lagsins.“ - sv



**KÖKURNAR AFHENTAR** Fulltrúar Mæðrastyrksnefndar og Jólaaðstoðar 2010 tóku við smákökukössunum á Litla-Hrauni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

Síðastliðin ár hafa hamborgarhryggir og hangikjöt frá Norðlenska skarað framúr í bragðkönnunum DV. Ár eftir ár hafa neytendur sett traust sitt á Norðlenska þegar kemur að jólamatnum. Fyrir það erum við þakklát og ætlum að halda áfram að uppfylla kröfur um indæla jólasteik.

BRAGÐKÖNNUN MATGÆÐINGA DV

2009 – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
2008 – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
2008 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
2007 – KEA-hangikjöt í 1. sæti
2006 – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
2004 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
2002 – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
2002 – KEA-hangikjöt í 1. sæti

NORÐLENSKA

KEA GOÐI Fjalla HANGIKJÖT






TILBOÐ MÁNAÐARINS
PANODIL HOT
926 KR.
TILBOÐ GILDIR ÚT DESEMBER

Apótekið
–einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.

vísir.is




**INGIBJÖRG Í KABÚL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, á tali við íslenska friðargæsluliða á flugvellinum í Kabúl í mars 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN

# Ágreiningur um hernaðaryfirbragð

**Sendiherra Bandaríkjanna reyndi að bregðast við tregðu íslenskra stjórnvalda til að láta friðargæsluliða bera vopn. Íslenskur embættismaður trúði sendiherra fyrir því að reynt hefði verið að sópa Kjúklingastrætismálinu undir teppið.**

**WIKILEAKS** Nokkurrar togstreitu gætti milli bandaríska sendiráðsins hér á landi og íslenskra stjórnvalda um þátttöku Íslendinga í friðargæslustörfum í Afganistan á árunum 2006 til 2008, samkvæmt frásögnum sendiherrans í skeytum til stjórnvalda í Washington.

Íslendingar vildu draga úr hernaðaryfirbragði starfseminnar, en Bandaríkjamönnum þótti það glapræði.

„Sendiráðið telur að „mýkri“ stefna íslensku stjórnarinnar í máli friðargæslunnar séu skynsamleg viðbrögð við áhyggjum almennings, en því fylgir sú áhætta að boðið sé upp á óraunhæf loforð um að friðargæslu sé hægt að gera örugga frekar en bara öruggari,“ skrifar Carol van Voorst, þáverandi sendiherra, í skýrslu frá í nóvember 2006.

Hún segir að umfjöllun íslenskra fjölmiðla hafi átt þátt í að draga upp þá mynd af íslenskum friðargæsluliðum, að þar væru á ferðinni „ofvaxnir unglingar í hermannaleik, og spyrja sumir hvort íslenskur her hafi verið stofnaður án vitundar almennings“.

Í kaldhæðnislegri millifyrirsögn lýsir sendiherrann afstöðu Íslendinga eins og hún kemur henni fyrir sjónir: „Engar byssur, takk – við erum Íslendingar.“

Haft er eftir starfsmönnum utanríkisráðuneytisins að þeir telji almenning á Íslandi ekki undir það búna að íslenskur friðargæsluliði láti lífið, „sem myndi vekja spurningar um tilgang þessa starfs og hvort við ættum að vera að standa í þessu“, eins og einn orðar það.

Minnst er á harmleikinn í Kjúklingastræti í Kabúl árið 2004, þegar nokkrir íslenskir friðargæsluliðar urðu fyrir árás sem kostaði tvö mannslíf.

„Háttsettur embættismaður í utanríkisráðuneytinu sagðist ósáttur við það hvernig tekið hefur verið á atvikinu í Kjúklingastræti, og trúði sendiherranum fyrir því að þeir sem fóru með málið hafi reynt að sópa vandamálinu undir teppið,“ skrifar van Voorst.

Árið 2007 ræðir hún þessi mál aftur við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sem þá var orðin utanríkisráðherra, og Geir Haarde forsætisráðherra. Hún segir þau hafa haft nokkurn áherslumun í utanríkismálum, en Ingibjörg hafi hlustað á rök fyrir því að Íslendingar taki áfram þátt í uppbyggingarstarfi í Afganistan, „þótt augljós varfærni hennar gagnvart öllum tengslum Íslendinga við hernaðarstörf þýði að við þurfum enn að vinna að því að sannfæra hana um að framlengja þátttökuna áður en vetur skellur á“.

Eftir að kreppan skall á haustið 2008 skýrði Ingibjörg síðan frá því að friðargæsluliðar myndu einungis í undantekningartilvikum bera vopn.

Sendiherrann telur þetta misráðið og segir þessa breytni stefnu sýna að menn átti sig ekki á því að „þetta dregur verulega úr gildi stuðnings Íslands við fjölþjóðalið NATO í Afganistan“.

gudsteinn@frettabladid.is




# Kæri þingmaður
## Höfnum dýrkeyptum niðurskurði!

Forfeður okkar byggðu upp velferðarkerfið í gegnum súrt og sætt, bágindi og kröpp kjör. Það er undir þér komið að tryggja að fjárlagafrumvarpið höggvi ekki að rótum þess kerfis.

**Verjum velferðina!**

BSRB

BSRB | Grettisgötu 89 | 105 Reykjavík | Sími 525 8300 | www.bsrb.is | bsrb@bsrb.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FISKUR FERSKUR OG FROSINN




898 KR.kg

NF FROSNIR **ÞORSKBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR




998 KR.kg

NÝ FERSK **LÍNUÝSA** ROÐ OG BEINLAUS



698 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FROSIN **ÝSUFLÖK** M.ROÐI OG BEINI



698 KR.kg

KS **FROSINN** SALTFISKUR ÞORSKUR / STYRTLUSTYKKI



579 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* **FRYSTAR** STEIKTAR FISKBOLLUR



698 KR.kg

*FISKBÚÐIN OKKAR:* **FERSKAR** STEIKTAR FISKBOLLUR




698 KR.800g

*BÓNUS* ÝSUBITAR Í RASPI 800g

## LÆGRA VÖRUVERÐ Í TUTTUGU OG EITT ÁR



298 KR. 250g

ÍSLENSK HAMSATÓLG FRÁ ÓLAFSVÖLLUM 250g




498 KR. 540g

KÚTTER JÓLASÍLD 540g



198 KR. 900g

BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500g




**Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus**

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.




298 KR. 800g

ORA FISKIBOLLUR HEILDÓS 800g




298 KR. 900g

BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR 900g




OS JÓLASMJÖR **215 KR.** 500g

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA BÓNUS**

Skráðu þig á póstlista Bónus á heimasíðunni *www.bonus.is* og fáðu nýjustu Bónustilboðin send til þín í tölvupósti

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gillette®




Gillette Fusion Power rakvél
**200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***




Gillette fusion rakblöð
4 stk **200 kr. lækkun**
***Nú 1598 kr.***




Gillette fusion power rakblöð
4 stk **200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***




Gillette Fusion rakgel
200 ml **100 kr. verðlækkun**
***Nú 598 kr.***




Gillette MACH3 rakblöð
4 stk **300 kr. verðlækkun**
***Nú 998 kr.***




Gillette Venus Breeze rakvél
**200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***

## Gillette®

*Takmarkað magn af Gillette rakvörum á lækkuðu verði í Bónus.*
***Nú 200-300 kr. lægra verð!***




Gillette Venus Breeze
rakblöð 4.stk.
**200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***

## ÞAÐ KOSTAR MINNA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA




## HANDY SMOKKAR

18 STK. Í PK./ ÞRJÁR GERÐIR

**498** KR.PK/28 KR.STK

ATHUGIÐ: VERJURNAR ERU SELDAR VIÐ AFGREIÐSLUKASSA













**WIKILEAKS:** Hverju breytir lekinn?




**SENDIRÁÐ BANDARÍKJANNA** Skýrslur sendiráðsins til stjórnvalda í Washington hafa verið á öruggu neti Bandaríkjahers undanfarin ár, en á því er nú orðin breyting.

# Samræður við sendiráð verða sjálfsagt erfiðari

**Starfsemi bandaríska sendiráðsins hér á landi er sambærileg við starfsemi annarra sendiráða um heim allan, þar á meðal íslenskra sendiráða erlendis. Internet og alþjóðavæðing hefur samt dregið úr mikilvægi upplýsinga frá sendiráðum.**

„Kannski leiðir þetta til þess að bandarískum sendiráðsstarfsmönnum mun reynast ögn erfiðara að ræða við embættismenn og ráðamenn hér,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur um áhrifin, sem leki sendiráðsgagna á Wikileaks getur haft hér á landi.

„Samt eiga þau sem tala við bandaríska sendiherrann hér á landi að gera sér grein fyrir því að þetta er allt fært til bókar og verður meira og minna opið eftir tuttugu til þrjátíu ár. Munurinn felst í tímasetningunni og menn vilja geta treyst því að það sem heitir trúnaðarsamtal sé trúnaðarsamtal.“

Guðni segir starfsemi sendiráða reyndar hafa breyst mikið síðustu áratugi.

„Áður var þessi upplýsingaöflun miklu viðameiri, því oft var sendiráðið eina heimildin sem stjórnvöld í Washington höfðu um það sem var að gerast hér á landi. En með interneti og alþjóðavæðingu hefur það breyst mikið. Eftir stendur þó að diplómatar eru oft í þeirri aðstöðu að geta fengið viðtöl við ráðamenn og álitsgjafa. Þeirra hlutverk er að veita ráðamönnum og embættismönnum í heimalandinu upplýsingar og ráðgjöf. Þeir gera það kannski misvel og hafa mismikil tök á því að komast að kjarna málsins.“

Bandaríska sendiráðið hefur yfir mun meiri mannafla, fjárráðum og tækjabúnaði að ráða en til dæmis íslensku sendiráðin erlendis.



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Allt er fært til bókar og verður hvort eð er aðgengilegt eftir fáa áratugi.

## Póstar sambærilegir skýrslum

Bandarísku sendiráðspóstarnir eru engu að síður sambærilegir við skýrslur sendiherra Íslands erlendis eða annarra starfsmanna sendiráðanna, sem sendar eru heim til utanríkisráðuneytisins, eins og sjá mátti þegar nokkrar slíkar skýrslur voru birtar á vef íslenska utanríkisráðuneytisins í síðasta mánuði meðal annarra gagna varðandi stuðning Íslands við Íraksstríðið 2002-2003. Þar á meðal er bréf frá Helga Ágústssyni sendiherra dagsett 14. apríl, 2003, þar sem Helgi skýrir frá kvöldverðarborði hjá Donald Rumsfeld:

„Sendiherrahjón voru sl. laugardag meðal kvöldverðargesta Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra og eiginkonu hans á heimili þeirra hjóna á Kalorama Road. Boðið var haldið fyrir fulltrúa þeirra ríkja sem eru á stuðningslista Bandaríkjanna vegna stríðsins við Írak.“

Í bréfinu segir Helgi að þau hjónin hafi átt góð samtöl við ráðherrahjónin og aðra matargesti, þar á meðal Dick Cheney varaforseta og Richard B. Myers, yfirmann herráðs Bandaríkjanna.

„Varnarmálaráðherrann þakkaði Íslendingum hlýlega veittan stuðning,“ segir Helgi í bréfi sínu heim til íslenska utanríkisráðuneytisins, en að öðru leyti er lítt fjallað um efni samræðna kvöldsins.

## Öryggið fyrir bí

Bandarísku sendiráðsskýrslurnar, sem Wikileaks kom höndum yfir, voru aðgengilegar á öryggisneti Bandaríkjahers, SIPRNet, sem haldið er aðgreindu frá almenna internetinu.

Bandaríska varnarmálaráðuneytið í Washington sér um rekstur þessa öryggisnets hersins, en eftir árásirnar á Bandaríkin haustið 2001 var ákveðið að gera aðgang að þessu neti opnari en áður til þess að auðvelda upplýsingamiðlun um öryggismál. Meðal annars var æ fleiri sendiráðum Bandaríkjanna veittur aðgangur að neti hersins, og um leið fékk herinn aðgang að því efni sem sendiráðin um heim allan sendu utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna í Washington.

Þetta var gert meðal annars vegna þess að skortur á aðgengi upplýsinga var talinn eiga sinn þátt í því að ekki tókst að koma í veg fyrir hryðjuverkin 11. september jafnvel þótt sumar leyniþjónustustofnanir hafi haft í fórum sínum upplýsingar sem hugsanlega hefðu getað komið stjórnvöldum á sporið í tæka tíð.

Nú á að stíga þessi skref til baka, og takmarka aðgengi að netinu á ný. Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna brást skjótt við og aftengdi sendiráðspóstana frá neti hersins og Hvíta húsið boðaði allsherjar endurskoðun á öryggismálum í tengslum við upplýsingar í stjórnsýslunni.

Sú endurskoðun tekur hins vegar tíma og nokkur ár geta liðið þangað til Bandaríkin hafa komið sér upp nýju upplýsinganeti, sem er nægilega öruggt en kemur þó upplýsingum þangað sem þær þurfa að berast.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fylgir hugur máli hjá Samfylkingunni?

## Afsökun og yfirbót

Flokksráð Samfylkingarinnar, sem kom saman um síðustu helgi, fjallaði um skýrslu svokallaðrar umbótanefndar, sem sett var á laggirnar eftir að rannsóknarskýrsla Alþingis kom út. Nefndin beindi talsvert harðri gagnrýni að flokknum, stofnunum hans og starfsháttum. Flokksráðið samþykkti býsna afdráttarlausa afsökunarbeiðni: „Samfylkingin viðurkennir ábyrgð sína í þessum efnum [á öllu klúðrinu í aðdraganda hrunsins]. Biður hún íslensku þjóðina afsökunar á þeim mistökum sem hún ber ábyrgð á í aðdraganda hrunsins.“

Það er ekki rétt, sem einhverjir hafa haldið fram, að Samfylkingin sé með þessu fyrst flokkanna til að biðjast afsökunar á sínum þætti í hruninu. Það sama gerði Sjálfstæðisflokkurinn á landsfundi sínum í marz 2009, á grundvelli ekki ósvipaðrar skýrslu sem kennd var við endurreisn. Þar var nánast sama orðalag notað: „Sjálfstæðisflokkurinn axlar þessa ábyrgð og biðst afsökunar á því sem miður fór en hann átti að gera betur.“ Á þessari afsökunarbeiðni tók almenningur hæfilega mikið mark, líklega vegna þess að Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður flokksins, var sár yfir gagnrýni á eigin störf í endurreisnarskýrslunni og formælti henni duglega á fundinum, undir dynjandi lófataki flestra landsfundarfulltrúa.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Undanfarna mánuði hafa sjálfstæðismenn þó unnið hægt og hljótt að því að útfæra nánar ýmislegt af því sem kom fram í endurreisnarskýrslunni og skipuðu nýlega þrjár nefndir sem eiga að halda því starfi áfram. Sama ætlar Samfylkingin að gera; reyna að festa nýja starfshætti og siði í sessi innan flokksins. Það er virðingarvert.

Þó hlýtur að læðast að fólki vafi um að hugur fylgi að öllu leyti máli hjá Samfylkingarfólki. Þannig var niðurstaða flokksráðsins að nú ætti ekki að taka einstaklinga fyrir vegna þess sem aflaga fór í bankahruninu: „Mikið hefur verið gert til að greina og rekja atburðarás áranna 2007 og 2008 og hlut einstaklinga sem að málum komu í aðdraganda hrunsins. Þegar til framtíðar er litið skiptir meira máli að skilja hvað brást í skipulagi stofnana, regluverki og lögum samfélagsins, en ekki síður starfsemi stjórnmálaflokka.“

Þetta er hárrétt, en þó ekki mjög sannfærandi frá flokknum sem réði úrslitum um að einstaklingurinn Geir H. Haarde er einn ákærður fyrir Landsdómi en forystumenn Samfylkingarinnar sleppa við slíka ákæru. Það er yfirborðsmennska og tvískinnungur af þessu tagi, sem stendur Samfylkingunni fyrir þrifum.

Hvað sem því líður, hafa tveir stærstu stjórnmálaflokkar þjóðarinnar, sem sátu saman í ríkisstjórn þegar bankakerfið og gjaldmiðillinn hrundu, beðizt afsökunar á sínum þætti í aðdraganda hrunsins og vinna að því að breyta starfsháttum sínum í framhaldinu. Framsóknarflokkurinn, sem sat í ríkisstjórn í tólf ár og hvarf úr henni hálfu öðru ári fyrir hrun, hefur hins vegar kerfisbundið komið sér hjá því að horfast í augu við fortíðina og ábyrgð sína á þeim ákvörðunum, sem teknar voru í aðdraganda hrunsins – hvað þá þeirri ónýtu stjórnmálamenningu, sem rannsóknarnefnd Alþingis felldi yfir áfellisdóm. Núverandi flokksformaður baðst vissulega afsökunar á flokksráðsfundi fyrr á þessu ári, en hvenær ætla Framsóknarmenn að ráðast í sambærilega greiningu á eigin mistökum og þá, sem hinir flokkarnir hafa gert?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Styrkir

Styrkjum úr sjóðnum „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ hefur verið úthlutað. Í reglum um sjóðinn, sem var stofnaður samkvæmt erfðaskrá Ingibjargar ekkju Jóns forseta, segir að fé úr honum megi veita fyrir vel samin vísindaleg rit, til að styrkja útgáfu slíkra rita og útgáfu merkilegra heimildarrita. Tekið er fram að rit verði að lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum. Enn fremur segir að þegar sérstök ástæða sé til, megi verja fé til viðurkenningar á viðfangsefnum og störfum höfunda sem hafa vísindarit í smíðum.



### Guðjón

Meðal styrkþega þetta árið er Guðjón Friðriksson. Hlaut hann 600 þúsund krónur vegna bókarinnar um Ólaf Ragnar Grímsson sem kom út fyrir tveimur árum. Í tilkynningu forsætisráðuneytisins er ekki upplýst undir hvaða lið reglnanna styrkur vegna bókarinnar um Ólaf fellur. Engin ástæða er þó til að efast um að hún sem slík sé vel til viðurkenningar fallin.



### Hví?

Hins vegar má velta fyrir sér hvaða knýjandi þörf fékk verðlaunanefndina, sem kjörin er af Alþingi, til að veita Guðjóni styrk. Heilir þrír bankar styrktu skrifin á sínum tíma. Öflugasta forlag landsins gaf bókina út. Hún var með mest seldu ævisögum 2008. Ekki verður með góðu móti séð að ríkið, sem árlega veitir prófessorslaun til sjóðsins, þurfi að blanda sér í slíkan velgengniskokteil. Ætli Sölvi fái sex hundruð þúsund eftir tvö ár?

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ábyrgðin er okkar


Velferðarkerfið



Elín Björg Jónsdóttir

formaður BSRB


Þjóðin hafði ekki úr miklu að moða árið 1936. Kreppunni miklu var varla lokið, fjöldi atvinnu- og húsnæðislausra hafði aldrei verið meiri. Fjárþörf ríkissjóðs var mikil. Gæfa íslensku þjóðarinnar var hins vegar sú að þá sátu framsýnir menn á þingi og eftir nokkurt þref samþykktu þeir að koma á fót kerfi almannatrygginga. Með því var viðurkennt að samfélagið sem heild bæri ábyrgð á því að framfleyta þeim sem ekki höfðu tök á því sjálfir. Fólk sem lenti í slysi, varð veikt eða missti vinnu fékk bætur. Til að sjá um útgreiðsluna var Tryggingastofnun Íslands komið á fót.

> Þingmenn hafa það hlutverk að verja velferðarkerfið.

Mjór er mikils vísir og segja má að þarna hafi grunnurinn að velferðarkerfinu verið lagður. Á því hefur verið gerður fjöldi endurbóta, það verið útvíkkað og bætt með það fyrir augum að ná til sem flestra. Grunnhugsunin er hins vegar enn sú sama; að þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki séð sér farborða, fái við það aðstoð. Það er á ábyrgð samfélagsins alls.

Enn á ný steðja efnahagsþrengingar að þjóðinni og engum dylst að fjárþörf ríkissjóðs er gríðarlega mikil. Sú fjárþörf er tímabundin; íslenskt samfélag mun rísa upp úr efnahagslægðinni á ný. Þetta hafa verið erfiðir tímar og þeir verða það áfram. Víða þarf að þrengja sultarólina og margir munu búa við kröpp kjör. Við slíkar aðstæður er það mikilvægara en nokkru sinni fyrr að öryggisnet velferðarkerfisins sé þéttriðið. Þetta skildi íslenskt launafólk í kreppunni miklu og því tókst að sannfæra stjórnvöld um hið sama.

Ýmislegt verður að breytast í íslensku samfélagi, það er ljóst. Einhvers staðar þarf að ná í það fé sem vantar upp á, eða spara útgjöld á móti. Það væri hins vegar þyngra en tárum taki ef við, í upphafi 21. aldar, eyðilegðum það starf sem afar okkar og ömmur lögðu á sig við mun verri kjör á fjórða áratugnum.

Fjárlagafrumvarpið 2011 kemur nú til annarrar umræðu. Þingmenn hafa það hlutverk að verja velferðarkerfið. Þeirra ábyrgð er að tryggja að fjárlögin höggvi ekki að rótum þess. Þá ábyrgð berum við einnig sem þjóð.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvert er erindið?

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Ég man ekki hvort ég las eða heyrði einhverntíma stutta sögu sem ég hef síðan haldið upp á.

Hún er um þjóðflokk sem bjó í hrjóstrugu þorpi við árbakka. Hinum megin árinnar var grösugt og gjöfult en í ánni voru kvikindi sem engu eirðu, svo að enginn reyndi að komast yfir, þó að velsældin þar hafi blasað við.

Þannig leið og beið í eymdinni þar til maður birtist sem ákvað að synda yfir og festa taug milli árbakkanna svo að allir kæmust klakklaust yfir. Á leiðinni réðust kvikindin á hann, en hann komst alla leið, tókst að festa kaðalinn, en hné svo niður örendur.

Fólkið í þorpinu var harmi lostið yfir afdrifum mannsins sem fórnaði lífi sínu fyrir það.

Enginn nýtti sér taugina til að fara yfir ána. Næstu kynslóðir sögðu afkomendum sínum frá hetjunni sem vildi frelsa þau. Kostir hans voru tíundaðir, mikilvægi hans fyrir mannkynið allt, ritaðar bækur um hann og reistir minnisvarðar og musteri.

En kaðallinn er enn á sínum stað. Óhreyfður.

### Að vera frjáls

Vísast er þessi saga orðuð á annan hátt og betri, en svona man ég hana. Þetta er inntakið, og hún kemur jafnan upp í hugann þegar dregur að jólum. Fæðingarhátíð frelsarans. Ég er hreint ekki viss um að hann myndi kannast við sig í hinum ýmsu útgáfum af því sem hann á að hafa sagt og gert. Að ekki sé talað um tilburði þeirra sem segjast tala í hans nafni.

Og frá hverju frelsar hann okkur, þegar öllum umbúðum og orðskrúði er sleppt? Hvert er erindi hans við okkur?

Er líklegt að maður sem segir: „Sá yðar sem syndlaus er", kasti fyrsta steininum, sé með syndasvipu til hægri og vinstri, svipu sem hefur verið nýtt óspart gegnum aldirnar, sem tæki til að stjórna og stýra öðru fólki, og halda því niðri. Gjarnan að geðþótta þröngsýnna og fordómafullra einstaklinga, sem komu sér fyrir innan kirkjunnar vegna valdsins.

> Ég held að erindi hans hafi verið að frelsa okkur frá okkur sjálfum

Er það líklegt að maður sem segir: „Keisarans það sem keisarans er og guði það sem guðs er" hafi verið vandlætari?

Og hvað á hann við þegar hann segir að sannleikurinn geri mann frjálsan? Það skilur hver á sinn hátt.

Hann kom með fyrirgefninguna, og hún gerir mann sannarlega frjálsan, og kærleikann, sem öllu breytir. Ég held að erindi hans hafi verið að frelsa okkur frá okkur sjálfum, eins og ég hef áður skrifað í pistli hér. Frelsa okkur frá öfundinni, reiðinni, óheilindunum, lyginni, afbrýðiseminni. Öllu þessu sem fjötrar okkur. Við erum ekki frjálsar manneskjur meðan við látum stjórnast af þessum hvötum. Það sem gerir okkur frjáls er okkar val.

### Spennandi gjafir

Þó að tilefni jólanna sé fæðing frelsarans, snýst aðdragandi hennar að mestu um að lýsa upp skammdegið með hvers kyns viðburðum, uppákomum og fjölskyldugleði. Svo eru það jólagjafirnar. Mikil heilabrot eru víða varðandi val á gjöf sem gleður viðtakandann og alltaf heilmikil stemning í kringum það. En það eru til alls konar gjafir.

Ung og klár kona sem ég þekki segist vera orðin svolítið leið á þessu pakkaflóði, þar sem ein gjöfin er rifin upp af annarri og varla staldrað við neitt.

„Af hverju gefum við ekki tíma og samveru núna, þegar allir eru á þönum og samvistir fjölskyldu og vina eru rýrari en vilji stendur til?" spurði hún, og bætti svo við: „Til dæmis kort með loforði um heilan laugardag sem barn eða unglingur má ráðstafa, eða kort með tillögu um þriggja tíma samveru sem notuð væri í sund, gönguferð og ís á eftir. Ef hugmyndaflugið er virkjað, má áreiðanlega finna upp ógleymanlegar samverugjafir. Nú og svo geta stálpuð börn og unglingar gefið foreldrum sínum tiltekt á heimilinu í tíu daga! Það væri ekki ónýt gjöf."

Ég tek undir með þessari ungu konu. Notum hugmyndaflugið.

# Niðurskurður á leikskólum Reykjavíkur

Leikskólar
Edda Björk Þórðardóttir
form. Barnanna okkar – Samtaka foreldrafélaga leikskóla



Leikskólar borgarinnar eru nú þegar reknir við afar þröngan kost og er frekari niðurskurður ógn við rekstur þeirra og faglegt starf. Starfsfólk leikskóla hefur nú þegar bent á að niðurskurður s.l. ára bitni á faglegu starfi innan leikskólanna eins og kom fram í yfirlýsingu þeirra í vor. Að sama skapi hafa Börnunum okkar borist ábendingar frá foreldrum um afleiðingar niðurskurðar í starfi skólanna.

> Leikskólar Reykjavíkurborgar eru afurð áratuga metnaðarfullrar vinnu starfsfólks þeirra, með leikskólastjóra þar fremsta í flokki.

Við lýsum yfir áhyggjum okkar af hugmyndum um sameiningu leikskóla og samrekstur leik- og grunnskóla og frístundaheimila. Við höfum áður lýst yfir áhyggjum okkar um að það aukna álag sem hefur skapast á starfsfólk geti leitt til þess að við missum það úr starfi. Nú er fyrirhugað að auka álag enn frekar innan leikskólanna með því að taka kjölfestuna úr starfi leikskóla, leikskólastjóranna. Samruni mun leiða til þess að stöður leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra verði lagðar niður í núverandi mynd.

Leikskólar borgarinnar eru annað og meira en stofnanir. Þeir eru annað heimili sex þúsund reykvískra barna. Leikskólar Reykjavíkurborgar eru afurð áratuga metnaðarfullrar vinnu starfsfólks þeirra, með leikskólastjóra þar fremsta í flokki. Leikskólastjórar borgarinnar eru kjölfesta hvers skóla. Góðir stjórnendur skapa góðan vinnuanda sem leiðir til ánægðs starfsfólks, sem stuðlar að öruggu og jákvæðu umhverfi fyrir börnin okkar.

Samtök foreldrafélaga hafa þungar áhyggjur af framvindu mála í leikskólum borgarinnar. Börnin eiga að vera fremst í forgangsröð borgarinnar og þess er krafist að leitað verði allra leiða til að ná fram fyrirhuguðum niðurskurði með niðurskurði á öðrum sviðum.



# Forsetinn og stefnan

Forsetinn

Einar Karl Haraldsson

ráðgjafi hjá Innform



Forsetinn hefur enn einu sinni hugsað upphátt í útlöndum. Nú í The Banker. Blaðið segir að hann sé ekki að leita eftir erlendum fjárfestingum til Íslands og hann láti að því liggja að þær séu ónauðsynlegar. Raunar séu þær ein meginorsök þess að landið hafi farið eins illa út úr fjármálakreppunni og raun bar vitni. Um þetta atriði deila hinir lærðu. Ekki er þó ástæða til þess að véfengja það mat forsetans að of viðamiklar erlendar fjárfestingar geti stuðlað að ofhitnun lítils hagkerfis, og að í náinni framtíð muni erlent fjármagn á Íslandi verða undir strangari reglum og í smærri skala en var í byrjun aldarinnar.

Forsetinn gerir rétt í því að einbeita sér að spurn eftir sérþekkingu Íslendinga á vinnslu jarðhita víða um heim. Þar hafa hann og ráðherrar í ríkisstjórnum unnið þarft verk. Ekki veitir af, því að forsvarsmenn sólar- og vindorkuiðnaðar rægja jarðhitann látlaust á alþjóðavettvangi, enda ekki nema von því hann getur keppt við olíu meðan önnur nýorka er háð niðurgreiðslu hins opinbera.

Ríkisstjórn Íslands telur beinar erlendar fjárfestingar ekki ónauðsynlegar. Þvert á móti segist hún vilja stuðla að þeim sem lið í endurreisn atvinnulífs og sett hafa verið rammalög um ívilnanir til þess að fylgja eftir því sjónarmiði. Hún leggur sérstaka áherslu á græna atvinnulífssýn og í samræmi við það hefur Íslandsstofa (Fjárfestingarstofa) aðallega unnið að kynningu á Íslandi sem ákjósanlegum kosti fyrir gagnaver, sólarkísilvinnslu, græna iðngarða í tengslum við gufuaflsvirkjanir, gróðurhús í iðnaðarskala, lífræna efnaferla, innlenda eldsneytisvinnslu, heilsuþorp og beinar fjárfestingar í landbúnaði og ferðaþjónustu. Hvað sem líður deilum um álver þá virðist vera pólitískur einhugur í landinu um að leitað sé fjölbreyttra tækifæra í beinum erlendum fjárfestingum til Íslands. Þeim fylgja fyrirfram ljós áhrif á atvinnustig, ný þekking, ný tækni og ný útflutningstækifæri.

Við erum hluti af innra markaði Evrópusambandsins og undir fjórfrelsið sett, enda þótt við höfum fengið tímabundið frí frá því með gjaldeyrishöftum sem ætlunin er að aflétta. Það er sem sagt opinber stefna að við verðum aftur þátttakendur í opnu og alþjóðlegu efnahags- og fjármagnskerfi þegar okkur vex fiskur um hrygg. Ljóst er því að íslenskt atvinnulíf mun þurfa á erlendu fjármagni að halda, rekstrar- og lánsfé og ekki síður erlendri fjárfestingu. Mörg fyrirtæki eins og Median, Meniga, Gogogic, Andersen og Lauth, Handpoint, Mentor, Marorka, Nikita, Lífeind, Primex, Alur-álvinnsla og Kine ehf., svo aðeins nokkur sé nefnd, eru nú að vaxa út fyrir landsteina eins og CCP, Marel, Össur og Actavis gerðu áður. Þau munu þurfa erlent fjármagn, erlenda samstarfsaðila, erlent hlutafé og erlenda lánafyrirgreiðslu til þess að halda áfram að vaxa og dafna.

> Ljóst er því að íslenskt atvinnulíf mun þurfa á erlendu fjármagni að halda

Það er staðreynd að vægi utanríkisviðskipta á Íslandi er lítið mælt sem hlutfall af landsframleiðslu. Við flytjum inn lítið af hráefnum til fullvinnslu nema til frumframleiðslu á áli. Útflutningi á sjávarafurðum eru takmörk sett af náttúrulegum ástæðum. Flestar smáþjóðir í Evrópu hafa mun hærra hlutfall utanríkisviðskipta en Ísland. Á þessu sviði er til mikils að vinna því hver milljarður í útflutningsverðmæti eykur landsframleiðslu um tilsvarandi upphæð og helst því beint í hendur við tekjur og atvinnu fólksins í landinu.

Tækifærin til þess að auka útflutning eru ekki síst á nýjum sviðum atvinnulífs þar sem sprotavirkni er lífleg og fjölbreytt. Án beinnar erlendrar fjárfestingar og eðlilegra tengsla við alþjóðlegan fjármagnsmarkað mun verða minna úr sprotunum en efni standa til.

# Mikilvæg vitneskja um eldvirkni

Eldvirkni

Ari Trausti Guðmundsson

jarðeðlisfræðingur



Eldgos eru algengt umræðuefni um þessar mundir og oft spurt: Hvar gýs næst? Af nógu er að taka. Eldvirku svæðin á Íslandi ná yfir um fjórðung af flatarmáli landsins. Þar eru ein 30 eldstöðvakerfi, hvert með fleiri en einni eldstöð og menjum um mörg eldgos. Tíðni eldgosa á Íslandi er há, um 30 gos að lágmarki á öld. Núna er t.d. horft til Heklu og Grímsvatna sem eru komin í „skotstöðu“ miðað við gögn úr jarðeðlisfræðilegum mælingum fyrir síðustu eldsumbrot þar. Menn líta á kvikusöfnun undir Kötlu og norðvestanverðum Vatnajökli og nágrenni (í Bárðarbungukerfinu) og túlkun athugana á svæði austan við Öskju bendir til kvikuflutninga á töluverðu dýpi. Svo koma til aðrir staðir þar sem eitthvað kann að vera í uppsiglingu. Margir muna Kröfluelda 1975-1984 en þá urðu níu fremur lítil eldgos á níu árum eftir hressilega plötuskriðshrinu (landgliðnun) í eldstöðvakerfinu sem kennt er við megineldstöðina Kröflu. Allt voru þetta hefðbundin sprungugos með hraunrennsli. Þau efldust með hverju gosi, en teljast samt lítil eða fremur lítil, og gossprungur lengdust í norður. Þetta er ágætt að hafa í huga þegar menn horfa til Suðvesturlands.

Jarðhræringar eru tíðar á Reykjanesskaga. Þar eru fjögur eldstöðvakerfi með tilheyrandi sprungusvæðum og það austasta hreykir Hengli, ungri megineldstöð, en hin bera ekki þróuð eldfjöll. Margar sprungur á skaganum stefna í norðaustur, innan eldstöðvakerfanna. Þar skelfur alloft og stundum gýs, einmitt í hrinum ekki ólíkum Kröflueldum. Svo er annað sett af sprungum að finna á skaganum. Þær stefna norður og einnig þar skelfur jörð en gýs ekki. Ástæðu þessarar tvískiptingar er m.a. að finna í þeirri staðreynd að plötuskilin á skaganum eru þvinguð og beygð til austurs en tengjast þar á Suðurlandsskjálftabeltinu og Hengilskerfinu.

> Eldgos í einhverju eldstöðvakerfa skagans getur gengið um garð án teljandi tjóns en það getur líka verið varasamt og valdið tjóni.

Saga eldvirkni á Reykjanesskaga eftir lok síðasta jökulskeiðs (á umliðinum 12.000 árum eða svo) er fjölbreytt. Fyrstu árþúsundin voru svokölluð dyngjugos algeng, með þunnfljótandi hrauni. Einnig kom þá upp jarðeldur á sprungum með bæði þunn- og þykkfljótandi hraunum, í öllum kerfunum. Eftir því sem lengra leið á hlýskeiðið hurfu dyngjugosin úr sögunni og slitnar gígaraðir á sprungum urðu algengustu nýju eldstöðvarnar.

Jarðeldurinn hefur gjarnan gengið yfir í hrinum, jafnvel svo að fleiri en eitt eldstöðvakerfi hafa verið virk á ólíkum tímum, innan tveggja til þriggja alda. Engar „reglur“ eru þó algildar. Á milli slíkra eldvirknistímabila eða óróalda virðast líða 500-1000 ár.

Lærdómsríkt getur verið að skoða síðasta eldvirknistímabilið á Reykjanesskaganum. Þá kom upp jarðeldur beggja vegna Bláfjalla á 10. og 11. öld (t.d. Eldborgir með Svínahraunsbruna og eldstöðvar nálægt skíðasvæðunum). Hraun runnu m.a. í átt að Heiðmörk og Húsfelli en enduðu fjarri núverandi byggð. Á 12. öld brunnu Krýsuvíkureldar á gossprungum sem teygðu sig með hléum frá Ögmundarhrauni, um dalinn vestan við Sveifluháls, að Helgafelli við Hafnarfjörð. Þá náði hraun til sjávar bæði sunnan og norðan á skaganum. Á fyrri hluta 13. aldar hrökk Reykjaneskerfið í gang með gjóskugosi í sjó og hraungosum úr sprungum rétt hjá Reykjanesvirkjun, í Eldvörpum og t.d. við Svartsengi. Hraun við Grindavík er aftur á móti forsögulegt og yngsta gossprungan í Hengilskerfinu (nær frá Hellisheiði, sundurslitin um fjallið til Nesjavallasvæðisins og Sandeyjar í Þingvallavatni) er um 2.000 ára.

Á þetta er minnt í þessum stutta pistli til að ítreka löngu fenginn fróðleik um eldvirkni í nágrenni mesta þéttbýlis landsins. Þekking er ávallt mikilvæg. Hún getur mildað óþarfa áhyggjur núna eða of sterk viðbrögð síðar, sjáist til jarðelds á Reykjanesskaga. Eldgos í einhverju eldstöðvakerfa skagans getur gengið um garð án teljandi tjóns en það getur líka verið varasamt og valdið tjóni. Kerfin eru vöktuð og landsmenn vissulega undir eitt og annað búnir. Betra er að minna á staðreyndir en að láta eins og ekkert sé.




Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður upp á að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Gjafakortið er viðskiptavinum að kostnaðarlausu til áramóta.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280. ENNEMM / SÍA / NM44188

# Geðsjúkum mismunað?

Heilbrigðismál

Elín Ósk Reynisdóttir

verkfræðinemi og meðlimur í Hugarafli



Ég hef verið að skoða og kynna mér nýja háskólasjúkrahúsið. Þetta nýja háskólasjúkrahús á að vera mjög flott og standast nútímakröfur. Þar er meðal annars talað um að allar sjúkrastofur verði einstaklingsherbergi með sér baðherbergi og aðgengi út á skjólsæla þakgarða sem snúa vel við sólu þar sem rækta má rósir og lækningajurtir.

Þetta hljómar mjög vel og finnst mér þetta vera góð þróun. Það sem stakk mig þegar ég var að skoða teikningarnar er að geðsviðið á ekki að færast inn í nýja háskólasjúkrahúsið. Það á að halda áfram starfsemi í núverandi geðdeildarbyggingu. Ég fór að lesa mér til og skoða eins mikið af gögnum í sambandi við nýja háskólasjúkrahúsið eins og ég komst yfir. Ég sá að í upphafi ferlisins var hugmyndin að geðsviðið fengi aukið húsnæði en samkvæmt nýjustu skýrslum og teikningum er svo ekki. Það er samt talað um að endurbæta húsnæðið en ekki stækka það. Ég sé því ekki hvernig hægt sé að bæta aðstöðuna mikið því byggingin er nú þegar sprungin. Oft þarf að vísa sjúklingum frá eða útskrifa þá of snemma vegna skorts á plássum. Það er því ekki hægt að fjölga herbergjum til að allir fái eins manns herbergi, eða bæta við aðstöðu inni á deildum fyrir til dæmis iðjuþjálfun.

> Geðsviðið á ekki að færast inn í nýja háskólasjúkrahúsið.

Af hverju fá geðsjúkir ekki sömu aðstöðu og aðrir sjúklingar? Ég persónulega hef legið inni á geðdeild og finnst aðstaðan þar vera óviðunandi. Flest herbergin eru tveggja manna sem getur verið mjög erfitt því sjúklingar eru í mismunandi ástandi. Ég hef oft lent í því að herbergisfélagi minn hefur haldið fyrir mér vöku eða truflað mig á annan hátt. Þetta er mjög slæmt þar sem margir sjúklingar hafa átt erfitt með svefn og þurfa nauðsynlega að komast í ró og næði. Hreinlætisaðstaðan er líka slæm, allt að fimm sjúklingar nota sama baðherbergið og sömu sturtuna. Þeir geta verið af báðum kynjum og í misjöfnu ástandi. Þetta aðstöðuleysi hefur áður verið í umræðunni og kallað hefur verið eftir úrbótum frá sjúklingum, starfsfólki og aðstandendum án mikils árangurs.

Það má samt nefna að flytja á bráðamóttöku geðsviðs inn í nýja háskólasjúkrahúsið þar sem verður sameinuð bráðamóttaka fyrir allt sjúkrahúsið. Að sumu leyti er það jákvætt og væntanlega verður þar mun betri aðstaða en er á núverandi bráðamóttöku. Það eru samt ekki allir sammála um kosti þess að hafa eina sameinaða bráðamóttöku, ég veit til dæmis um einstaklinga sem finnst það hræðileg tilhugsun að þurfa að fara á svona stóra bráðamóttöku þegar þeim líður svona illa. Það má líka nefna að á teikningu fyrir annan áfanga er sýnd möguleg stækkun geðdeildar. En því miður er það bara framtíðarmöguleiki eftir að annarri áætlaðri uppbyggingu er lokið.

Mér og félögum mínum í Hugarafli finnst það mjög alvarlegt mál að verið sé að mismuna geðsjúkum í heilbrigðiskerfinu á Íslandi árið 2010! Eru þetta fordómar? Eru geðsjúkdómar annars flokks sjúkdómar í heilbrigðiskerfinu?



**Jurtate** hefur ýmsa góða eiginleika og þykir til að mynda vatnslosandi og hreinsandi. Prófið að sleppa kaffinu í nokkra daga og drekka te í staðinn. Þegar fráhvarfseinkennin frá kaffinu hverfa fer teið að gera sitt gagn auk þess sem það gefur góðan hita í kroppinn.



**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Eirberg

## Slakaðu á heima

- Sjálfvirkt og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd



Úrval nuddsæta - verð frá 29.750 kr.

Verið velkomin í verslun okkar og prófið.

Opið virka daga kl. 9 -18
og á **laugardögum** kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

friendtex

# ÚTSALAN

## ER HAFIN

Á HAUST OG VETRARLISTA
FRIENDTEX 2010

**Opnunartími:**
mánud. - föstud. kl.11.00 - 1800. laugardaga 11.00 - 16.00

Kíktu – það er þess virði

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Patti.is

**Íslenskir sófar**
**Yfir 90 mismunandi gerðir.**
**Mál og áklæði að eigin vali.**



Basel sófasett 3+1+1

Verð frá 360.900 kr



Borðstofustólar - Verð frá 12.900 kr

**Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is**
**Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16**

**Ingibjörg Brynjólfsdóttir nýtir sér vel leikfimisaðstöðuna á Skjóli.**



# Gerir mér gott

Á Skjóli miðast leikfimisæfingar við getu hvers og eins. Ingibjörg mætir í tækjasalinn fjóra daga vikunnar og á þeim fimmta fer hún í sund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingibjörg Brynjólfsdóttir, íbúi á hjúkrunarheimilinu Skjóli, varð 94 ára um mitt árið. Hún segist ekki líta á aldurinn sem fyrirstöðu þess að njóta lífsins og heldur sér við með reglulegum sund- og leikfimisæfingum. „Ég er í leikfimi alla daga nema á föstudögum en þá syndi ég 1.600 metra í baksundi,“ útskýrir hún og bætir við að í leikfiminni geri hún styrktar- og jafnvægisæfingar í bland.

Ingibjörg er fædd og uppalinn í Hlöðutúni í Stafholtstungum í Borgarfirði. Hún fluttist til Reykjavíkur árið 1963 og kynntist þar sambýlismanni sínum, Leifi Einarssyni, nokkrum árum síðar. Hún hefur nú verið búsett á Skjóli á þriðja ár og segist líka vistin vel enda sé starfsfólkið með eindæmum gott. „Þær eru svo indælar stúlkurnar hérna,“ segir hún og brosir góðlátlega til Sigrúnar Guðjónsdóttur sjúkraþjálfara sem hefur umsjón með líkamsþjálfun íbúanna.

Á Skjóli hefur Ingibjörg þó fleira fyrir stafni en leikfimisæfingar og sund, einkum nú í desember þegar hver uppákoman rekur aðra, svo sem harmónikuleikur, óperusöngur og hugvekjur. Um jólin ætlar hún þó að gera hlé á félagsstarfinu og gefa sér tíma til að hitta vini og vandamenn. Eftir það verður haldið áfram þar sem frá var horfið. „Enda finn ég hvað þetta gerir mér gott,“ segir hún og geislar af gleði.

*roald@frettabladid.is*



STUÐNINGS STÖNGIN

# LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Hjálparsessan lyftir 70% af þinni þyngd

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins



Er erfitt að standa upp?

10 ÁR Á ÍSLANDI www.vilji.is • Sími 856 3451



**Sofið með tóman maga** „Snæddu morgunverð eins og kóngur, hádegisverð eins og prins og kvöldverð eins og betlari“ er eitt af hollráðum Michaels Pollan í bókinni Mataræði – handbók um hollustu.



Maukið sem þær Guðrún og Þórdís hafa þróað í samstarfi við matarsmiðju Matís er hugsað fyrir börn, sex mánaða og eldri.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Alíslenskur barnamatur

**Barnamatur úr íslensku grænmeti kom á markað í gær. Maturinn er seldur frosinn og hentar börnum frá sex mánaða aldri. Hann er góður einn og sér og í ýmis konar matseld handa börnum.**

Kátir kroppar heitir íslenskur barnamatur sem kom á markað í gær. Um er að ræða fjórar tegundir af mauki fyrir sex mánaða og eldri; tvær í sérstökum matarpakkningum og tvær í dósum. Maturinn er unninn úr íslensku hráefni. Hann er án allra aukaefna og er seldur frosinn. Vinkonurnar Þórdís Jóhannsdóttir og Guðrún Stefánsdóttir hafa þróað hann í sameiningu og verður hann einungis seldur í Fjarðarkaupum fyrst um sinn.

„Ég er í mastersnámi í iðnaðarverkfræði en Guðrún er hjúkrunarfræðingur á Barnaspítala Hringsins. Við eigum báðar tvö börn og höfum lagt ríka áherslu á að gefa þeim hollt og gott að borða. Ég var búin að vera að vinna í alls kyns nýsköpun og frumkvöðlastarfi tengdu náminu en við höfðum báðar gengið með þessa hugmynd í kollinum hvor í sínu lagi. Við ákváðum svo að sameina krafta okkar og hefja þróunarvinnu,“ segir Þórdís

Vinkonurnar byrjuðu í matarsmiðju Matís á Höfn í Hornafirði en þar voru gerðar alls kyns prufur og mælingar. „Síðan náðum við samstarfi við Í einum grænum sem er dótturfélag Sölufélags garðyrkjumanna og þar fer framleiðslan fram.“

Enn sem komið er fást fjórar tegundir af mauki eða gulrótarmauk, rófumauk, spergilkáls- og blómkálsmauk og gulrótar- og steinseljumauk. „Með tímanum munum við svo vonandi bæta við fleiri tegundum,“ segir Þórdís.

Hún segir að það sem geri vörurnar frábrugðnar niðursoðnum barnamat sé að þær séu seldar frosnar en þannig segir hún næringarefnin haldast betur. „Þá leggjum við áherslu á að hægt er að nota vöruna út í matseld eins og lasagne, inn í skinkuhorn, í fiskrétti og til að þykkja súpur en þannig má með auðveldum hætti koma grænmeti ofan í börn sem eru rög við það ásamt því að auka næringargildi matarins.“

Með tímanum langar þær Þórdísi og Guðrúnu til að geta boðið upp á mat fyrir eldri börn og þá jafnvel með kjöt og fiski og þá vonandi í fleiri verslunum.

*vera@frettabladid.is*




**Úrval af vönduðum og fallegum dömuskóm**
úr leðri, fóðruðum.
Til dæmis:



Teg: K 4321
Litir: rautt og svart Stærðir: 36 - 40
Verð: 19.500.-



Teg: K 5725
Litir: gráröndótt og brúnröndótt
Stærðir: 36 - 40
Verð: 17.500.-

Misty skór
Laugavegi 178
Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

OLANG
Þeir eru komnir



NÝ SENDING AF KULDASKÓM MEÐ MANNBRODDUM
FYRIR DÖMU OG HERRA Í JÓLAPAKKANN ÞINN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
visir.is
Meiri Vísir.



Áttablaðarós
Sængurfatnaður
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



BUBBI MORTHENS
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR 2010
Í HÁSKÓLABÍÓI

BYLGJAN KYNNIR:

ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA MORTHENS VERÐA Í HÁSKÓLABÍÓI ÞANN **23. DESEMBER** OG HEFJAST **KL. 22.00.**
SÉRSTAKUR GESTUR BUBBA ER JÓNAS SIGURÐSSON.

MIÐASALA ER HAFIN Á **MIDI.IS.**
MIÐAVERÐ **3.500 KR.**

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **PRIME.IS.**
prime BYLGJAN 989



Einfalt og ódýrt samskiptatæki með
15% Jólaafslætti
til áramóta.
Verð nú 27.455 kr.

Jólagjöfin fyrir þá sem vilja heyra betur.

HEYRN



Komdu við og kynntu þér samskiptatæki sem gætu opnað nýjan heim fyrir þig og þína.
Ellisif Björnsdóttir
heyrnarfræðingur



Hlíðasmári 11
201 Kópavogur
534 9600
Opið 9-16:30
heyrn.is

# Hrollur hin besta heilsufyrirmynd

**Víkingar eru ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar hugsað er um hollan mat og lífshætti. Arne Astrup, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla hefur þó komist að þeirri niðurstöðu, eftir áralanga rannsókn, að fæði víkinganna hafi bæði verið fjölbreytt og hollt.**

Víkingarnir vissu hvað þeir sungu á fleiri sviðum en í strandhöggi og kvennaránum. Arne Astrup, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, hefur undanfarin ár rannsakað fæði víkinganna og komist að þeirri niðurstöðu að það hafi verið bæði holt og grennandi. Kannski tími til kominn að leita á vit forfeðranna, henda hamborgurum, frönskum og pitsum út í hafsauga og borða eins og sannir víkingar.



Hið hefðbundna norræna víkingafæði samanstendur af fiski, einkum síld og laxi, villibráð, eins og hreindýrakjöti og elgskjöti, káli og villtum berjum. Allar þessar fæðutegundir eru fullar af vítamínum og hollum fitusýrum.

Feitur fiskur eins og lax og síld inniheldur mikið af omega 3 fitusýrum, sem hafa góð áhrif á heilann og veita vörn gegn hjartasjúkdómum. Hreindýr og elgir ganga frjáls í náttúrunni sem hefur þau áhrif að kjötið af þeim hefur lágt fituinnihald en mikið af prótínum. Kál er ódýr ofurfæða. Stútfullt af plöntuhollefnum (phytochemicals) sem hafa reynst vinna gegn krabbameini, auk þess að innihalda mikið af vítamínum og trefjum. Villt ber eru góð uppspretta C-vítamíns og fjölda annarra vítamína og andoxunarefna sem við vitum öll að eru góð fyrir heilsuna.

Það er því ekki eftir neinu að bíða með að taka upp fæði teiknimyndapersónunnar Hrolls og fara að sveifla í kringum sig hreindýralærunum. *friðrikab@frettabladid.is*



Það er ekki eftir neinu að bíða með að taka upp fæði teiknimyndapersónunnar Hrolls.

## Heilsuleyndarmál frá ýmsum löndum

NORÐURLÖNDIN ERU EKKI EINU LÖNDIN SEM LUMA Á HEILSUFÆÐI, HÉR ER LÍTIÐ SÝNISHORN AF HEILSULEYNDARMÁLUM ANNARRA LANDA.

**Skotland:** Skotarnir halda tryggð við hafrana sína sem eru ríkir af betaglúkoni sem lækkar blóðþrýsting og minnkar kólesteról í blóði.

**Frakkland:** Frakkar hafa tröllatrú á heilsusamlegum áhrifum þess að drekka eitt rauðvínsglas á dag og rannsóknir hafa sýnt að í rauðvíni eru efni sem vinna á móti hjartasjúkdómum og krabbameini.

**Þýskaland:** Prost! Rannsóknir hafa leitt í ljós að bjór inniheldur mikið af vítamíninu B-6 sem vinnur gegn hjartasjúkdómum auk þess sem silíkonið í bjórnum styrkir beinin.

**Mið-Austurlönd:** Ferskt piparmyntute er drukkið oft á dag á þessu svæði og hefur öldum saman verið talið vinna gegn meltingartruflunum. Nýjar rannsóknir sýna að auk þess geti myntuteið hamlað líkamshárvexti á konum.

**Ástralía:** Kengúrukjöt er ríkt af hollum fitusýrum sem hjálpa til við að byggja upp vöðva og lækka blóðþrýsting.

**Rússland:** Rússar borða mikið af rauðrófum sem vinna gegn heilablóðfalli og lækka kólesteról.

**Suður-Ameríka:** Suður-Ameríka er heimkynni súkkulaðsins, sem eins og við vitum öll hefur góð áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu.

*Heimild: thesun.co.uk*



Feitur fiskur eins og lax og síld inniheldur mikið af omega 3 fitusýrum.

Sellerí inniheldur 3-n butyl phtalide, æðaútvíkkandi efni sem er einnig þekkt fyrir að lækka stresshormónið catacholamine. Sellerí inniheldur einnig apigenin sem getur lækkað háan blóðþrýsting. Sellerí er ríkt af kalíum og C-vítamíni. Það er kólesterólfrítt og hefur lágt natríummagn. Sellerí inniheldur einnig A-vítamín, kalk og prótín.



www.islenskt.is

Kynning

# Ekkert samviskubit um jólin

**Á Culiacan á Suðurlandsbraut 4a er höfuðáhersla lögð á ferskt hráefni og heilsusamlegar eldunaraðferðir. Matseðillinn byggist upp á burrito, quesadillas, tacos, tostada og salötum og viðskiptavinir geta valið um kjúkling, nautahakk eða nautakjöt í réttina auk úrvals af sósum og salsa sem útbúið er frá grunni daglega.**

Á Culiacan, Suðurlandsbraut 4a, er boðið upp á hollan mexíkóskan mat. Höfuðáhersla er lögð á ferskt hráefni og heilsusamlegar eldunaraðferðir.

Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur hefur verið staðnum innan handar við útreikninga og næringarráðgjöf. Hann æfir sjálfur mikið, er meðal annars í Crossfit, og er líka einkaþjálfari.



Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur hefur verið staðnum innan handar við útreikninga og næringarráðgjöf.

„Í desember er mjög mikilvægt að halda sínu striki í hreyfingu og mataræði," segir Geir Gunnar. „Þá getum við með góðri samvisku leyft okkur kræsingar um jólin. Algengt er að fólk missi fókusinn í jólamánuðinum og gleymi sér í stressinu og jólaundirbúningnum. Betra væri að passa sérstaklega vel upp á að viðhalda góðum venjum fyrir hátíðir svo fólk þurfi ekki að byrja upp á nýtt í heilsuræktinni í janúar. Það er líka miklu erfiðara að koma sér af stað aftur."

Transfita hefur verið mikið í umræðunni á þessu ári. Maturinn á Culiacan er að sjálfsögðu án transfitu og msg. Á Culiacan eru allir réttir útbúnir beint fyrir framan kúnnann svo hann á þess kost að velja það sem hann vill eða vill ekki. Algengur misskilningur hjá fólki er að þessi matur sé allur svo sterkur. Það er alls ekki satt og fólk á alltaf val um sterka eða milda sósu og þeir sem vilja mjög sterkt fá sér jalapeño og sterka sósu. Þannig ræður fólkið ferðinni. Í borðinu er úrval af kjöti, sósum og salsa útbúið frá grunni daglega. Mikið af fersku grænmeti og kryddjurtum er notað í sósurnar og eru þær nánast fitulausar. Viðskiptavinir geta valið um kjúkling, nautahakk eða nautakjöt. Kjúklingurinn er langvinsælastur. Hann er marineraður í minnst sólarhring áður en hann er svo grillaður. Á Culiacan er svo notaður 10% sýrður rjómi og 17% íslenskur ostur.

Matseðillinn byggist upp á burrito, quesadillas, tacos, tostada og salötum.

Burrito er tortilla sem er hituð og fyllt með allskyns góðgæti. Tortillunni er svo rúllað upp.

Quesadillas er svipað nema þá er tortillunni ekki rúllað upp, heldur er hún brotin saman í hálfmána og bökuð í grilli þar til osturinn er bráðnaður og tortillan er stökk. Borið fram með sýrðum rjóma.

Tacos eru þrjár litlar tortillur eða stökkar maísskeljar sem eru fylltar með góðgætinu úr borðinu.

Tostada er svipað og pitsa. Tortillan er notuð sem botn, svo velur fólk sterka eða milda sósu, síðan er ýmislegt sett yfir og bakan grilluð. Vinsælasti tostada-rétturinn heitir BBQ-kjúklinga tostada. Þá er sett sósa, kjúklingur, ferskt salsa, BBQ-sósa, ostur, sesamfræ og smá nachos mulið yfir. Þetta er svo borið fram með guacamole eða sýrðum rjóma. Algjört sælgæti.

Salötin eru líka mjög vinsæl. Og sumir fastakúnnar fá sér alltaf sama salatið. SantaFe er fyrsta salatið sem við byrjuðum með og langvinsælast. Það inniheldur iceberg-kál, dressingu, rifinn ost, ferskt salsa, kjúkling og sýrðan rjóma. Smá nachos er mulið yfir. SantaFe með kjúklingi er aðeins 427 kaloríur.

„Nýi staðurinn hefur farið vel af stað enda mörg fyrirtæki á Suðurlandsbrautinni og þar um kring. Svo erum við vel staðsett fyrir fólk sem er að æfa í Laugum og Boot Camp til dæmis," segir Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan. „Við erum að sjá mikið af nýjum andlitum en einnig hafa fastakúnnarnir skilað sér mjög vel, sem við erum þakklát fyrir."



SantaFe með kjúklingi er aðeins 427 kaloríur og kostar 1.290 krónur.



BBQ kjúklinga-tostada kostar 1.240 krónur.

**Heimilisiðnaðarfélag Íslands** var stofnað 12. júlí árið 1913. Félagið vinnur að því að viðhalda þjóðlegum íslenskum heimilisiðnaði, auka hann og efla. Félagið hefur aðsetur að Nethyl 2e. Þar er verslun, skrifstofa félagsins og Heimilisiðnaðarskólinn þar sem boðið er upp á markvisst nám í mörgum greinum heimilisiðnaðar, handmennta og lista.






# Í stanslausu prjónastuði

**Prjónakunnáttan virðist stundum fylgja með móðurmjólkinni. Þannig var það hjá Unu Ósk Runólfsdóttur. Hún hefur prjónað frá unga aldri og deilir áhugamálinu með mömmu sinni, Halldóru Georgsdóttur.**

„Mér finnst mjög gaman að prjóna og ég man eftir mér sex ára að æfa mig á vöffluprjóni hjá langömmu,“ segir Una Ósk Runólfsdóttir hlæjandi þegar hún er spurð hvenær hún hafi lært að handleika prjóna. Núna notar hún hverja lausa stund til að grípa í þá og búa til fallegar flíkur á sig, börnin sín þrjú og aðra vini og vandamenn. Mamma hennar, Halldóra Georgsdóttir, er á sömu línu og oft sitja þær mæðgur saman og sinna þessu hugðarefni sínu.

„Við prjónum mest úr íslenskum lopa en líka úr norskri ull sem er enn mýkri en sú íslenska,“ segir Una. Hún segir Álafossbókunum mikið flett þegar komi að vali á mynstrum og uppskriftum en þær breyti þeim gjarnan eftir eigin höfði og móti flíkina að smekk og lögun notandans. *- gun*



Prjónaskapurinn er eitt af því sem tengir þær mæðgurnar, Unu og Halldóru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þetta snotra pils er reyndar ekki prjónað heldur heklað með fastahekli.



Þessar opnu peysur eru úr norsku ullargarni.



Hlýlegir kjólar úr plötulopa, bryddaðir með skrautgarni.



Góðar krakkapeysur fyrir leikskólann þegar kuldinn bítur.

## Ný hönnun frá NöNu



Guðbjörg Jóna eða NaNa sem er listamannsnafnið hennar hefur hannað og saumað vesti úr Toskanalambaskinni.

Vestið er bryddað með roði og tekið saman í baki með roði.

NaNa hefur hannað og saumað ýmsa fylgihluti eins og veski, herðaskinn, skinnhúfur og belti og selt á handverksmörkuðum um allt land.

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér vörurnar hennar NöNu er bent á að hún verður með þær til sölu á ýmsum handverksmörkuðum s.s. í Firði, Mjódd og Elliðavatni fram að jólum.

Einnig er hægt að skoða vörurnar og hafa samband við NöNu í gengum heimasíðu hennar sem er **www.nana.is**, netfangið nana@nana.is og í síma 847-8980.





# Heklað fyrir tréð



Stjörnurnar má hengja á jólatré eða nota sem skraut á jólapakka.

**Aðventuna má nýta til að búa til jólaskraut og er sniðugt að eyða einni og einni kvöldstund á stuttu hannyrðanámskeiði í desember.**

Námskeið í hekli fer fram annað kvöld í hannyrðaversluninni Storkinum, milli klukkan 18 og 21.

Sólveig Sigurvinsdóttir kennir þar að hekla stjörnur og fer yfir eins margar uppskriftir og tíminn leyfir á einu kvöldi. Eins verður farið yfir hvernig stífa á stjörnurnar svo þær megi hengja á jólatréð eða nota sem skraut á jólapakkana. Þátttakendur þurfa að hafa með sér heklunálar í nokkrum grófleikum en garn í prufur er innifalið. Þátttökugjald er 5.000 krónur en nánari upplýsingar er að finna á www.storkurinn.is. *- rat*


Guðrún Hannele Henttinen og Helga Thoroddsen hafa gefið út bókina Prjónatal, skipulagsbók fyrir prjónafólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensk ull er samsett úr tveimur hárgerðum, þeli og togi. Þelið er fín, mjúk og liðuð hár sem einangra vel. Togið er löng og slétt hár sem hrinda frá sér vatni. Þessar tvær hárgerðir gera íslensku ullina léttari en flestar ullartegundir, hún hrindir frá sér regni og heldur húðinni þurri með því að hleypa í gegn útgufun frá líkamanum. Oft nægir að viðra ullarflík vel í stað þess að þvo hana.

Heimild: www.handknit.is

# Haldið utan um lykkjur

**Prjónaáhugi getur hæglega breyst í prjónaástríðu, segja Guðrún Hannele Henttinen og Helga Thoroddsen. Þær hafa nú gefið út bókina Prjónatal, skipulagsbók fyrir áhugasamt prjónafólk.**

„Þetta er í senn prjónabók með uppskriftum fyrir reyndara prjónafólk, og dagbók eða skipulagsbók,“ útskýrir Guðrún Hannele Henttinen sem ásamt Helgu Thoroddsen hefur sett saman bókina Prjónatal. Hún segir prjónaáhuga gjarnan þróast út í prjónaástríðu og þá sé gott að geta gripið til bókar sem þessarar.

„Þegar lengra er komið í prjónaskap vaknar oft þörf fyrir að breyta uppskriftum og þá þarf að skrifa hjá sér ýmislegt. Fyrir þá sem hafa prjón sem áhugamál er þetta skemmtileg bók að eiga og þvælast með allt árið. Hún er innbundin og góður pappír í henni sem gott er að skrifa á og hún er líka fyrir augað.“

Í bókinni er að finna frumsamdar uppskriftir eftir Helgu. Hver kafli hefst á yfirliti yfir mánuðinn, þá kemur uppskriftin og svo tekur við ein blaðsíða fyrir hverja viku. Aftast í bókinni er að finna fróðleik og nytsamlegar upplýsingar, svo sem um prjónastærðir, garn og lista yfir prjónahugtök á ensku.



Þær Helga og Guðrún eru báðar textílmenntaðar og segja prjónaskap sínar ær og kýr. Við vinnslu bókarinnar nutu þær aðstoðar sona sinna, þeirra Helga Gunnarssonar Thoroddsen og Egils Kalevi Karlssonar.

„Helgi er að klára grafíska hönnun við LHÍ og sá um útlit bókarinnar. Hann tók líka allar ljósmyndirnar,“ útskýrir Guðrún. „Egill, sonur minn er myndlistarmaður og hönnuður og vann teikningarnar í bókina. Við erum mjög ánægðar með útkomuna enda lögðum við metnað í að gera eigulega bók.“

Bókin er þegar komin í dreifingu hjá Storkinum ehf. og fæst í einnig í flestum bókabúðum. Guðrún tekur fram að prjónafólk búsett úti á landi þurfi ekki að borga flutningskostnað þegar það panti bókina, til að allrar sanngirni sé gætt. En er von á árlegu Prjónatali?

„Það er strax komin af stað hugmyndavinna fyrir næstu bók. Við lögðum svo mikla vinnu í þessa að það er ekki hægt annað en halda áfram.“

*heida@frettabladid.is*

Jólagjöfin í ár !
Prjónasett eða Heklsett / Stærsta settið á markaðnum og besta verðið!
Denise settin fást fást í verslunum Hagkaupa, Eymundsson og á Garnbudin.is / úrval aukahluta og lífstíðar ábyrgð.
Garnbúðin.is



Kynning

**PRJÓNATAL 2011 er í senn dagbók fyrir áhugafólk um prjón og prjónabók með fallegri íslenskri prjónhönnun.**

Dagatal er fremst í hverjum mánuði og svo vika per blaðsíðu. Aftast í bókinni er kafli með hagnýtum upplýsingum um garn, prjóna og margt fleira sem nýtist þeim sem prjóna. Innbundin, vönduð og metnaðarfull bók prýdd fjölda ljósmynda og teikninga.

**Upplýsingar og dreifing:**
Storkurinn, Laugavegi 59, 101 Reykjavík,
sími 551 8258, storkurinn@storkurinn.is




Eftirlæti handa þinna
addi
MADE IN GERMANY



Gæða prjónar
Satúrnus ehf
-Stofnað 1958-
Fæst í hannyrðavöruverslunum
Heildsöludreifing: Satúrnus ehf. Brautarholti 4A, Reykjavík.

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. 8–17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8–17

## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



M.BENZ E 200 AVANTGARDE METAN NGT. Árgerð 2009, ekinn 9 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Rnr.101336

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**




Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á planið hjá okkur, Skráið bílinn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Skoda Octavia Combi 4x4 Árgerð 12/2005, ekinn 92þ.km, bsk, bensín, ný tímareim, ástandsskoðun til og bíllinn er á staðnum. Frábært verð aðeins 1.790.000kr. Raðnúmer 151286. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



VW POLO. Árgerð 1998, ekinn 162 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 275.000. Rnr.152622 Bíll í toppstandi, er á staðnum.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX (33"). Árgerð 2008, ekinn 60 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 7.690.000. Rnr.182014

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

STÓRA BÍLASALAN



Skoda Fabia NÝR Árgerð 2010, 1.2L vél, beinskiptur. Nokkur eintök til staðar. Tilboðsverð aðeins 1.990.000kr! Raðnúmer 150829. Nánar á www.stora.is Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

### Bílar til sölu



Til sölu WV Polo árg. ,98 beinsk. 3ja dyra ek. 147 þús nýsk. Góð vetrardekk. Verð 290 þús. Uppl. s. 868 2352.



til sölu Grand Cherokee árg'94, ek. 220 þús. Nýsk. Uppl í s. 893 5517



**Útsala 95þ.**
Hyundai Sonata árg.'97, ssk. Ek.140 þús. Þarfnast lagfæringar. V. 95þ. Uppl. í s. 891 9847.



Ford Transit T300 árg. ,03. Í góðu standi en lakk lélegt. Ekinn 173 þús.km. Nýskoðaður, allt nýtt í bremsum og allar hjólalegur nýjar. Verð 800.000 + VSK. Sími 898 7820.

### 0-250 þús.

Polo 1,4 árg'98. Nýsk, ek.150 þús. Negldum vetradekkjum.V. 250 þús. S. 864 6587

### Bílar óskast

Ódýr smábíll í góðu lagi óskast. Verðbil 50-100 þús. Netfang bj.orn@internet.is.

Nissan bílar, Micra, Almera og Primera og fleira óskast til niðurrifs og uppgerðar. Sæki út á land. Uppl. í s. 893 5517.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**
Vantar bíl á verðinu 0-200þ. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374.

ó/e toyota touring, skoða allt. verðhugmynd 100-150þús 7722358, 8205907

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

### Jeppar



FORD EXPEDITION EDDIE BAUER ,98 Einn með öllum lúxus.Verð 1.190 þús. skipti skoðuð, s. 615 2500

### Bílaþjónusta



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is



**Flutningar, partý, hóp**
Höfum sendibíla, 9 og 14 manna bíla til leigu sem og allar aðrar helstu gerðir bifreiða. Sendibíll 6.900,- dagurinn. 9 manna 16.000,- dagurinn. 14 manna 29.900,- dagurinn. Ótakmarkaður kílómetrafjöldi og tryggingar innifaldar. Cheap Jeep, 562-6555, www.cheapjeep.is.

### Flug




Sími 517-8878 / 897-7547. Einnig velkomið að líta við í verslun okkar í Dugguvogi 17-19. 2.hæð

### Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Partabilar.is 770-6400**
**Lónsbraut 6 Haf.**
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Hringbraut.is**
**Varahlutasala**
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan Scenic 98, Freelander, Impreza 97,Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

### Viðgerðir

Allar almennar bílaviðgerir. Tímareimaskipti, tölvulesum margar gerðir bíla. Bifreiðaverkstæðið Höfði, Hamarshöfða 6 sími 578 0118 eða hofdi6@gmail.com

## ÞJÓNUSTA

### Sendibílaþjónusta

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Til sölu

**Eigum til sýningarvélar á frábæru tilboði**



**MiniMax LAB 300N**
Alsambyggð vél - Álsleði -
Hallandi blað - Fyrirskeri
3 motorar - 3hö
**Tilboðsverð: 850.000.- m/vsk**



**MiniMax ST3 W**
Sög og fræsari - Hallanl. blað.
Hallanl. fræsispindill - Álsleði
2 motorar - 5 hö
**Tilboðsverð 830.000 m/vsk**



**MiniMax C26 Genius**
Alsambyggð vél - Álsleði
Hallanlegt blað - Einnota hefiltennur
**Tilboðsverð 670.000 m/vsk**

Sjá nánar á www.idnvelar.is

Sagarblöð/verkfæri/loftpressur/lím/járnsmíðavélar.

Þjónusta við allar gerðir iðnaðarvéla.

IÐNVÉLAR
SMIÐJUVEGI 44-46 • KÓPAVOGI • S: 414 2700 • Fax: 414 2701

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## Atvinna

### Idea ehf óskar eftir tilboðum í endurbyggingu iðnaðarhúss í Sandgerði

Um er að ræða 1360 m² steinsteypta byggingu á einni hæð sem varð fyrir eldsvoða.

**Helstu magntölur eru:**
- Niðurrif og förgun þaks: 1.100 m²
- Endursmíði þaks: 1360 m²
- Einangrun: 1360 m²
- Einangrun og klæðning veggja: 750 m²,
- Málun: 2500 m²
- Uppsetning iðnaðarhurða, gönguhurða, ljósa, kapalstiga ofl.

Verkkaupi útvegar allt efni til verksins.
Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. mars 2011.
Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá fimmtudeginum 9. desember 2010.

Áhugasamir sendi beiðni um útboðsgögn og hugsanlegar fyrirspurnir á verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar haukur@vha.is fyrir kl 16.00 miðvikudag 08.desember 2010.

Tilboðum skal skilað á Verkfræðistofu Hauks Ásgerissonar **mánudaginn 20. desember 2010 kl. 11.00.**

SELTJARNARNESBÆR

### Auglýsir stöðu húsvarðar Grunnskóla Seltjarnarness

**um 100% stöðugildi er að ræða**

Óskað er eftir að ráða húsvörð sem hefur umsjón með fasteignum Grunnskóla Seltjarnarness, starfsstöðvunum Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla. Húsvörður hefur umsjón með rekstri húsnæðis, þ.m.t. viðhaldi og ræstingu.

**Hæfniskröfur:**
- reynsla og áhugi á að vinna með börnum á grunnskólaaldri
- fjölbreytt verkhæfni
- þjónustulund
- samskiptafærni og áhugi á að vinna með fólki

Umsóknarfrestur er til 13. desember 2010 og skal senda upplýsingar um fyrri störf og meðmælendur á netfangið baldur@seltjarnarnes.is
Á Seltjarnarnesi eru um 550 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfsstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.
Nánari upplýsingar fást hjá Baldri Pálssyni fræðslufulltrúa með tölvupósti á netfangið baldur@seltjarnarnes.is

***Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar***
***www.grunnskoli.is***

### FÉLAGSRÁÐGJAFI/ ÞROSKAÞJÁLFI

Fjölskyldusvið Garðabæjar óskar eftir að ráða félagsráðgjafa/þroskaþjálfa í fullt starf.

**Starfssvið:**
- Hefur umsjón með þjónustu við fatlaða.
- Tekur þátt í uppbyggingu málaflokksins sem m.a. felur í sér samþættingu við félagsþjónustuna.

**Hæfniskröfur:**
- Próf í þroskaþjálfun eða félagsráðgjöf.
- Reynsla af störfum við málefni fatlaðra og góð yfirsýn yfir málaflokkinn er mikilvæg.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Umsóknarfrestur er til og með 16. des. 2010.**

Vinsamlegast fyllið út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar, Mínum Garðabæ.

**Frekari upplýsingar:**
Bergljót Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri í síma 525 8500.
Netfang; bergljot@gardabaer.is.

***Garðabær - þjónusta til þín***

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fjölskyldusvið

## Óskast til leigu

### Orlofshús óskast

SFR stéttarfélag óskar eftir að taka á leigu orlofshús fyrir félagsmenn sína næsta sumar (maí til september 2011).

Húsin þurfa að vera fullfrágengin og með húsgögnum og almennum búnaði. Allar staðsetningar koma til greina en þó er sérstaklega óskað eftir húsum í Skagafirði eða á suð-vesturhorni landsins. Einnig leitum við sérstaklega að orlofshúsi þar sem hægt er að hafa gæludýr með sér.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um hafa samband við Önnu Dóru hjá SFR, (dora@sfr.is) og senda lýsingu ásamt mynd.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU


# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!



# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is


## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Perfekt whole body massage with two or four hands 693 7597.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




**Avon Camo veiðistígvél**
Fislétt og hlý. Ótrúlega þægileg. Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

Nýleg 26m2 stúdíóíbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni“ við Iðnskólann. Eldhúskrókur og baðherbergi í íbúð, húsaleigubætur fást á þessa íbúð. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00

Til leigu 85 m2 lagerhúsnæði í 109 Rvík lofthæð 3.7 mtr. Stórar innkeyrsludyr Upplýsingar í síma 663 2828 eða á netfanginu gauja@gauja.is

Til leigu glæsileg 2-3 herb íbúð í 111. Laus 15 des. Gæludýr ekki leyfð. Uppl í síma 861 7381 e kl 17

ROOM F/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK.NEAR KRINGLAN AND 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

## Húsnæði óskast

Reglusöm fjölskylda (hjón með barn) óska eftir 3ja.herb íbúð í 105 Rvk til langtímaleigu. Uppl í s. 864 6576

ÓE 3h íbúð á Rvk svæðinu. Reykleysi og skilvísum greiðslum heitið. S: 8493148

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Hlynur sf. óskar eftir að ráða trésmið vanann allri almennri smíðavinnu. Upplýsingar gefur Pétur í síma 865 2300.

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




**Viltu gefa? . . . Ekki henda!**

Sækjum ef óskað er
símar: 561 1000
661 6996

**Nytjamarkaður Samhjálpar**
Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opið alla daga
kl. 13 – 18 nema
laugard.og sunnud.


**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR** leikkona er 48 ára í dag.

*Það er stundum dálítil áhætta að taka þátt í gríni. Það er eins og að henda sprengju, þú veist ekki hvort hún virkar eða virkar ekki.*

## Merkisatburðir

**1431** Hinrik VI. Englandskonungur er krýndur konungur Frakklands í París.

**1881** Minnisvarði um Jón Sigurðsson forseta er afhjúpaður á gröf hans í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík að viðstöddu miklu fjölmenni.

**1933** Í fyrsta sinn er útvarpað miðilsfundi í Ríkisútvarpinu. Þar kemur fram Lára miðill og mælir fyrir munn margra framliðinna.

**1936** Í Bjarneyjum á Breiðafirði rignir skyndilega síld og er talið að skýstrókur hafi náð að sjúga upp síldina er hann átti leið yfir sjó.

**1941** Japanar ráðast á Perluhöfn og draga þannig Bandaríkin inn í síðari heimsstyrjöldina.

**1980** Golfklúbburinn Kjölur er stofnaður í Mosfellsbæ.

**ÞETTA GERÐIST:** 7. DESEMBER 1964

## *Sameinuðu þjóðirnar taka upp fána*

Sameinuðu þjóðirnar eru alþjóðasamtök stofnuð árið 1945 til að koma í veg fyrir stríð í framtíðinni vegna sameiginlegra öryggishagsmuna aðildarríkja. Alls eru aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum 192 talsins og funda þau reglulega um málefni er varða samtökin í höfuðstöðvum þess í New York. Ísland hefur verið aðildarríki frá árinu 1946.

Nítján árum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna tóku þau upp sérstakan fána, nánar tiltekið 7. desember árið 1964. Fáninn sýnir kort af jörðinni með norðurpól í miðju en það á að sýna hversu afstæð miðja hennar er. Bakgrunnurinn er blár og merkir himininn sem allir jarðarbúar sjá sömu augum og einnig ólífugreinar, sem ásamt hvíta litnum á jörðinni og greininni eru friðartákn.



Við þetta má bæta að valdamesti embættismaður Sameinuðu þjóðanna er aðalritari samtakanna. Suður-Kóreumaðurinn Ban Ki-moon hefur gegnt því embætti frá 1. janúar 2007. *Heimild: www.wikipedia.org*



HARPA DÍS HARÐARDÓTTIR: HLAUT HVATNINGARVERÐLAUN ÖBÍ 2010

# Notalegt að fá klapp á bakið

„Mér þykir virkilega vænt um þessa viðurkenningu," segir Harpa Dís Harðardóttir um hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands 2010 í flokki einstaklinga. Þau hlaut hún fyrir metnaðarfullt hugsjónastarf við gerð orlofshúss með góðu aðgengi fyrir fatlað fólk svo og áralanga baráttu fyrir réttindum fatlaðra.

Harpa Dís býr í Björnskoti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hún er skógfræðingur að mennt og starfar hjá Suðurlandsskógum sem svæðisstjóri í Árnessýslu. Auk þess situr hún í sveitarstjórn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og er stjórnarmaður í Þroskahjálp. Það eru opinberu störfin. Hún er líka húsfreyja og móðir. Meðal annars á hún tvö fötluð börn, stúlku fædda 1990 og dreng fæddan 1994.

„Stelpan mín er í stórum hjólastól og ósjálfbjarga og ég var búin að reyna á eigin skinni að það eru engin orlofshús á landinu sem fatlað fólk gat nýtt sér. Hjólastóll kemst hvergi inn á baðherbergin eða það vantar sjúkrarúm. Fatlaðir þurfa svo mikið pláss og góða aðstöðu. Þannig að mér datt í hug að stinga upp á að Þroskahjálp á Suðurlandi gerði ýmsar endurbætur á húsi sem þau samtök hafa átt í tæp þrjátíu ár við Lambhaga á Selfossi og gerði það að aðlaðandi orlofshúsi fyrir fatlaða. Það var gert og húsið var uppantað í allt sumar, þannig að það var virkileg þörf fyrir það. Við auglýstum það líka á landsvísu hjá öllum hagsmunasamtökum fatlaðra einstaklinga. Það stendur þeim öllum til boða."

Harpa Dís segir foreldra fatlaðra barna á svæðinu hafa komið á fót þjónustu við fötluð börn í húsinu þegar það var keypt á sínum tíma. „Foreldrarnir unnu merkilegt starf. Svo gerðist það að ríkið yfirtók reksturinn og fékk húsið til afnota en flutti sína starfsemi úr húsinu árið 2007 þannig að Þroskahjálp tók við því aftur. Húsið var því tilvalið til notkunar fyrir fatlað fólk að mörgu leyti, það þurfti bara að gera vissar endurbætur, innrétta upp á nýtt að hluta og útvega það sem til þurfti."

Í ítarefni sem Öryrkjabandalagið sendi fjölmiðlum vegna hvatningarverðlaunanna kemur fram að Harpa Dís og hennar fjölskylda hafi unnið ómælda sjálfboðavinnu við breytingar á húsi Þroskahjálpar. Þegar það atriði er borið undir Hörpu Dís segir hún: „Við viljum halda kostnaðinum í lágmarki til að sem flestir hafi efni á að dvelja í húsinu. Það er alltaf stutt í ungmennafélagsandann hjá mér enda tel ég að við sköpum sjálf samfélagið sem við búum í og getum ekki alltaf krafist alls af öðrum. Ég hef því alltaf verið fús til að vinna sjálfboðavinnu í þágu góðra mála."

gun@frettabladid.is



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinn Sæmundsson,**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Lyngholti 15, Reykjanesbæ,

lést laugardaginn 4. desember.

**Júlíana Sveinsdóttir**
**Vilhjálmur Sveinsson** **Hulda Fríða Berndsen**
**Sveinn Daði Einarsson** **Þórhildur Önnudóttir**
**Berglind Anna Einarsdóttir**
**Ísak Vilhjálmsson**
**Lilja Torfadóttir**



†

*Okkar ástkæri sonur, bróðir og mágur*

**Hannes Ragnarsson**

Klapparhlíð 24, Mosfellsbæ

lést á Landspítalanum 30.nóvember. Jarðaförin fer fram í Fossvogskirkju miðvikudaginn 8.desember kl.13:00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðbjörg K. Hannesdóttir,**
**Kristín Ó. Ragnarsdóttir** **Friðgeir Guðnason**
**Magnea Ragnarsdóttir** **Þórir Lárusson**
**Jakob Ragnarsson** **Margrét Halldórsdóttir**
**Þorbjörg Ragnarsdóttir** **Karl Sigurðsson**
**Sigurjón Ragnarsson** **Hrönn Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg Ragnarsdóttir** **Valgarður Guðmundsson**
**Sigrún Ragnarsdóttir** **Árni Freyr Jónsson.**



†

*Ástkæra mamma, tengdamamma, amma og langamma,*

**Hólmfríður Guðlaug Jónsdóttir,**

fyrrverandi sendiherrafrú, Þorragötu 5, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 28. nóvember, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 9. desember kl. 13.00.

**Bergljót K. Ingvadóttir** **Einar Kr. Guðmundsson**
**Guðfinna Anna**
**Guðni Grétar**
**Ástríður Guðrún**
**Hólmfríður Guðlaug**
**Ingvi Ágústsson** **Þórhildur Sif Þórmundsdóttir**
**Ingvi Sigurður**
**Þór Trausti**
**Ágúst Örn**



†

*Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Úlla Þormar Geirsdóttir Árdal,**

Lindarsíðu 2, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri 1. desember sl. Hún verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju, fimmtudaginn 9. desember kl. 13.30.

**Kristín Árdal** **Friðrik Jósepsson**
**Geir Árdal** **Margrét Bjarnadóttir**
**Tómas Árdal** **Selma Hjörvarsdóttir**
**Páll Hallfreður Árdal** **Ólöf Kristín Stefánsdóttir**
**Álfheiður Árdal**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Theódóra Pétursdóttir,**

Lágholti 21 Stykkishólmi,

sem lést 1. Desember s.l. verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 10. Desember kl 14.00.

**Eggert Bergmann Halldórsson** **Særún Sigurðardóttir**
**Þórir Halldórsson** **Þórkatla Kristín**
**Valþórsdóttir**
**Erla Halldórsdóttir** **Ívar Sigurður Kristinsson**
**Gyða Stefanía Halldórsdóttir** **Ævar Karlsson**
**og barnabörn**

# Úrval nýrra ljósa á betra verði



Bell



Apollo



Pagoda Luna Folia



Casanova



Pinto



Harley



Pinto



Mysinge



Picasso



Anastasia



Anastasia



Anastasia

Opið:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10 - 18
Laugardaga frá kl. 11 - 16

www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# Myndir, örnefni, tónverk og viðtöl



**ÚTHLUTUNARATHÖFN** Ánægðir styrkþegar og stjórn Þjóðhátíðarsjóðs. MYND/ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ/JÓHANNA BERGMANN

Úthlutað hefur verið 59 styrkjum úr Þjóðhátíðarsjóði vegna verkefna ársins 2011 en hlutverk sjóðsins er að vernda og varðveita menningarverðmæti sem núlifandi kynslóð hefur fengið í arf.

Meðal þeirra verkefna sem náð hlutu fyrir stjórn sjóðsins eru þættir um sögu Ríkisútvarpsins í tilefni af áttatíu ára sögu þess, uppbygging fræðaseturs í Þistilfirði sem tileinkað er forystufé, skönnun mynda úr safni Jóns Kaldals ljósmyndara og opnun netaðgangs að þeim og gagnasöfnun og skráning á íslensku táknmáli. Skráning og varðveisla tónverka, heimilda, örnefna og ýmissa fornminja er styrkt af sjóðnum. Má nefna endurgerð Hrunaréttar, hljóðritun viðtala við konur sem unnu við iðnað á Akureyri á síðustu öld og skráning heimilda um heiðarbýlin á Vopnafjarðaröræfum. **- gun**

# Skreyttu elsta jólatré landsins

Elsta jólatré landsins er í Húsinu á Eyrarbakka. Tréð var smíðað árið 1873 af Jóni Jónssyni, bónda á Þverspyrnu, fyrir Kamillu Briem, prestfrú í Hruna. Tré af slíkri stærð hentaði aðeins efnaðri fjölskyldu sem bjó við rúm húsakynni, enda var ráð fyrir því gert að dansað væri í kringum tréð sem er tæpur metri á hæð með 38 pílum sem stungið er í tréstofninn. Lyngi er stungið í þar til gerð göt á pílunum og kerti sett á endana.

Fjölmörg önnur jólatré eru til sýnis í Húsinu og sýna vel þá þróun sem orðið hefur í jólatrjáaeign Íslendinga.



**TRÉ SKREYTT LYNGI** Það er hátíðleg stund þegar elsta jólatré landsins er skreytt lyngi og greinum. Elínborg Guðmundsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Guðborg Aðalsteinsdóttir, Auðbjörg Guðmundsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir leggja mikla alúð við verkið.



**LÉTTSVEIT REYKJAVÍKUR** Verður með tónleika í Bústaðakirkju í kvöld, á morgun og á fimmtudag.

# Tónar Léttsveitar

Jólatónleikar Léttsveitar Reykjavíkur verða haldnir í Bústaðakirkju í kvöld, annað kvöld og á fimmtudagskvöldið og hefjast þeir allir klukkan 20. Á þessum tónleikum koma fram með Léttsveitinni þær Sigríður Thorlacius og Hildigunnur Einarsdóttir. Á dagskrá verða gömul og ný jólalög. Hluti af dagskránni verður helgaður minningu Eyglóar Eyjólfsdóttur sem lést í september síðastliðnum.

Hljóðfæraleikur er í höndum Aðalheiðar Þorsteinsdóttur píanóleikara, Tómasar R. Einarssonar bassaleikara og Kjartans Guðnasonar trommuleikara. Miðaverð er 3.000 krónur og eru miðar til sölu í síma 897-1885, á lettsveit@lettsveit.is.

---



†

*Ástkær móðir mín,*

**Sigríður María Sigurðardóttir,**

Stigahlíð 20, Reykjavík,

lést þann 24. nóvember sl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 8. desember nk. kl. 13.00.

**Hanna Þórarinsdóttir**

---



†

*Elskuleg móðir okkar og amma,*

**Hulda Alda Daníelsdóttir,**

Funalind 7, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 3. desember. Jarðarförin fer fram þriðjudaginn 14. desember kl. 13.00 frá Hjallakirkju í Kópavogi.

**Anna H. Guðmundsdóttir**
**Sigurður A. Guðmundsson**
**Hans Erik Dyrlie**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, bróðir okkar og mágur,*

**Friðþjófur Valgeir Óskarsson,**

Hátúni 10a, Reykjavík,

lést að morgni þriðjudagsins 30. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Magnea Ósk Óskarsdóttir**
**Helga Óskarsdóttir**
**Stella Gróa Óskarsdóttir** — **Guðmundur Sigurjónsson**
**Sigþór Óskarsson** — **Hjördís Lúðvíksdóttir**

---



†

*Elskulegi stjúpfaðir minn, afi, langafi og bróðir,*

**Árni Árnason**

Furugrund 68, Kópavogi,

sem lést mánudaginn 29. nóvember, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju fimmtudaginn 9. desember kl. 15.00.

**Örn Vilmundarson**
**Kristín G. Arnardóttir** — **Kristófer Jóhannesson**
**Theodóra Dröfn Skarphéðinsdóttir**
**Eydís Anna Kristófersdóttir**
**Viktor Jóhannes Kristófersson**
**Sigurjón G. Arnarson**
**Árný Ösp Arnardóttir**
**Björg Árnadóttir**
**Friðrik Árnason**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn E. Kristjánsson,**

fyrrverandi lögregluvarðstjóri,

lést miðvikudaginn 1. desember á Dvalarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 10. desember kl. 15.00.

**Axel Björnsson** — **Hrefna Kristmannsdóttir**
**Aðalheiður Björnsdóttir Jensen** — **Poul Jensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

**Kristjana Höskuldsdóttir**

í Melaleiti

andaðist sunnudaginn 5. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jón Kr. Magnússon**
**Solveig K. Jónsdóttir** — **Sigurður Á. Þráinsson**
**Salvör Jónsdóttir** — **Jón Atli Árnason**
**Áslaug Jónsdóttir** — **Vilhjálmur Svansson**
**Védís Jónsdóttir** — **Jón Erlingur Jónasson**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Jónasdóttir,**

Sjafnargötu 7, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 1. desember sl. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 10. desember kl. 13.00.

**Fríða Hermannsdóttir** — **Gunnar Birgisson**
**Valur Snær Gunnarsson**
**Unnur Björk Gunnarsdóttir**
**Elsa Lilja Gunnarsdóttir**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Benediktsdóttir,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn 4. desember sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. desember kl. 13.00.

**Birgir Guðjónsson** — **Sigþrúður Guðmundsdóttir**
**Sonja S. Guðjónsdóttir** — **Birgir Guðlaugsson**
**Arnar Birgisson** — **Kirstine Nellemann Jensen**
**Steinar Birgisson** — **Snæfríður D. Björgvinsdóttir**
**Grétar Birgisson**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Sigurðssonar,**

Hamrahlíð 30, Vopnafirði.

**Friðdóra**
**Sigtryggur**
**Sigurður** — **Greta Marín**
**Gerður**
**Jóhanna**
**Edna Dóra, Árbjört, Tryggvi Snær, Per, Steinar, Torbjørn Angel, Ylfa Rós.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Þórunn Emilsdóttir,**

frá Lækjarmótum, Borgarbraut 1, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Fáskrúðarbakkakirkju fimmtudaginn 9. desember kl. 14.00.

**Veronika Kristín Guðbjartsdóttir** — **Jóhannes Þórarinsson**
**Þóra Kristrún Guðbjartsdóttir** — **Guðjón Gunnarsson**
**Erla Guðrún Guðbjartsdóttir** — **Magnús Kristjánsson**
**Helgi Þröstur Guðbjartsson** — **Inga Sigríður Ingvarsdóttir**

**ömmu- og langömmubörn.**




**KRONBORG DREAMER gæsadúnssæng**
Lúxus gæsadúnssæng fyllt með 90% af gæsadúni og 10% af smáfiðri. Þyngd: 900 gr. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Vandað ver úr 100% bómull.
Má þvo við 60°C. Koddi: 50 x 70 sm. **5.995,-**
Sæng: 135 x 200 sm. **16.950,-**
Sæng: 135 x 220 sm. **19.950,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **29.950,-**

TILBOÐIN GILDA 07.12 - 12.12

# SOFÐU RÓTT UM JÓLIN!




**KRONBORG COMFORT andadúnssæng**
Mjög góð sæng, fyllt með 60% af dúni og 40% af fiðri.
Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Koddi: 50 x 70 sm.
Sæng: 135 x 200 sm. **6.995,-**




**SYMFONI trefjasæng**
Þétt og hlý sæng með ljósbláu áklæði með sikksakk saumi.
Fylling: Fingerðar holtrefjar. Þyngd: 1200 gr. Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm. **2.995,-** Sæng: 135 x 220 sm. **3.995,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **5.995,-**




**NIELSEN sæng**
Góð sæng, fyllt með polyestertrefjafyllingu. Þyngd: 900 gr.
Frábært verð! Hvítt áklæði. Má þvo við 40°C.
Koddi: 50 x 70 sm. Sæng: 140 x 200 sm.




**Fiðursæng**
Fyllt með smágerðu andafiðri. Bómullaráklæði.
Langsaumuð. Þyngd: 1450 gr. Má þvo við 40°C.
Stærð: 135 x 200 sm. Frábært verð!




**KRONBORG LUX andadúnsæng**
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C.
Koddi: 50 x 70 sm. Sæng: 140 x 200 sm. **8.995,-**
Sæng: 140 x 220 sm. **10.950,-**




**DANA ANDRIK fiðursæng**
Sæng fyllt með mjúkum andadúni og smágerðu andafiðri.
Sængin er saumuð í 4 x 6 ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þyngd: 1350 gr. Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm. **3.995,-** Sæng: 135 x 220 sm. **4.495,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **7.995,-**




**DELUX koddi**
Góður koddi fylltur með polyesterkúlutrefjum.
Þyngd: 600 gr. Má þvo við 60°C. Frábært verð!

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

**SLEEP WELL heilsukoddi**
Sérhannaður koddi með þrýstijafnandi eiginleika. Koddinn styður vel við háls og hnakka sem stuðlar að þægilegri og betri nætursvefni. Stærð: 60 x 40 x 9/11 sm.



## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sælgæti, **6.** kusk, **8.** mjöl, **9.** bókstafur, **11.** aðgæta, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** rás, **17.** ennþá, **18.** rell, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** kringum, **4.** peningagræðgi, **5.** skáhalli, **7.** ólaglegur, **10.** framkoma, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** buff, **6.** ló, **8.** mél, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT:** **1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æsa, **19.** öð.


METSÖLULISTI HAGKAUPS
29. nóv. - 5. des.

1. Léttir réttir Hagkaups
2. Stóra Disney matreiðslubókin
3. Eldað með Jóa Fel
4. Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir
5. Furðustrandir
Arnaldur Indriðason
6. Ertu Guð, afi?
Þorgrímur Þráinsson
7. Lífsleikni Gillz
8. Þokan
Þorgrímur Þráinsson
6. Stelpur
Kristín og Þóra
10. Gunnar Thoroddsen
Guðni Jóhannesson

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


# Viðurkennum fjölbreytileikann

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**



Það getur verið mjög skemmtilegt að skoða blogg – eins og það getur líka verið óstjórnlega leiðinlegt og mannskemmandi. Undanfarið hafa einhvers konar lífsstílsblogg skotið upp kollinum í stórum stíl á íslenskum vefsíðum og þau eru afskaplega misjöfn.

**LÍKLEGA** hefur aldrei verið eins mikið framboð af efni á íslensku um það hvernig konur eiga að mála sig, greiða sér, klæða sig og hegða sér. Þetta gildir já sérstaklega um konur. Stundum getur verið mjög skemmtilegt að skoða síður um tísku og fleira sem á að heita „kvenlegt“ en mikið er það þreytandi þegar gert er ráð fyrir því að þessir hlutir séu það eina sem ég og kynsystur mínar getum haft áhuga á.

**EN** í stað þess að einblína á hvað sumar þessara síða eru ömurlegar fyrir konur langar mig líka að koma inn á hvernig komið er þar fram við karlmenn. Mér finnst ég hafa lesið og pirrað mig á óteljandi greinum undanfarnar vikur þar sem talað er hreinlega illa um karlmenn og tönglast á því hversu einfaldir þeir séu. Það sé hægt að skipta þeim niður í ákveðið margar týpur (og sumar beri auðvitað að varast), þeir geti ekki verið bara vinir kvenna, það sé ekki í eðli þeirra að sýna konum umhyggju í veikindum og svona væri lengi hægt að nefna dæmi. Og svo heldur fólk því fram að það séu femínistar sem eru á móti karlmönnum?

**SUMIR** vilja nefnilega meina að allar konur séu í einu hólfi og allir karlar í öðru. Konurnar hafi áhuga á ákveðnum hlutum og karlarnir einhverjum allt öðrum. Oftast heyrist: karlar eru bara svona og konur eru bara öðruvísi. Svo er hommum skipað í hólf með konum og lesbíum með körlum. Afskaplega einfalt.

**EN** hvað með alla sem falla bara ekkert í þessi tvö hólf? Alla karlana sem hafa engan áhuga á fótbolta eða bílum. Alla karlana sem hafa áhuga á tísku og því að líta vel út. Alla sem þykir bara mjög eðlilegt að annast fólkið sitt óháð kyni. Allt samkynhneigða fólkið sem passar ekki inn í útjöskuðu staðalmyndina af drottningum og trukkalessum. Hvernig á að útskýra allt þetta fólk eftir þessum skilgreiningum? Ætli við ættum ekki að hætta að reyna að einfalda hina flóknustu hluti og viðurkenna og vernda fjölbreytileikann.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# DESEMBER TILBOÐ

## ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI




**4BLS BÆKLINGUR**
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




**WOW CATACLYSM**
Í VERSLUNUM TÖLVUTEK
HVERGI BETRA VERÐ!*
**4.990**

*Samkvæmt okkar verðkönnun 6.des 2010, ef þú finnur hann á lægra auglýstu verði þá lækkum við okkar verð á staðnum!

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

**TÖLVUTEK**
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# menning

menning@frettabladid.is

**KAMMERKÓR Í KRISTSKIRKJU** Kammerkór Reykjavíkur heldur tónleika í Kristskirkju klukkan 20 í kvöld. Stjórnandi kórsins er Sigurður Bragason og orgelleikari Bjarni Þ. Jónatansson. Einsöngvarar koma úr röðum kórfélaga. Á efnisskránni er íslensk og erlend kirkjutónlist. Frumflutt verður verkið „Barnabænir“ eftir Oliver Kentish. Einnig verður frumflutt lagið „Jólanótt“ eftir Sigurð Bragason við ljóð Þorsteins Valdimarssonar.

Bækur ★★

**Martröð millanna**

Óskar Hrafn Þorvaldsson

## Harðsoðinn krimmi

Óskar Hrafn Þorvaldsson er nýjasti spennusagnahöfundurinn í íslenskum bókmenntum. Hann er velþekktur sem blaðamaður, síðast sem fréttastjóri Stöðvar tvö og Vísis, og þekkir sem slíkur vel til íslensks viðskiptalífs og innviða þess. Titill fyrstu glæpasögu hans gefur innihaldið skýrt til kynna.



Martröð millanna fjallar um eftirköst kreppunnar og áhrif þeirra á nokkra íslenska milljarðamæringa, nánar tiltekið þrjá skólafélaga úr Versló sem flugu hátt á tímum góðærisins. Sá ríkasti þeirra, piparsveinninn og glaumgosinn Reynir Sveinn, kemur til Íslands í stutta ferð í brúðkaup systur sinnar og er myrtur á hrottalegan hátt. Sagan sem fylgir í kjölfarið greinist í fernt. Við fylgjumst með rannsókn lögreglu á morðinu, blaðamönnum á Dagblaðinu sem líta á morðið sem algera gullnámu fyrir fyrirsagnir og tilheyrandi metsölu, lífi morðingjans og að lokum er stór hluti sögunnar upprifjun á forsögu málsins og ferli félaganna þriggja.

Það fer ekki fram hjá neinum að Óskar notar miskunnarlaust ýmislegt úr fari og sögu íslenskra útrásarvíkinga við mótun persóna sinna, útrásarvíkingarnir Reynir Sveinn, Steinn Þorri og Jón eiga það sameiginlegt að vera óttalegir skíthælar og óhófsmenn á flest. Í sögunni eru skrautlegar lýsingar á hlutum sem flestir þekkja af óljósum sögusögnum: óhófi og sukki í partíhaldi, þar sem eiturlyf, kampavín og vændi leika aðalhlutverkið og þar fram eftir götunum. Þessu er öllu lýst af lítilli samúð, millarnir eru fremur óspennandi persónur, hégómlegir og sjálfumglaðir og kæmi ekki á óvart þótt þetta væri raunsæ lýsing á sumum útrásarvíkinganna.

Martröð millanna er eins og sýnisbók um allt sem tilheyrir heimi íslenskra glæpasagna undanfarin ár. Hér er mansal og vændi, austurevrópskir glæpamenn í slagtogi við íslenska kollega, miðaldra lögregluforingi og stressaðir blaðamenn sem eltast við forsíðufréttir. Þeir einu sem eru fjarverandi að mestu – og kemur kannski einhverjum á óvart – eru eigendur dagblaðsins, þeirra ljóti haus gægist bara einu sinni úr vegg og þeir hafa engin teljandi áhrif á söguna.

Þessi frumraun Óskars Hrafns við glæpasöguskrif er ágætlega heppnaður harðsoðinn krimmi, hann vinnur vel úr þeim sagnaheimi sem skapast hefur í íslenskum krimmum. Það eru einstaka brotalamir á plottinu – hver trúir því til dæmis að leigumorðingi panti sér flugmiða til útlanda viku eftir morðið í stað þess að drífa sig strax úr landi? En þetta skiptir ekki öllu máli og í heildina er söguflléttan ágætlega gerð.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**Niðurstaða:** Martröð millanna er ekki frumleg glæpasaga en stendur ágætlega fyrir sínu og lýsir vel öfgunum og ruglinu sem einkenndu þátttakendur í útrásinni.






# Heiðrar minningu Ellýjar

„Mér þykir mjög við hæfi að heiðra minningu Ellýjar á afmælisdeginum hennar, sérstaklega þar sem hún hefur alla tíð verið mín fyrirmynd í söngnum,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir, sem syngur lög Ellýjar Vilhjálms á tónleikum í Salnum í Kópavogi þriðjudaginn 28. desember, en þann dag hefði Ellý orðið 75 ára. Uppselt er á tónleikana klukkan 20 og því hefur aukatónleikum verið bætt við sama dag klukkan 17.

Guðrún segist ávallt hafa dáðst að söngkonunni. Hún kynntist Ellý lítillega þegar þær störfuðu saman á RÚV og söng með henni á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum árið 1994.

„Árið 2002 hélt ég minningartónleikana „Óður til Ellýjar“ í Salnum, sem áttu að standa yfir í eitt kvöld en urðu að fjölmörgum tónleikum um allt land, sem alltaf var uppselt á,“ segir Guðrún og hlær. „Svo það var alveg ljóst að landsmenn þyrsti í að heyra lögin hennar, enda var hún svo glæsileg söngkona.“



**GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR** Ellý Vilhjálms hefði orðið 75 ára 28. desember og heiðrar Guðrún minningu hennar í Salnum í Kópavogi af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðrún segir tónleikana í Salnum fremur einfalda í sniðum, en með henni leika þeir Agnar Már Magnússon á píanó, Sigurður Flosason á saxófón og slagverk, Birgir Bragason á kontrabassa og Hannes Friðbjarnarson á trommur. „Raggi Bjarni, sem var góður vinur Ellýjar, syngur líka nokkra dúetta með mér og Dagný Atladóttir, barnabarn hennar, segir frá ævi og ferli ömmu sinnar. Það verður vinaleg stemning.“

**- kg**

# Stórfenglegur Mahler

Tónleikar/★★★★

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Vasily Petrenko stjórnaði. Á efnisskrá voru verk eftir Schubert og Mahler.

Stundum er fyndið að lesa hástemmt lofið á vef Sinfóníunnar um stjórnendur hljómsveitarinnar. Auðvitað þarf að selja inn á tónleikana, en af skrifunum að dæma mætti ætla að þetta séu allt rokkstjörnur.

Ég er t.d. ekki viss um að rússneski hljómsveitarstjórinn Vasily Petrenko hafi „lagt heiminn að fótum sér á síðustu árum með tilfinningaþrunginni túlkun sinni“. Hann er vissulega aðalstjórnandi Konunglegu fílharmóníunnar í Liverpool og hann fékk Gramophone-verðlaun í fyrra. En að hann hafi lagt allan heiminn að fótum sér? Hann er ekki Lady Gaga.

Petrenko er þó fínn stjórnandi. Það var auðheyrt strax á fyrstu tónum Ófullgerðu sinfóníunnar eftir Schubert á tónleikum í Háskólabíói á fimmtudagskvöldið. Sinfónían heitir þessu nafni vegna þess að hún er bara í tveimur köflum, ekki fjórum. En auðvitað er hún ekki ófullgerð. Schubert sagði allt sem segja þurfti í tveimur köflum. Hún endar ekki á glæsilegri flugeldasýningu, heldur rennur út í þögnina. Það þótti einkennilegt og ófullgert árið 1822.



**VASILY PETRENKO** „Það er til marks um vandvirkni og listrænan þroska Petrenkos að sinfónían kom einstaklega vel út,“ segir í dómnum.

Sinfónían fór rólega af stað á tónleikunum, en formfegurðin í túlkuninni skilaði sér strax í byrjun. Jafnvægið á milli ástríðufullra og innhverfra kafla var sannfærandi. Það var jafnvægi, en samt togstreita. Togstreitan skapaði spennu sem gerði að verkum að skáldskapurinn komst á flug. Ljóðræna stemningin var óheft, skáldavíman óhamin. Einmitt þannig á Schubert að hljóma.

Í hinu verkinu á dagskránni, fimmtu sinfóníu Mahlers, gekk meira á. Kaflarnir eru fimm, og fyrir þá sem hafa ekki heyrt sinfóníuna áður, kemur hún stöðugt á óvart. Tónmálið er ótrúlega framsækið fyrir upphaf 20. aldarinnar. Það eru sífellt óvæntar uppákomur, maður veit aldrei hvað kemur næst. Sökum lengdar gerir verkið miklar kröfur til áheyrandans, og það er ekki sama hvernig það er framreitt. Ófókuseruð, máttlítil túlkun er ekki bara leiðinleg, hún bókstaflega drepur fólk úr leiðindum.

Það er til marks um vandvirkni og listrænan þroska Petrenkos að sinfónían kom einstaklega vel út. Hljómsveitin spilaði sérlega fallega og af öryggi. Kaflaskipti voru ávallt trúverðug, framvindan eðlileg en samt fersk. Dramatískar andstæður voru skarpar og spennuþrungnar. Hinn flókni, margbrotni söguþráður gekk fullkomlega upp. Endirinn var einhver magnaðasti hápunktur sem ég man eftir á Sinfóníutónleikum.

Petrenko hefur kannski ekki lagt heiminn að fótum sér, en ég persónulega féll kylliflatur fyrir honum!

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Afar trúverðug túlkun á Ófullgerðu sinfóníu Schuberts og fimmtu sinfóníu Mahlers.


Einföld gjöf. Einfalt líf!

**Til allra jólasveina.**

Gefum eitthvað sem gerir það auðveldara að eiga samskipti.
Eitthvað sem allir geta notað.

**Doro PhoneEasy® 332gsm** er á íslensku
og er með flýtihnapp til að senda SMS

**Doro PhoneEasy® 410gsm**
samlokusíminn er sérstaklega einfaldur í notkun.




DESIGN BY DORO OF SWEDEN

vodafone Síminn ELKO og söluaðilar um land allt

**Gerum heiminn aðeins einfaldari.**

MAPEI

# VERÐLÆKKUN Á MÚRVÖRUM




## Húsasmiðjan kynnir lækkað verð á múrvörum!

**Húsasmiðjan hefur nú með nýjum samningum við MAPEI lækkað verð á öllum helstu múrvörum til fagmanna og einstaklinga.**

**Mapei er einn virtasti framleiðandi múrefna í heiminum í dag. Húsasmiðjan hefur yfir 20 ára reynslu af sölu múrefna frá Mapei.**

### NÁMSKEIÐ FYRIR MÚRARA OG TÆKNIMENN

| | | |
|---|---|---|
| Húsasmiðjan Akureyri | 8. des | kl. 16-19 |
| Húsasmiðjan Grafarholti | 9. des | kl. 16-19 |




Tony Hamran sérfræðingur frá Mapei sýnir frábærar nýjungar. Námskeiðið verður í verslunum Húsasmiðjunnar Akureyri og Grafarholti.
Fróðlegt og skemmtilegt námskeið sem fagmenn mega ekki missa af!



Tony Hamran
sérfræðingur frá Mapei

Ókeypis aðgangur.

HÚSASMIÐJAN

# Fólk

folk@frettabladid.is



7,9 **EINKUNNAGJÖF** bandarísku tónlistarsíðunnar Pitchfork fyrir tónleikaplötu Jónsa, Go Live, sem er nýkomin út.

Tónlist ★★★

**Puzzle**

Amiina

## Plata sem vinnur á

Puzzle er önnur plata Amiinu í fullri lengd, en sú fyrri, Kurr, kom út 2007 og þótti framúrskarandi. Auk þess hefur Amiina verið dugleg að senda frá sér smáskífur og EP-plötur. Amiina varð fyrst þekkt sem strengjasveit Sigur Rósar. Þær Edda Rún, Hildur, María Huld og Sólrún eru allar búnar að vera meðlimir lengi, en á nýju plötunni hafa þeir Guðmundur Vignir Karlsson (öðru nafni Kippi Kanínus) og Magnús Tryggvason bæst í hópinn. Stelpurnar spila sem fyrr á ýmis hljóðfæri, en Magnús er slagverksleikari og Kippi er raftóla- og tölvugaur.



Fyrstu viðbrögðin þegar maður hlustar á Puzzle eru vonbrigði. Fyrri platan var einstök á sinn sveimkennda og ofurrólega hátt. Á Puzzle eru komnir skröltandi raftaktar og ásláttur þannig að það fyrsta sem kemur upp í hugann er að Amiina sé farin hljóma eins og múm fyrir nokkrum árum, sem væri ekki endilega slæmt þannig lagað, en ekki það sem maður er að leita eftir. Þegar maður hlustar betur kemur hins vegar þessi ósvikni Amiinu-hljómur í gegn og lögin vinna á. Mín uppáhaldslög eru What Are We Waiting For?, Púsl, Mambó, Thoka og sérstaklega Sicsak sem er frábært. Og þá er ég kominn í fimm lög af átta. Ekki slæmt …

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Amiina heldur kjarnanum, en bætir í litrófið.



**APPARAT ORGAN QUARTET** Átta ár eru liðin síðan síðasta plata sveitarinnar kom út. Útgáfutónleikar verða á fimmtudagskvöld.

# Langþráð vítamínsprauta

**Þögnin hefur verið rofin því fyrsta plata Apparat Organ Quartet í átta ár, Pólýfónía, er loksins að koma út. Útgáfutónleikar verða á Nasa á fimmtudagskvöld þar sem öllu verður tjaldað til.**

Hljómsveitin Apparat Organ Quartet heldur útgáfutónleika á Nasa á fimmtudagskvöld í tilefni þess að önnur plata hennar, Pólýfónía, kemur í verslanir sama dag. Átta ár eru liðin frá útgáfu fyrstu plötu sveitarinnar en upptökur á nýju plötunni hófust fyrir þremur árum.

„Við erum rosamiklir dútlarar. Svo hafa menn verið uppteknir í mörgu öðru, hvort sem það er að gera aðra tónlist eða eignast börn,“ segir Úlfur Eldjárn um þessa löngu bið. „Við ætluðum að vera rosalega snöggir með þessa plötu og gera þetta dálítið „live“ en það klikkaði aldeilis.“ Aðrir meðlimir Apparats eru Jóhann Jóhannsson, Arnar Geir Ómarsson, Hörður Bragason og Sighvatur Ómar Kristinsson.

Pólýfónía, sem er gefin út af 12 Tónum, inniheldur níu lög sem fá innblástur úr ýmsum áttum, þar á meðal frá þýska vísindamanninum Alfreð Wegener. „Hann er maðurinn sem lagði fram grunninn að landrekskenningunni. Að heimurinn hefði verið meira og minna ein heimsálfa. Hann kallaði hana Pangaea, eða Landið eina. Við erum svolítið hrifnir af þeim kenningum öllum og okkar draumur er að reyna að sameina heiminn aftur í þessa Pangaea,“ segir Úlfur. Aðrir áhrifavaldar er guðfaðir gufutölvunnar, Charles Babbage, rokksveitirnar The Ramones og Motörhead, Karlheinz Stockhausen, Buxtehude og Pólýfónkórinn. Söngurinn á plötunni er að mestu í höndum talgervla en lögin eru sungin á ensku, íslensku, þýsku og japönsku.

Úlfur segir hljóminn á Pólýfóníu töluvert frábrugðinn fyrstu plötunni og þeir hafi reynt að fanga betur kraftinn sem einkennir Apparat á tónleikum. Til þess notuðu þeir fjölda hljóðfæra, aðallega gömul orgel og hljóðgervla frá níunda áratugnum. „Það eru mikil tímamót að hafa tekist að klára þessa plötu og þetta er vítamínsprauta fyrir tónleikaprógrammið okkar. Við erum mjög mikið tónleikaband í raun og veru þótt við komum ekki alltof oft fram,“ útskýrir hann. „Það var eiginlega allt „live“ spilað á plötunni og mjög lítið svindlað. Í stúdíóinu vorum við ekkert að forrita hlutina nema við notuðum nýja tækni við sönginn sem við höfum verið að tileinka okkur. Við förum kannski aðeins meira út í öfgar á þessari plötu. Þarna eru nokkur lög sem eru mjög mikið rokk og önnur sem eru meira popp en í raun og veru erum við ekkert að rembast við að fara í ákveðna stefnu.“

Útgáfutónleikar Apparats hefjast kl. 21 og kostar 1.500 kr. inn. Miðasala fer fram í 12 Tónum og á Nasa á fimmtudag. Sérstakir gestir eru Sykur, D.J. Flugvél og geimskip og japanski orgelsnillingurinn Junichi Matsumoto. Einnig hefur rykið verið dustað af sápukúluvél Apparats. „Það var fjárfest í sápukúluvél í góðærinu 2005. Hún hefur bara verið notuð einu sinni og er dregin fram við extra hátíðleg tækifæri,“ segir Úlfur.

**freyr@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 07. desember**

**➜ Tónleikar**

**19.00** Tvennir jólatónleikar **Fíladelfíu** verða haldnir í kvöld og hefjast kl. 19 og 21. Sérstakur tónleikagestur verður **Eiríkur Hauksson**. Miðaverð er 4.000 krónur.

**20.00** **Kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur** verður með jólatónleika í Bústaðakirkju kl. 20 í kvöld. Einsöngvarar með kórnum eru Sigríður Thorlacius og Hildigunnur Einarsdóttir. Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Tómas R. Einarsson og Kjartan Guðnason spila undir. Stjórnandi er Jóhanna V. Þórhallsdóttir. Miðaverð er 3.000 krónur.



**➜ Upplestur**

**20.00** Leshópur **FEBK í Gullsmára,** félagsheimilinu Gullsmára 13 í Kópavogi kemur saman í kvöld kl. 20. **Njörður P. Njarðvík,** rithöfundur og skáld, segir frá æviferli sínum og ræðir um síðustu bækur sínar. Stjórnandi er Tryggvi Gíslason. Enginn aðgangseyrir. Allir velkomnir. **-Stjórn FEBK.**



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


Jólagjöfin í ár

er gjafakort í Jóga stúdíó



Jóga er gjöf sem heldur áfram að gefa

Gefum þeim sem okkur þykir vænt um, tíma til að fylla á sjálfan sig meira súrefni og tíma til að styrkja sig og slaka á.

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
772-1025 - Ágústa | 695-8464 - Drífa
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

JÓGA Stúdíó


# Leitað að röddum í kór Hörpunnar

„Við erum að fara í þessa leit til að undirstrika að Harpan er tónlistarhús allra Íslendinga,“ segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpunnar. Á morgun mun hún og Þorgerður Ingólfsdóttir, stjórnandi Hamrahlíðakórsins, hefja ansi merkilegt ferðalag um allt Ísland. Tilgangurinn er að finna raddir, á aldrinum 16 til 23 ára, til að vera með í kór sem hefur verið gefið vinnuheitið Raddir Íslands en hann á að taka þátt í opnunarhátíð Hörpunnar á næsta ári. Þær Þorgerður og Steinunn Birna munu heimsækja alla landshluta og byrja leitina reyndar í öðru menningarhúsi, Hofi á Akureyri.

Steinunn segir að raddirnar sem þær hyggist finna nemi nokkrum tugum, það velti auðvitað allt á efni og aðstæðum. Þær stöllur verða eflaust ekki í vandræðum með að manna þær stöður enda þátttaka í kórastarfi með eindæmum góð á Íslandi. „Valið verður auðvitað í höndunum á mjög reyndum kórstjórnanda, svo vægt sé til orða tekið, því Þorgerður er auðvitað frumkvöðull í kórastarfi ungs fólks og kórinn hennar, Hamrahlíðakórinn, verður grunnurinn sem byggt verður á,“ útskýrir Steinunn Birna. Allar æfingar og þjálfun verða í höndum Þorgerðar. **- fgg**





**HÖRPUKÓR** Steinunn Birna og Þorgerður Ingólfsdóttir ætla að fara út um allt land og finna raddir í kór sem á að syngja í tengslum við opnun Hörpunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ALVEG SAMA** Nick Lachey er ekkert að spá í þá tilviljun að fyrrverandi eiginkona hans hafi trúlofað sig tæpri viku á eftir honum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spáir ekki í Simpson

**Nick Lachey, fyrrverandi eiginmaður söngkonunnar Jessicu Simpson, er nú trúlofaður kærustu sinni, sjónvarpsstjörnunni Vanessu Minnillo. Stuttu eftir að trúlofun Lachey og Minnillo var gerð opinber lýsti Simpson því yfir að hún væri einnig trúlofuð sínum kærasta. Lachey segist þó lítið hafa velt sér upp úr þessari tilviljun.**

**„Ég hef í raun ekkert um þetta að segja. Tímasetningin kemur mér ekki við,“ sagði hann í viðtali við USA Today. Þegar Lachey var spurður hvernig sambandið við unnustuna gengi nú þegar þau væru trúlofuð svaraði hann: „Við erum í það minnsta enn lofuð hvort öðru.“**


JÓLATILBOÐ
10 mm æfingadýna
65 cm bolti og
4 kg handlóðapar
11.290,-
14.900,-
JÓLATILBOÐ
Mongoose
Switchback Sport
hjálmur, blikkljós, bretti
og lás
59.900,-
75.200,-
JÓLATILBOÐ
Everlast boxpúði,
púðafesting og púðahanskar
27.900,-
34.880,-
JÓL Í GÁP
Æfingabekkur
Flottur stillanlegur bekkur
fótaréttu/kreppu
og Preacher curl
29.900,-
FRÁBÆR BEKKUR TIL AÐ
NOTA HEIMA
ÁSAMT HANDLÓÐUM
STIGA
SLEÐAR
verð frá:
11.990,-
SJÁÐU VERÐIÐ!!!
EVERLAST
Mikið úrval af
Everlast box og
bardagavörum á
góðu verði
Lóðaplötur
stakar 25 og 50 mm
gúmmíklæddar með gripi
1-25 kg
650 kr/kg
HVERGI BETRA VERÐ
Kúluhjálmarnir
vinsælu til í
mörgum litum.
6.990,-
Hjólataska
Vatnsheld, þrískipt
á bögglaberann.
9.900,-
Stök
handlóðapör
1kg-30kg
VERÐ FRÁ
550 kr/kg
HVERGI BETRA VERÐ
Pioner
handlóðasett
20 kg. sett í tösku
9.990,-
12.990,-
HARÐI PAKKINN Í ÁR
Sigma Sport
hraðamælar
mælir hraða, vegalengd,
tíma og miklu meira.
verð frá:
3.990,-
WWW.GAP.IS
GAP
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-15
mongoose
alvöru hjól












HELGI JEAN CLAESSEN Helgi hefur gefið út ádeilubók þar sem Jón stóri er í forgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# GERIR GRÍN AÐ JÓNI STÓRA

**Helgi Jean Claesson hefur sent frá sér bók þar sem hinn umdeildi Jón stóri er til umfjöllunar.**

„Ég sá hann fyrst í ræktinni. Þá kom hugmyndin upp þegar ég sá hann tróna yfir öllum,“ segir rithöfundurinn og spéfuglinn Helgi Jean Claessen. Hann hefur gefið út sína fjórðu ádeilubók og í þetta sinn er hinn umdeildi Jón stóri, eða Jón Hilmar Hallgrímsson, í forgrunni. Jón var í fjölmiðlum fyrr á árinu í tengslum við Kúbverjamálið svokallaða.

„Ég sendi honum skilaboð á Facebook og hitti hann heima hjá honum því ég hafði engan sérstakan áhuga á að gera þetta án þess að vera búinn að spyrja hann. Ég var svolítið smeykur við að bera undir hann þessa hugmynd að ég mætti gera grín að honum. Ég var einhvern veginn viðbúinn öllu en svo brást hann mjög vel við,“ segir Helgi, sem á síðasta ári gaf út bók um Facebook með Sölva Tryggvasyni.

Að sögn Helga er nýja bókin undir áhrifum frá Íslandsklukku Halldórs Laxness þar sem persóna Jóns stóra er byggð á kotbóndanum Jóni Hreggviðssyni. Inn í söguna fléttast svo borgarstjórinn Jón Gnarr og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. „Þetta tekur svolítið á tabúunum í þjóðfélaginu,“ segir Helgi um bókina og segist ekki vera að upphefja Jón stóra með skrifum sínum, heldur velta fyrir sér þeim áhuga sem almenningur og fjölmiðlar hafa á honum. „Væri sama umfjöllun ef Jón væri sköllóttur miðaldra maður sem hefði verið að svindla út úr banka? Það er öllum sama um það einhvern veginn.“

Í lok bókarinnar tekur Helgi viðtal við Jón. „Við förum í gegnum uppvöxtinn. Þar er máluð dökk mynd af þessum heimi neyslunnar sem hann hefur reynslu af. Þarna opnar hann sig í fyrsta skipti og talar um þetta,“ segir ádeiluhöfundurinn.

freyr@frettabladid.is






58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# sport

sport@frettabladid.is



**FH-INGAR** urðu í gær síðastir til að tryggja sér sæti í undanúrslitum Eimskips-bikars karla þegar þeir lögðu 1. deildarlið ÍR naumlega 24-23 í spennandi leik. Breiðhyltingar leiddu með einu marki í hálfleik en með naumindum tókst FH að snúa við blaðinu. Auk FH verða Fram, Valur og Akureyri í pottinum þegar dregið verður í undanúrslit bikarsins.



**UTAN VALLAR**

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**

segir sína skoðun

## Komið að kaflaskilum

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta ritar nýjan kafla í sögu sína í dag þegar úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins hefst í Danmörku og Noregi í dag. Aldrei áður hafa íslensku konurnar komist í úrslit stórmóts í handbolta og er því um sögulega stund að ræða þegar flautað verður til leiks í Árósum í kvöld.

Fyrsti mótherjinn er öflugt lið Króatíu. Reyndar eru öll liðin í riðli Íslands gríðarlega sterk og bíður því liðsins ærið verkefni. Fyrirfram er talið að Ísland eigi minnstan möguleika á því að komast áfram upp úr riðlinum – það er að minnsta kosti skoðun annarra en Íslendinga.



Fyrsti leikurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir íslenska liðið. Króatía er líklega með lakara lið en bæði Svartfjallaland og Rússland sem Ísland mætir síðar í vikunni. Þar að auki er ekki búist við miklu af íslenska liðinu og því verður eitt sterkasta vopn liðsins að geta komið andstæðingnum á óvart. Ef eitthvert vanmat verður til staðar hjá Króötum þarf að nýta það til fulls.

Dagskipunin hjá Júlíusi Jónassyni landsliðsþjálfara er einföld: berjast eins og ljón í vörninni, vera skynsöm í sókninni og sækja hratt á andstæðinginn þegar tækifærið gefst. Það er einnig gríðarlega mikilvægt að gefast ekki upp þótt á móti blási á fyrstu mínútum leiksins. Íslenska karlalandsliðið hefur margoft sýnt í leikjum sínum gegn sumum Balkanþjóðunum að þær geta verið fljótar að brotna við minnsta mótlæti. Króatía hefur á sterku liði að skipa en hefur aldrei komist mjög langt á stórmóti í handbolta. Það er ekki nóg að vera sterkari á „pappírnum“ margfræga.

Það var ekki annað að sjá á stelpunum en að þær væru gríðarlega vel stemmdar fyrir átökin sem eru fram undan hér í Árósum. Það ríkir mikil gleði meðal leikmanna en það mátti einnig sjá á þeim að þær vita vel hvað þarf til á morgun. Einbeitingin leyndi sér ekki á æfingu í íþróttahöllinni í Árósum í gærmorgun.

Liðið náði gríðarlega mikilvægum áfanga með því að tryggja sér þátttökurétt í sjálfri úrslitakeppninni og þar með brjóta niður þann þykka múr. En nú er komið að því að sýna að það búi jafnvel enn meira í liðinu. Markmiðið er að komast í milliriðlana og ekki ólíklegt að það þurfi ekki nema einn sigurleik til þess. En það dylst engum að verkefnið er afar erfitt enda gríðarlega sterk lið í riðli Íslands – reyndar eru allir fjórir riðlarnir á mótinu afar sterkir.

Handboltanum hafa oft fylgt óvænt úrslit og til eru mörg dæmi þess að „litlu liðin“ hafa oftar en ekki komist lengra á mótum sem þessum en nokkur hafði búist við fyrirfram. Það er hægt að ná langt með réttu hugarfari og mikilli baráttu. Íslensku landsliðskonurnar eru vel meðvitaðar um það og munu mæta dýrvitlausar til leiks í dag.



**ÞJÁLFARINN AFSLAPPAÐUR** Júlíus Jónason á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN



**Á ÆFINGU Í GÆR** Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirliði íslenska liðsins, sést hér á æfingu í Árósum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

# Ætlum að koma á óvart

**Ísland hefur í dag leik á EM í Danmörku og Noregi er liðið mætir Króatíu í Árósum. „Við ætlum að sýna þeim að við erum betri en þær halda,“ segir Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari. Rakel Dögg Bragadóttir er vongóð fyrir leikinn.**

**HANDBOLTI** EM í handbolta hefst í Noregi og Danmörku í dag og mætir Ísland sterku liði Króata í fyrsta leik í Árósum. Íslenska liðið æfði í keppnishöllinni í gær og er klárt í slaginn fyrir átök dagsins.

„Mér líst vel á mitt lið,“ sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari eftir æfinguna í gær. „Það er mikið búið að tala um þær þjóðir sem við erum að fara að spila við og meta þeirra styrkleika. Við vitum alveg hvað liðin geta. Mínir leikmenn þurfa þó fyrst og fremst að einbeita sér að okkar leik og hvernig við ætlum að tækla verkefnið.“

Ísland er í sterkum riðli á mótinu og mætir Svartfellingum og Rússum síðar í vikunni. Þrjú af fjórum liðum komast áfram í milliriðlakeppnina og er markmið Íslands að komast þangað. Til þess þarf liðið að vinna minnst einn leik.

„Eins og alltaf í alþjóðlegum handbolta er lykilatriði að hafa vörn og markvörslu í lagi. Við þurfum einnig að spila skynsamlega í sókninni og nýta okkur hraðann, án þess þó að gera mikið af mistökum. Króatarnir búast greinilega ekki við miklu af okkur og því liggur ef til vill okkar styrkur fyrst og fremst í því að vera betri en þær halda. Við ætlum að koma þeim á óvart.“

Hann segir að undirbúningurinn hafi gengið vel þó svo að liðið hafi ekki spilað æfingaleik gegn Spánverjum á sunnudaginn eins og áætlað var. Spænska liðið komst ekki til Danmerkur í tæka tíð vegna verkfalls flugumferðarstjóra á Spáni.

„Þetta er eitt af því sem getur gerst og við látum það ekki hafa áhrif á okkur. Það er mikil og góð stemning í leikmannahópnum en einnig mikill metnaður. Þær gera sér grein fyrir því að verkefnið verður erfitt. En við ætlum að hafa gaman af þessu og skemmta okkur vel eins og við höfum alla tíð gert.“

Júlíus segir það eðlilegt að einhver sviðsskrekkur verði hjá leikmönnum sem spila sinn fyrsta leik á stórmóti í dag. „Það er ekkert óeðlilegt og við verðum að taka á því þegar þess gerist þörf. Við erum búin að undirbúa liðið eins vel og kostur er, meðal annars hvernig eigi að takast á við álagið og athyglina sem fylgir því að spila á móti sem þessu. Við munum reka okkur á veggi en við getum brugðist við því.“

Rakel Dögg Bragadóttir fyrirliði sagði það vera grundvallaratriði að spila öflugan varnarleik gegn Króatíu í dag. „Þær eru með góðar skyttur og við þurfum að vera mjög grimmar í okkar varnarleik til að stöðva þær. Ég hef engar áhyggjur af markvörslunni – hún kemur með góðum varnarleik. Með varnarleiknum koma einnig hraðaupphlaupin og auðveldu mörkin. Þetta er algjört lykilatriði fyrir okkur ætlum við okkur að ná stigi eða stigum úr leiknum í dag. Við þurfum einnig að passa upp á að gera ekki mikið af mistökum og vera skynsamar í sóknarleiknum. Ef þetta allt gengur eftir er ég mjög bjartsýn fyrir leikinn,“ segir Rakel.

„Það sagði við mig góður maður að það væru alltaf óvænt úrslit í fyrstu umferðinni á stórmótum. Króatarnir þekkja okkur ekki það vel og sáu bara að við töpuðum stórt fyrir Noregi um síðustu helgi. En ég á ekki von á öðru en að þær mæti klárar í slaginn,“ bætir Rakel við.

Hún segir að mótinu sé ekki lokið þó svo að leikurinn tapist í dag. „Fyrsti leikurinn er alltaf erfiður. Við rennum blint í sjóinn og þær líka. En sama hvernig fer þá eigum við alltaf tvo leiki eftir. Möguleikinn verður enn til staðar.“



**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
skrifar frá Árósum
eirikur@frettabladid.is

Íslenska karlalandsliðið mætir Svíum í undanúrslitum heimsbikarsins í kvöld:

# Vill sjá framfarir frá því síðast

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið mætir Svíum í kvöld í undanúrslitum heimsbikarsins og spilar síðan annaðhvort til úrslita (sigur) eða um 3. sætið (tap) á móti Dönum eða Norðmönnum á morgun. Ólíkt fyrri heimsbikarkeppnum er nú um að ræða tveggja daga hraðmót þar sem Norðurlandaþjóðirnar fjórar taka þátt.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari getur ekki teflt fram sínu besta liði á mótinu en vonast engu síður til að sjá liðið spila betur en í leikjunum á móti Austurríki og Lettlandi.

„Það vantar auðvitað ansi mikið í liðið en það er þó ákveðinn kjarni hérna og við eigum að geta spilað ágætis vörn,“ sagði Guðmundur í gær. Meðal annars vantar báða markverði liðsins því Björgvin Páll Gústavsson og Hreiðar Levý Guðmundsson fengu ekki leyfi frá félögum sínum þar sem þetta er ekki opinber landsleikjadagur.

„Það verður fróðlegt að sjá hvernig markvarslan verður því þeir Birkir og Sveinbjörn verða bara að vera tilbúnir í þetta,“ sagði Guðmundur. Hann var þá enn að bíða eftir því að Aron Pálmarsson og Ingimundur Ingimundarson mættu á svæðið. „Það er enginn undirbúningur því við fáum eina æfingu og svo eru bara leikirnir,“ segir Guðmundur.

„Við erum fyrst og síðast að horfa á okkur sjálfa. Við þurfum að vinna í ákveðnum málum og laga ákveðna hluti hjá okkur og ég er því bara að einblína á mitt lið,“ segir Guðmundur og hann vill sjá allt annan og betri leik en í tapinu á móti Austurríki í undankeppni EM.



„Ég hlakka til að sjá hvar menn standa. Við vorum ekki að leika vel þegar við komum síðast saman í lok október. Þess vegna er ég forvitinn að sjá hvar liðið stendur. Við þurfum að sjá ákveðnar framfarir frá því síðast. Ég vil sjá meiri hraða í sóknarleiknum og ég vil sjá grimman varnarleik,“ segir Guðmundur. Leikur Íslands og Svíþjóðar hefst klukkan. 19.20 og er í beinni á Stöð 2 Sport en á undan verður leikur Dana og Norðmanna einnig sýndur. - óój

Liverpool vann Aston Villa án þriggja lykilmanna:

# Enginn söknuður

**FÓTBOLTI** Liverpool stökk upp í áttunda sæti úrvalsdeildarinnar með öruggum 3-0 sigri á Aston Villa á Anfield í gær. Fernando Torres var ekki með í leiknum þar sem hann fór á fæðingardeildina með konu sinni. Þá eru Jamie Carragher og Steven Gerrard á meiðslalistanum en óhætt er að segja að þessara lykilmanna hafi ekki verið saknað í gær.

Gerard Houllier, stjóri Aston Villa, var mættur á Anfield í fyrsta sinn síðan hann lét af störfum sem knattspyrnustjóri Liverpool en endurkoma hans varð að martröð snemma leiks.

David Ngog braut ísinn með marki eftir hornspyrnu á 14. mínútu og tveimur mínútum síðar bætti Ryan Babel við öðru marki fyrir heimamenn. Þar sem Torres gat ekki tekið þátt í leiknum fékk Babel óvænt tækifæri í byrjunarliðinu og það ákvað sá hollenski að nýta sér. Bitlausir gestirnir náðu ekki að koma sér á blað og Maxi Rodríguez innsiglaði öruggan sigur Liverpool í seinni hálfleik.

Aston Villa er sem stendur í sextánda sæti, aðeins tveimur stigum fyrir ofan fallsæti. - egm





**GREIP GÆSINA** Babel skoraði eitt af mörkum Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

Ísland - Króatía á EM kvenna í kvöld

# Áfram Ísland!



Hvort sem það er stöngin inn eða stöngin út, öruggur sigur eða óvænt tap, tvær mínútur á þær eða okkur, glæsileg línusending sem endar með marki eða augljóst brot og ekkert dæmt, styðjum við íslenska kvennalandsliðið á EM í Danmörku og Noregi. Míla sér um að leikirnir berist hratt og örugglega til landsins og í sjónvarpið þitt.

míla
Lífæð samskipta

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM44547

> **Brad Pitt**

„Árangur er eins og ófreskja. Árangur getur flutt áherslunа frá því góða og yfir á það slæma. Ef þú nærð árangri kemst þú upp með svo miklu meira í stað þess að horfa inn á við og vinna í þínum málum.“

***Brad Pitt fer með aðalhlutverk í vestranum The Assassination of Jesse James sem hefst kl. 22 á***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FÍLAR KLASSÍSKA AFÞREYINGU

# *Gamlir góðir vinir og nýir gamlir*

Sumar klassískar myndir fara gersamlega fram hjá manni. Jafnvel myndir sem „allir“ hafa séð á borð við When Harry Met Sally sem kom í bíóhús 1989. Þá mynd sá ég ekki fyrr en um daginn þegar hún var sýnd á Bíórás Stöðvar 2. Þá loks gat ég séð í fullri lengd fullnægingaratriðið víðfræga sem Meg Ryan túlkaði svo frábærlega.

Í raun er bíórásin á margan hátt alveg frábær stöð. Þar má endurvekja gömul kynni af ýmsum perlum og jafnvel kynnast öðrum gömlum perlum í fyrsta sinn. Undanfarið hafa nokkrir góðir hittarar verið sýndir á stöðinni. Sem dæmi má nefna Mermaids, Romeo and Juliet, Reality Bites og Back to the Future. Á Facebook voru reyndar misjafnar skoðanir um gæði síðastnefndu myndarinnar en ég tel hana algera klassík og eiga fullt erindi enda markaði myndin tímamót í tæknivinnslu.

Reyndar þykja mér svona gamlar og klassískar myndir frá níunda og tíunda áratugnum allt of fáséðar á Bíórásinni. Of mikið er af rusli sem er endurtekið sí og æ. Ég óska því hér með eftir fleiri sígildum meistaraverkum, til dæmis Highlander 1, Terminator 1 og jafnvel Pretty Woman. Einnig Romancing the Stone, Gremlins 1, Goonies, Indiana Jones, Star Wars 1, 2 og 3, Working Girl, Witches of Eastwick, Alien og Ghost Busters.






## SJÓNVARPIÐ

**15.30 Handboltinn** (e)
**15.55 Þýski boltinn** (e)
**16.50 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Friðþjófur forvitni** (14:20)
**17.55 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Veðurfréttir**
**19.05 EM kvenna í handbolta** (Ísland - Króatía) Bein útsending frá leik Íslendinga og Króata í úrslitakeppni Evrópukeppni kvennalandsliða í handbolta
**20.45 Skólaklíkur** (30:34) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**21.30 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu.
**22.05 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Börnin** (2:3) (The Children) Breskur myndaflokkur í þremur þáttum. Breskur myndaflokkur í þremur þáttum. Þegar yfirkennarinn Cameron kemur heim til sín er lögreglan á staðnum og greinilegt að eitthvað hræðilegt hefur komið fyrir. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)
**00.00 Fréttir** (e)
**00.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.35 Surrogates**
**08.05 The U.S. vs. John Lennon**
**10.00 How to Eat Fried Worms**
**12.00 Mermaids**
**14.00 The U.S. vs. John Lennon**
**16.00 How to Eat Fried Worms**
**18.00 Mermaids**
**20.00 Surrogates**
**22.00 The Assassintation of Jesse James**
**00.35 Angel-A**
**02.05 Witness**
**04.00 The Assassintation of Jesse James**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Litla risaeðlan
**07.40 Galdrabókin** (7:24)
**07.50 Bratz**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.10 The Amazing Race** (1:11)
**10.55 Total Wipeout** (2:12)
**11.55 Monk** (10:16)
**12.40 Nágrannar**
**13.05 Frasier** (10:24)
**13.30 Stormbreaker**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Háheimar**
**15.50 Nonni nifteind**
**16.15 Ben 10**
**16.40 Strumparnir**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 The Simpsons** (8:22)
**17.55 Nágrannar**
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (14:19)
**19.55 How I Met Your Mother** (7:22)
**20.20 Modern Family** (2:22) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**20.50 The Middle** (19:24)
**21.15 Two and a Half Men** (7:22)
**21.45 Chuck** (4:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**22.35 The Shield** (13:13)
**23.50 Daily Show: Global Edition**
**00.15 Gossip Girl** (4:22)
**01.00 Hawthorne** (1:10)
**01.50 Medium** (10:22)
**02.35 Nip/Tuck** (9:19)
**03.20 Stormbreaker**
**04.55 Chuck** (4:19)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.35 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**16.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**16.55 Heimsbikarinn í handbolta – upphitun** Þorsteinn Joð fær til sín góða gesti og hitar upp fyrir leikina í Heimsbikarmótinu í handknattleik í Svíþjóð.
**17.25 Danmörk - Noregur**
**19.25 Svíþjóð - Ísland**
**22.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin – meistaramörk**
**22.40 Meistaradeild Evrópu: Köbenhavn - Panathinaikos** Útsending frá leik FC Köbenhavn og Panathinaikos í Meistaradeild Evrópu.
**00.30 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Valencia** Útsending frá leik Manchester United og Valencia í Meistaradeild Evrópu.
**02.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin – meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Aston Villa**
**15.55 Man. City - Bolton** Útsending frá leik Manchester City og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Football Legends - Maradona** Þættir um bestu knattspyrnumenn veraldar fyrr og síðar en í þessum þætti verður fjallað um sjálfan kónginn, Diego Armando Maradona.
**19.00 WBA - Newcastle**
**20.45 Sunderland - West Ham**
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Chelsea - Everton** Útsending frá leik Chelsea og Everton.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 90210** (5:22) (e)
**15.55 Rachael Ray**
**16.40 Dr. Phil**
**17.20 Parenthood** (9:13) (e)
**18.05 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir - Lokaþáttur** (10:10) (e)
**18.55 Real Hustle** (1:20)
**19.20 Rules of Engagement** (10:13) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (3:39)
**20.10 Survivor - NÝTT!** (1:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir.
**21.00 Nýtt útlit - Lokaþáttur** (12:12)
**21.50 Nurse Jackie** (10:12) .
**22.20 United States of Tara** (10:12) Skemmtileg þáttaröð um húsmóður með klofinn persónuleika.
**22.50 Jay Leno**
**23.35 CSI: New York** (18:23) (e)
**00.25 The Cleaner** (8:13) (e)
**01.10 Nurse Jackie** (10:12) (e)
**01.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.50 Golfing World** (e)
**13.30 Dubai World Championship** (1:4) (e)
**17.30 Golfing World** (e)
**19.10 Ryder Cup Official Film 2006**(e)
**20.25 European Tour** (9:10) (e)
**21.15 PGA Tour Yearbooks** (9:10)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 The Open Championship Official Film 2009** (e)
**23.45 Golfing World** (e)
**00.35 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**19.40 Gossip Girl** (14:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.25 Ástríður** (2:12) Það er Valentínusardagur og Ástríður hefur engan til að senda sér blóm en hún er ráðagóð og leysir málið með því að senda sér sjálf.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (4:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
**22.35 Undercovers** (1:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles.
**23.20 The Event** (10:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef.
**00.05 Dollhouse** (10:13) Spennuþáttaröð sem gerist í nánni framtíð.
**00.55 Unhitched** (6:6)
**01.20 Ástríður** (2:12)
**01.50 Gossip Girl** (14:22)
**02.35 The Doctors**
**03.15 Sjáðu**
**03.45 Fréttir Stöðvar 2**
**04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Græðlingur**
**23.30 Svartar tungur**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.35**
**The Shield**

Það er komið að lokaþættinum um Vic og félaga hans í sérsveit lögreglunnar í Los Angeles. Það eru ýmis mál enn óuppgerð og óhætt að lofa mikilli dramatík í lokin. Þátturinn er lengri en venjulega.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Íslenskar bækur og bókakaupstefnan í Frankfurt **14.03** Snúningar - Íslenska hljómplatan í 100 ár **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.30** The Weakest Link **13.15** Deal or No Deal **13.50** Monarch of the Glen **14.40** ,Allo ,Allo! **15.15** ,Allo ,Allo! **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Hustle **17.05** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Life of Riley **19.30** Gavin & Stacey **20.00** After You've Gone **20.30** The Inspector Lynley Mysteries **21.15** Whose Line Is It Anyway? **21.40** Life of Riley **22.10** Gavin & Stacey **22.40** After You've Gone **23.10** EastEnders **23.40** Monarch of the Glen

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** Ikonmaleren **13.00** Niklas' mad **13.30** Fra hus og hjem **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Svampebob Firkant **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Hammerslag **19.30** Stemmer fra Vollsmose **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Stemmer fra Vollsmose **21.30** Johan Falk: Leo Gaut **23.00** Udfordring: Guantanamo **23.55** Boogie Mix

## NRK 1

**12.05** Spekter **12.50** Klasse 10 B **13.30** Det søte liv **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.05** Filmavisen 1960 **15.15** Hjarte i Afrika **16.00** NRK nyheter **16.10** Hjemme hos Bye & Rønning **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** Matlyst **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Jenter med baller **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Tekno **23.15** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Livet på landet **12.50** Mannekäng i rött **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Ung & bortskämd **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Vem tror du att du är? **20.00** Veckans brott **21.00** Familia **22.20** Min jul **22.25** State of Mind **23.10** Starke man **23.40** Kinas mat







## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt franskan morgunmat sem samanstendur af kaffibolla og sígarettu.“*

Valdís Thor ljósmyndari.

# André Bachmann lagður inn á sjúkrahús

„Hann vaknaði um daginn með þvílíka magapínu sem endaði með því að hann var lagður inn,“ segir Jóhannes Bachmann, bróðir André Bachmann sem hefur skipulagt jólaball fatlaðra undanfarin ár.

Jólaballið verður haldið á Hilton-hótelinu á miðvikudaginn og heiðursgestir verða forsetahjónin, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. Jói sér um skipulagninguna í fjarveru bróður síns og eins og staðan er í dag treystir André sér ekki til að mæta. „Ég er búinn að vera með honum í þessu í gegnum árin og þekki þetta allt saman mjög vel. Ég sagði honum að það væri langt í samkvæmið og hann skyldi bara hafa sig hægan og góðan,“ segir Jói sem telur veikindin ekki alvarleg og vonast til að sjá bróður sinn á ballinu þrátt fyrir allt. „Ég sagði við hann að hann ætti ekkert bágt við hliðina á þessu fólki. Ef hann kemur gerir hann það sem ég skipa honum, að sitja á rassinum og njóta kvöldsins. Þá myndi þetta vera í fyrsta sinn sem hann myndi fá að njóta samveru með fólkinu í staðinn fyrir að vera á bak við og reka á eftir skemmtikröftunum og skipuleggja.“

Jói segir viðbrögðin við þessu 28. jólaballi hafa verið sérlega góð en á meðal þeirra sem troða upp verða Bubbi, The Charlies og Ingó Veðurguð. „Við höfum talað um það bræðurnir að við ætlum að halda þetta út í þrjátíu ár. Svo sjáum við til hvort við tökum önnur tíu,“ segir hann og hlær.

**- fb**



**ANDRÉ BACHMANN** Liggur á sjúkrahúsi með magapínu og gæti misst af sínu fyrsta jólaballi í 28 ár.


*Jólaskeiðin 2010*

Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 64 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.



**Verð kr. 15.500.-**
Staðgreitt kr. 14.700.-

*Guðlaugur A. Magnússon*
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is


ATLI FREYR SVEINSSON: ÞETTA ER MIKILL HEIÐUR FYRIR OKKUR

# Inspired By Iceland tilnefnd til virtra verðlauna

Ein umfangsmesta og umtalaðasta auglýsingaherferð sem ráðist hefur verið í hér á landi, Inspired by Iceland, er tilnefnd til tveggja verðlauna á einni glæsilegustu auglýsingahátíð Evrópu, European Exellence Awards. Verðlaunin verða veitt á fimmtudaginn við hátíðlega athöfn í Prag.

Inspired By Iceland er tilnefnd í flokki bestu herferða Norðurlandanna og keppir þar við risa á borð við Coca Cola. Auk þess er hún tilnefnd í flokknum krísu-stjórnun en þar er að finna herferðir sem leitast við að lappa upp á eða bjarga löskuðum ímyndum hjá stórfyrirtækjum. Keppinautar Íslands í þeim flokki eru meðal annars hergagnafyrirtækið BAE og bílarisinn Saab.

„Í ljósi alls þess sem á undan er gengið þá erum við mjög ánægð og þetta er mikill heiður fyrir okkur,“ segir Atli Freyr Sveinsson, framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar, en hún var leiðandi aðili í skipulagningu herferðarinnar sem var ýtt úr vör þegar eldgosið í Eyjafjallajökli lamaði flugsamgöngur um Evrópu. Allt kapp var lagt á að bjarga íslenskum ferðamannaiðnaði og lögðu stjörnur á borð við Eric Clapton, Viggo Mortensen og Yoko Ono lóð sitt á vogarskálarnar. Flaggskipið var heimasíðan InspiredbyIceland.com en samkvæmt skýrslu sem var unnin um herferðina er talið að gestir hennar nemi í kringum þremur milljónum og enn þann dag í dag heimsækja hana sjö þúsund gestir á hverjum degi.

Atli segir keppnina vera einstaka, hún sé ekki bara hönnunarkeppni heldur sé einnig verið að verðlauna fyrir framúrskarandi árangur á sviði boðskipta og samskipta, eitthvað sem Inspired By Iceland gerði mikið út á.

„Mörgum fannst 700 milljónir mikill peningur og hann er það á íslenskan mælikvarða. En ekki á heimsmælikvarða. Kanaríeyjar fóru til að mynda í herferð á svipuðum tíma og eyddu í hana fjórum milljörðum og Queensland í Ástralíu fór í svipaða herferð og notaði til þess tuttugu milljarða.“

Atli segir að þeir hafi þurft að reiða sig á aðra hluti eins og netið, og þar sannaðist rækilega gildi Facebook, Twitter og bloggsins við að breiða út boðskapinn. Atli ætlar sjálfur að vera viðstaddur ásamt öðrum samstarfsfélaga sínum. Hann er hóflega bjartsýnn á sigur. „Það er valið úr fimmtán hundruð umsóknum og það er mjög góð viðurkenning að vera meðal fimm bestu.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ATHYGLISVERÐ** Inspired By Iceland hefur vakið mikla athygli en herferðin er tilnefnd í tveimur flokkum hjá European Exellence Awards. **Atli Freyr** er framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar sem var einn skipuleggjenda herferðarinnar.


ALLT FYRIR ÁSTINA?

*Myrkvun* er þriðja spennusagan í Twilight-seríunni. Magnþrungin, heillandi og háskalega rómantísk saga.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*„Ég gat ekki hætt að lesa ... besta bókin af þeim þremur sem komnar eru.“*

KÓS / MIDJAN.IS


# Ingó fluttur í fyrstu íbúðina

„Þetta leggst bara vel í mig,“ segir Ingólfur Þórarinsson, eða Ingó eins og hann er jafnan kallaður, en hann er fluttur frá Selfossi og í sína fyrstu íbúð.

Fréttablaðið sagði frá því í september að Ingó væri búinn að festa kaup á íbúð í Gerðunum í Reykjavík og áætlað væri að hann myndi flytja inn í byrjun desember. Hann er nú fluttur inn og byrjaður að innrétta. „Ég fór frekar oft í IKEA í síðustu viku, er búinn að skrúfa saman nokkur borð og mamma kom og hengdi upp myndir,“ segir Ingó.

Hann segir jafnframt að búið sé að vígja eldhúsið en að það hafi ekki verið í hans höndum. „Ég bauð nokkrum vinum mínum í heimsókn og sagði við einn þeirra að ef hann ætlaði að koma, þá yrði hann að elda.“ Ingó segir að fyrsta Bónusferðin verði samt að bíða, þar sem hann sé ekki enn þá kominn með ísskáp. Hann telur sig ekki vera góðan kokk en ætlar samt að láta reyna á hæfileikana. „Ég held að þetta geti ekki verið mikið mál, maður hefur séð alls konar vitleysinga elda mat,“

Þegar Ingó festi kaup á íbúðinni sagði hann að innflutningspartíið stæði fram í febrúar. Er Ingó búinn að halda partí? „Já nokkur, en þau verða samt fleiri. Maður á vini héðan og þaðan.“ Hann segist ekki hafa fengið margar innflutningsgjafir en að það sé í lagi. „Ég sagði við vini mína að þeir ættu frekar að koma og fylla húsið af stemningu heldur en að gefa mér einhverjar gjafir,“ segir Ingó.

**- ka**



**SÁTTUR Á NÝJA STAÐNUM** Ingó er fluttur inn í íbúðina sína og búinn að fara nokkrar ferðir í IKEA. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI AFÞREYING

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

vísir.is






**Staybridge Suites**

**Topp 10 á Tripadvisor yfir fjölskylduvænustu hótelin í Orlando!**

Staybridge Suites er gott íbúðahótel staðsett í Lake Buena Vista. Hótelið býður uppá fríar ferðir til og frá skemmtigörðunum á Orlando svæðinu. Veitingahús og verslanir í göngufæri. Morgunverðarhlaðborð innifalið.

**VERÐ FRÁ:**

**119.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

**Brottför:** 2. apríl – 8 nætur

**HÚS MEÐ EINKASUNDLAUG**

**Alamo Vacation Homes**

**FRÁBÆR FJÖLSKYLDUKOSTUR!**

Um er að ræða íbúðir með 2 eða 3 svefnherbergjum og hús með 3 svefnherbergjum. **Einnig hægt að fá stærri hús. Stærri húsin eru með einkasundlaug.**

**VERÐ FRÁ:**

**97.200 kr.***

á mann m.v. 8 einstaklinga í stærra húsi með einkasundlaug.

**Brottför:** 2. apríl – 8 nætur

ÚRVAL·ÚTSÝN

Sími 585 4000

MEIRA Á

**urvalutsyn.is**

Ferðaskrifstofa

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hrifning í New York

Fjölmiðlar í New York voru duglegir að hrósa íslenskum listamönnum um helgina og í síðustu viku. New York Times valdi Harðskafa **Arnaldar Indriðasonar** eina af bestu glæpasögum ársins og sagði hana vel til þess fallna að slá aðeins á hátíðarskapið ef einhver skyldi vera í þannig skapi enda sé hún nístandi hugleiðing um sjálfsvígshneigð á Íslandi. New York Magazine hrósaði svo um helgina Hamskiptum Vesturports og þá er Fréttablaðið þegar búið að greina frá því að New York Times gaf sömu sýningu nánast fullt hús.



### Bensín í bókabúðina?

**Bjarni Harðarson**, upplýsingafulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, rekur bókabúð á Selfossi. Í gær fann hann sér þó tíma til að blogga á netinu og rifjar upp hvernig hann gat fyrir margt löngu á ferðalagi á vespu í Saharaeyðimörkinni, á svæðum utan dreifisvæðis bensínstöðva, fengið keypt bensín í gler-kókflöskum sem börn buðu til sölu. „Það vill til að ég sel kók í gleri hér í bókakaffinu og núna þegar bensínstöðvar landsins eru farnar að selja bækur þá veit ég ekki nema okkur bóksölum þessa lands beri skylda til að bjóða upp á bensín. Nóg er hér af glerinu,“ segir Bjarni og bætir við að vitanlega verði sömu viðskiptahættir viðhafðir og á bensínstöðinni sem selur bækurnar án skiláréttar. „Þetta verður alveg eins með bensínið hjá mér, það fær enginn að skila því sem keypt hefir.“



- fgg / óká

## Mest lesið vísir.is


1 Pilti gert að fara frá fjölskyldu sinni
2 Hugsaði um Guð og jörðina áður en hann steyptist í hafið
3 Sittu heima ódámurinn þinn
4 Átta hjólreiðamenn biðu bana
5 „Þá koma bara eldtungurnar á móti okkur“



ÍSLENSKU STJÖRNURNAR
FORLAGIÐ
Gullfalleg ljósmyndabók




